

ÁFANGASTAÐURINN REYKJANES

ÞRÓUN FERÐAMÁLA Í SÁTT
VIÐ NÁTTÚRU OG SAMFÉLAG
2018 - 2021



REYKJANESIÐ ER LÍFÆÐ LANDSINS ÞAR SEM ÆGIFEGURÐ FYLGIR ÞÉR HVERT FÓTMÁL

ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN REYKJANESS ER UNNIN SAMKVÆMT STEFNU STJÓRNVALDA UM ÞRÓUN FERÐAMÁLA Á LANDSVÍSU

Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála hafa frá árinu 2016 leitt vinnu við gerð áfanga-
staðaáætlana fyrir alla landshluta - DMP (e. Destination Management Plans) í samvinnu við
markaðsstofur landshlutanna sem fara með verkefnisstjórn áætlanagerðarinnar á sínum svæðum.

Verkefnastjórar fyrir áfangastaðaáætlun Reykjaness voru Þuríður H. Aradóttir Braun,
forstöðumaður Markaðsstofu Reykjaness og Eggert Sólberg Jónsson, forstöðumaður
Reykjanes Geopark.

Grafísk hönnun
Guðmundur Bernharð Flosason — M74. Studio.

Ljósmynd á forsíðu
Gunnahver, Ólafur Haukur Mýrdal — Ozzo.

Ljósmyndir
Ozzo — Ólafur Haukur Mýrdal, Snorri Tryggvason, Olgeir Andrésson.

Prentun
Litróf Prentsmiðja

EFNISYFIRLIT,
MYNDA- OG TÖFLUSKRÁ

EFNISYFIRLIT

1.	Samantekt	10	3.6.2	Landvarsla	29
2.	Áfangastaðaáætlanir	14	3.6.3	Sýslumaður	29
2.1	Hlutverk og gildi áfangastaðaáætlana	14	3.6.4	Löggæsla	29
2.1.1	Tækifæri og áskoranir	14	3.6.5	Heilsugæsla	30
2.1.2	Þörf fyrir heildstæða áætlanagerð	14	3.6.6	Slökkvilið og sjúkraflutningar	30
2.1.3	Hvað eru áfangastaðaáætlanir?	14	3.6.7	Almannavarnir	30
2.2	Mörk svæðisins	15	3.6.8	Þjörgunarsveitir og slysavarnadeildir	30
2.2.1	Tengsl við grannsvæði	15	3.6.9	Rauði krossinn	30
2.2.2	Áhrifasvæði	15	3.7	Menntun, rannsóknir og vöktun	30
2.3	Uppbygging og framkvæmd	16	3.7.1	Menntun og fræðsla	31
2.3.1	Svæðisráð DMP Reykjaness	16	3.7.2	Rannsóknastofnanir	31
2.3.2	Fjöldi áfangastaðaáætlana á Reykjanesi	17	4.	Stöðugreining - Ferðaþjónusta á Reykjanesi	34
2.3.3	Greining á stöðu svæðisins	17	4.1	Þjónusta - Þjónustuaðilar	34
2.3.4	Hagaðilagreining og aðkoma hagaðila	17	4.1.1	Sveitarfélög	34
2.3.5	Vinnuhópar fyrir áfangastaðaáætlun Reykjaness	18	4.1.2	Markaðsstofa Reykjaness	35
3.	Stöðugreining - Reykjanes	20	4.1.3	Reykjanes Unesco Global Geopark	36
3.1	Samfélagið	20	4.1.4	Upplýsingamiðstöðvar og gestastofur	36
3.1.1	Mannfjöldi	20	4.1.5	Ferðaskrifstofur	37
3.2	Náttúrufar og veður	21	4.1.6	Ferðaskipuleggjendur	37
3.3	Landslag og jarðfræði	22	4.1.7	Upplýsinga- og bókunarþjónusta	37
3.3.1	Reykjanes UNESCO Global Geopark	22	4.1.8	Gisting	37
3.3.2	Reykjanes fólkvangur	22	4.1.9	Veitingastaðir	38
3.3.3	Jarðskjálftavá	23	4.1.10	Farþegaflutningar og leyfishafar í leiguakstri	39
3.3.4	Eldgos	23	4.1.11	Matvara og verslanir	39
3.3.5	Ítarefni	24	4.1.12	Handverk og minjagripir	39
3.4	Landnotkun	24	4.1.13	Söfn og sýningar	40
3.4.1	Skógrækt	25	4.1.14	Golfvellir	40
3.4.2	Landbúnaðarnytjar	25	4.1.15	Sundstaðir og heitar laugar	40
3.4.3	Orkuvinnsla	25	4.2	Áfangastaðurinn Reykjanes	41
3.4.4	Veiðar og náttúrunytjar	25	4.2.1	Áhugaverðir staðir og útivistarsvæði	42
3.4.5	Iðnaður og efnistaka	25	4.2.2	Fjölsóttir áningarstaðir	42
3.4.6	Jarðvættir og minjar	26	4.2.3	Aðgengi áningarstaða	42
3.4.7	Kvikmyndataka og ljósmyndun	26	4.2.4	Öryggismál áningarstaða	43
3.5	Mannvirki og innviðir	26	4.2.5	Þolmörk umhverfisins	43
3.5.1	Samgöngur	26	4.2.6	Þolmörk samfélagsins	43
3.5.2	Sjóleið - Hafnir	27	4.2.7	Þolmörk innviða	44
3.5.3	Landleið – vegir	27	4.2.8	Þróun ferðamála á Reykjanesi	44
3.5.4	Loftleið - Keflavíkurlflugvöllur	27	4.2	Ábatagreining ferðaþjónustu á Reykjanesi	48
3.5.5	Almenningssamgöngur	28	4.2.1	Virðisikeðja ferðaþjónustunnar á Reykjanesi	49
3.5.6	Áningarstaðir og bílastæði	28	4.2.2	Hagaðilagreining	50
3.5.7	Útivistarstígar	29	4.2.3	Framlag ferðaþjónustu til svæðisins	50
3.6	Öryggismál	29	4.2.4	Hagræn áhrif ferðaþjónustu á áfangastaðinn	52
3.6.1	Upplýsingagjöf	29			

4.3	Stefnumótun og markaðsmál áfangastaðarins	53	4.3	Stefnumótun og markaðsmál áfangastaðarins	53
4.3.1	Markaðsgreining	53	4.3.1	Markaðsgreining	53
4.3.2	Ímynd svæðisins og aðdráttarafl	54	4.3.2	Ímynd svæðisins og aðdráttarafl	54
4.3.3	Mörkun - vörumerki og kynning	54	4.3.3	Mörkun - vörumerki og kynning	54
4.3.4	Markaðssetning	57	4.3.4	Markaðssetning	57
4.4	SVÓT-greining	59	4.4	SVÓT-greining	59
4.4.1	Styrkleikar	59	4.4.1	Styrkleikar	59
4.4.2	Veikleikar	59	4.4.2	Veikleikar	59
4.4.3	Ógnanir	60	4.4.3	Ógnanir	60
4.4.4	Tækifæri	61	4.4.4	Tækifæri	61
4.5	PESTLE – greining	62	4.5	PESTLE – greining	62
4.6	GAP-greining	65	4.6	GAP-greining	65
4.7	Helstu áskoranir	65	4.7	Helstu áskoranir	65
5.	Framtíðarmarkmið	68	5.	Framtíðarmarkmið	68
5.1	Framtíðarsýn	68	5.1	Framtíðarsýn	68
5.2	Tengsl við aðra áætlanagerð	68	5.2	Tengsl við aðra áætlanagerð	68
5.2.1	Landsáætlanir	68	5.2.1	Landsáætlanir	68
5.2.2	Svæðisáætlanir	68	5.2.2	Svæðisáætlanir	68
5.3	Meginmarkmið	69	5.3	Meginmarkmið	69
6.	Stefna og aðgerðaáætlun	72	6.	Stefna og aðgerðaáætlun	72
6.1	Hvernig ferðaþjónustu viljum við?	72	6.1	Hvernig ferðaþjónustu viljum við?	72
6.2	Helstu markaðir	72	6.2	Helstu markaðir	72
6.3	Möguleikar svæðisins	72	6.3	Möguleikar svæðisins	72
6.4	Lágmörkun neikvæðra áhrifa	72	6.4	Lágmörkun neikvæðra áhrifa	72
6.5	Aðgerðaáætlun	73	6.5	Aðgerðaáætlun	73
6.5.1	Uppbygging innviða	73	6.5.1	Uppbygging innviða	73
6.5.1.1	Umhverfismál og uppbygging áningarstaða	73	6.5.1.1	Umhverfismál og uppbygging áningarstaða	73
6.5.1.2	Mannauður – fræðsla – þekking	76	6.5.1.2	Mannauður – fræðsla – þekking	76
6.5.1.3	Gögn og rannsóknir	76	6.5.1.3	Gögn og rannsóknir	76
6.5.1.4	Verðmætasköpun og vöruþróun	77	6.5.1.4	Verðmætasköpun og vöruþróun	77
6.5.1.5	Upplýsingar og öryggi	78	6.5.1.5	Upplýsingar og öryggi	78
6.5.1.6	Samgöngumál	80	6.5.1.6	Samgöngumál	80
6.5.2	Áherslur í markaðsmálum	81	6.5.2	Áherslur í markaðsmálum	81
7.	Mælikvarðar	83	7.	Mælikvarðar	83
8.	Kostnaður, mannaflí og úrræði	84	8.	Kostnaður, mannaflí og úrræði	84
9.	Heimildaskrá	86	9.	Heimildaskrá	86
10.	Viðaukar	91	10.	Viðaukar	91

MYNDASKRÁ

Mynd 1:	Grunnþættir í ábyrgri þróun ferðaþjónustu	14	Mynd 1:	Grunnþættir í ábyrgri þróun ferðaþjónustu	14
Mynd 2:	Sveitarfélagaskipting á Reykjanesi	15	Mynd 2:	Sveitarfélagaskipting á Reykjanesi	15
Mynd 3:	Reykjanes	17	Mynd 3:	Reykjanes	17
Mynd 4:	Vörumerki Reykjanes Geopark	22	Mynd 4:	Vörumerki Reykjanes Geopark	22
Mynd 5:	Keflavíkurlflugvöllur	27	Mynd 5:	Keflavíkurlflugvöllur	27
Mynd 6:	Leiðakort strætó á Reykjanesi	28	Mynd 6:	Leiðakort strætó á Reykjanesi	28
Mynd 7:	Merki 2017 Top 100 Global Sustainable Destinations	41	Mynd 7:	Merki 2017 Top 100 Global Sustainable Destinations	41
Mynd 8:	Áherslusvæði uppbyggingar ferðamannasegla í Reykjanes Geopark	42	Mynd 8:	Áherslusvæði uppbyggingar ferðamannasegla í Reykjanes Geopark	42
Mynd 9:	Gestakomur á gististöðum á Reykjanesi. Hagstofa Íslands, 2017.	45	Mynd 9:	Gestakomur á gististöðum á Reykjanesi. Hagstofa Íslands, 2017.	45
Mynd 10:	Gistinætur á Reykjanesi. Hagstofa Íslands, 2017.	46	Mynd 10:	Gistinætur á Reykjanesi. Hagstofa Íslands, 2017.	46
Mynd 11:	Nýting hótela og gistiheimila eftir landshlutum 2013-2014 og 2015-2016 (Ferðamálastofa, 2017).	47	Mynd 11:	Nýting hótela og gistiheimila eftir landshlutum 2013-2014 og 2015-2016 (Ferðamálastofa, 2017).	47
Mynd 12:	Umferðartölur á helstu áningarstöðum á Reykjanesi. Reykjanes Geopark, 2018.	47	Mynd 12:	Umferðartölur á helstu áningarstöðum á Reykjanesi. Reykjanes Geopark, 2018.	47
Mynd 13:	Lykilþættir í uppbyggingu og þróun ferðaþjónustunnar	48	Mynd 13:	Lykilþættir í uppbyggingu og þróun ferðaþjónustunnar	48
Mynd 14:	Virðisikeðja ferðaþjónustunnar á Reykjanesi	49	Mynd 14:	Virðisikeðja ferðaþjónustunnar á Reykjanesi	49
Mynd 15:	Hagaðilar fyrir áfangastaðinn Reykjanes (sjá nánar í viðauka 11)	51	Mynd 15:	Hagaðilar fyrir áfangastaðinn Reykjanes (sjá nánar í viðauka 11)	51
Mynd 16:	Úr markaðsgreiningu fyrir áfangastaðinn Reykjanes. (Hvíta húsið, 2018)	56	Mynd 16:	Úr markaðsgreiningu fyrir áfangastaðinn Reykjanes. (Hvíta húsið, 2018)	56
Mynd 17:	Snertifletir aðla í markaðssetningu á áfangastað og ákvörðunarferli ferðamanns	57	Mynd 17:	Snertifletir aðla í markaðssetningu á áfangastað og ákvörðunarferli ferðamanns	57
Mynd 18:	Áherslur í markaðssetningu Reykjaness	57	Mynd 18:	Áherslur í markaðssetningu Reykjaness	57
Mynd 19:	Líftímakúrfa áfangastaðar	63	Mynd 19:	Líftímakúrfa áfangastaðar	63
Mynd 20:	Þættir sem einkenna uppbyggingu innviða á Reykjanesi	73	Mynd 20:	Þættir sem einkenna uppbyggingu innviða á Reykjanesi	73
Mynd 21:	Áherslusvæði uppbygginga innan Reykjanes Geopark	74	Mynd 21:	Áherslusvæði uppbygginga innan Reykjanes Geopark	74

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1:	Fjöldi ferðamanna til Íslands og hlutfall gesta sem heimsækja Reykjanesið skv. ferðakönnun á vegum Ferðamálastofu.	45	Tafla 1:	Fjöldi ferðamanna til Íslands og hlutfall gesta sem heimsækja Reykjanesið skv. ferðakönnun á vegum Ferðamálastofu.	45
Tafla 2:	Gestakomur, gistinætur og meðaldvalarlengd á Reykjanesi 2010-2016	46	Tafla 2:	Gestakomur, gistinætur og meðaldvalarlengd á Reykjanesi 2010-2016	46



HEILDRÆN STEFNA

1 STEFNA

Áfangastaðaáætlun Reykjaness er fyrsta heildræna stefnan sem unnin hefur verið fyrir svæðið í ferða-málum. Mikil vinna hefur farið fram innan svæðisins í samstarfi sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja í að vinna að stefnu innan svæðisins í skipulagsmálum, byggðaðþróun, uppbyggingu áningarstaða og markaðssetningu ferðamála sem hefur verið tekið saman í þessa áætlun sem nú liggur fyrir.

Reykjanesið er frekar ungur áfanga-staður á Íslandi og enn á uppgötvunar-stigi miðað við líftímakúrfu Butlers. Því fylgja áskoranir og verkefni sem mikilvægt er vinna að í samstarfi við hagaðila og ferðapjónustu á svæðinu til að tryggja sjálfbæra þróun greinar-innar í sátt við samfélag og umhverfi.

Tilgangur áfangastaðaáætlunar er að skerpa á hlutverki og ábyrgð þeirra sem koma að ferðamálum á svæðinu s.s. ríki, sveitarfélög, Reykjanes Geopark og Markaðsstofa. Áætluninni er ætlað að vera verkfæri til að fylgja eftir stefnumótun fyrir áfangastaðinn og móta leikreglur eða vinnuferla um markaðssetningu, uppbyggingu áningarstaða, útivist, vörupróun, fræðslu, aðra starfsemi og verndun. Þá eru settar upp í aðgerðaráætlun helstu aðgerðir í nánustu framtíð, rannsóknir og stök verkefni, ábyrgð á að hrinda þeim í framkvæmd, kostnaðarþátttöku og tímaáætlun eftir því sem upplýsingar liggja fyrir.

Áfangastaðaáætlunin tekur á heildar-myndinni fyrir Reykjanesið en ekki á einstaka verkefnum sem liggja fyrir hjá sveitarfélögum og gætu bæst við þessar aðgerðir. Slík áætlun kallar á frekari stefnumótunarvinnu inn í sveitarfélögin.

Þó áfangastaðurinn sé ungur þá er að finna innan svæðisins rótgróin og öflug fyrirtæki sem taka virkan þátt í því að þróa áfangastaðinn og byggja upp öflugan atvinnuveg á svæðinu.

Ferðapjónustan er stærsti atvinnu-rekandi Reykjaness með um 26% hlutdeild af atvinnumarkaðnum og hefur viðsnúningur í þeim efnum verið gífurlega hraður á síðustu fimm árum. Sérstaklega í allri atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu og þjónustu við Keflavíkurflugvöll og Bláa Lónið. Þróun á áfangastaðnum og stefnu-mótun fyrir greinina hefur ekki fylgt þessari þróun og því mikilvægt að móta skýra framtíðarsýn fyrir svæðið.

Efnahagslegur og samfélagslegur ábati svæðisins af ferðapjónustu er mikilvægur til lengri tíma lítið. Fjölbreytt atvinnutækifæri, bætt umhverfi til nýsköpunar og vöru-þróunar, fjölbreytt þjónusta, veitinga-staðir og verslanir og áhugavert svæði eru atriði sem íbúar kunna að meta og tengja það við uppbyggingu ferðapjónustunnar á svæðinu. Þá hefur fjölgun fyrirtækja verið mikil innan greinarinnar og telja í dag yfir 200 fyrirtæki sem starfa beint við að þjónusta ferðamenn svæðisins.

Fyrirtækin eru þó misjöfn og misstór til að takast á við áskoranir sem fylgja ferðapjónustunni.

Skapa þarf stöðugleika í greininni á svæðinu og byggja upp öflugt stoðkerfi sem getur skapað tækifæri fyrir fyrirtækin að vaxa og dafna og á sama tíma styrkja undirstöður áfangastaðarins.

Áætlað er að ferðamaðurinn eyði um 30-35 þúsund krónum á dag þegar hann ferðast um landið. Þessar tölur gefa okkur vísbendingar um það að með því að ná að fjölga gistinóttum þá erum við að skapa tækifæri til að auka tekjur inn á svæðið. Til að það sé hægt þarf að vera til staðar þjónusta og aðdráttarafl sem fær ferðamanninn til að vilja dvelja lengur. Þetta er verkefni sem ekki vinnst nema í góðu samstarfi allra hagaðila á svæðinu.

Reykjanesið hefur nokkra einstaka og áhugaverða lykilegla sem eru aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þar má nefna t.d. Bláa Lónið, Reykjanes Unesco Global Geopark og áningarstaði innan hans sem eru einstakir á heimsvísu. Þó eru fleiri áhugaverðir staðir til að heimsækja sem auðveldlega fylla upp í góðar minningar yfir daginn. Svæðið er mjög aðgengilegt og hentar einstaklega vel til útivistar án þess að vera flókið og erfitt yfirferðar.

Þá býr svæðið yfir flottum upplifunar- og afþreyingarmöguleikum bæði til útivistar, s.s. sund, fjórhólaferðir, sjókayak, hvalaskoðun og göngur eða hólaferðir eða notalegrar upplifundar innandyrna, s.s. söfn, sýningar og spa.

Uppbygging áningarstaða hefur verið sett í ferli í gegnum Reykjanes Geopark í samstarfi við sveitarfélögin og er unnið eftir þeim stöðlum og þeirri forgangs röðun sem þar er sett upp. Markmiðið með uppbyggingu áningarstaðanna er að upplýsa gesti um svæðið og vernda þá gegn ágangi og umferð en ekki síður búa til nýja segla sem geta dregið úr álagi stærri svæða.

Markaðssetning á svæðinu og mótun markaðsefnis fyrir svæðið hefur verið leidd af Markaðsstofu Reykjaness frá árinu 2013 í samstarfi við Reykjanes Geopark, sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu. Þar hefur verið unnið að uppbyggingu og stefnumótun í markaðssetningu svæðisins til að móta þá mynd sem Reykjanesið vill sýna. Stefnt er að því að vinna að markaðsáætlun fyrir svæðið á árinu 2019.

Reykjanesið er einstakt svæði heim að sækja og stefnan er að áfangastaðurinn verði gæðaáfangastaður og upplifun sem fleiri gestir sækja í að heimsækja.

Það er mikill styrkur fólgin í því að vera með alþjóðaflugvöll á svæðinu. Aðgengi að ferðamönnum er hvergi betra miðað við önnur landsvæði og liggja þar ónýtt tækifæri til markaðssetningar og frekari stefnu-mótunar. En það fylgja því einnig áskoranir að byggja upp áfangastað sem liggur svo nærri alþjóðaflugvelli. Þá er fjarlægð frá Höfuðborgar-svæðinu og almennt viðhorf Íslendinga til svæðisins áskorun sem vinna þarf sérstaklega að í samstarfi við hagaðila.

Markmið með áfangastaðaáætlun fyrir Reykjanesið er að setja fram eina samræmda áætlun um þróun og uppbyggingu ferðapjónustu á Reykjanesi á forsendum svæðisins og þeirra sem þar búa.

Til að ná markmiðum okkar fyrir Reykjanesið þurfum við að:

- Styrkja samstarf og samvinnu aðila.
- Kynna ímynd Reykjanessins og styrkleika svæðisins fyrir völdum markhópum.
- Búa til framúrskarandi upplifun fyrir gestinn.
- Yta undir fjárfestingar og vörupróun í ferðapjónustu.
- Búa til og viðhalda stefnu í markaðsmálum og meta árangur.

Áfangastaðaáætlun Reykjaness er unnin út frá fyrirbyggjandi gögnum og þeim stefnum sem unnar hafa verið innan svæðisins og tengjast ferðapjónustu á einn eða annan hátt. Gera má ráð fyrir því að stefnur fyrir nýtt sveitarfélag verði unnar í framhaldi sameiningar sem kallar á upptöku Áfangastaðaáætlunar Reykjaness.

Áfangastaðaáætluninni er ætlað að vera leiðandi verkfæri í framtíðarþróun ferðapjónustu á svæðinu. Mikilvægt er að endurskoða kafla hennar reglulega með tilliti til breyttra forsenda og breytinga í umhverfi ferðapjónustu og stjórnsýslu svæðisins.

Stefnt er að upptöku og endurskoðun á áfangastaðaáætluninni veturinn 2019-2020 í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Hér hefur verið stiklað á stóru um innihald áfangastaðaáætlunarinnar en í köflunum hér á eftir verður farið betur yfir stöðu svæðisins og áætlun um næstu skref.



EINN HELSTI ÁBATI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

2.1 HLUTVERK OG GILDI ÁFANGASTAÐAÁÆTLANA

2.1.1 Tækifæri og áskoranir

Ferðaþjónusta er grein sem hefur vaxið hratt undanfarin ár, ekki síst á Íslandi. Ef henni er rétt stýrt getur hún skapað töluverðan hagrænan, félagslegan og umhverfislegan ábata fyrir samfélög um land allt.

Einn helsti ábati ferðaþjónustu eru gjaldeyristekjur, þá sérstaklega í dreif-býli á þeim tímum árs sem helst er þörf á að skapa atvinnutækifæri og lífsviðurværi fyrir íbúa en ferða-þjónusta getur skapað slík tækifæri á stöðum þar sem aðrir atvinnuvegir geta það ekki. Á slíkum svæðum getur ferðaþjónusta skapað velmegun í sam-félögum og haldið uppi eftirspurn eftir þekkingu og menntun sem leiðir af sér betur launaðri störf. Þá blæs hún oft lífi í menningu og listalíf svæða.



Mynd 1: Grunnþættir í ábyrgri þróun ferðaþjónustu

Samfara aukningu ferðamanna eykst þörfin á að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu og tryggja að jákvæð áhrif hennar skili sér til samfélaganna. Sérstaklega þarf að huga að því að með auknum áhrifum samfélagsmiðla eykst hætta á umhverfisskaða á svæðum sem eru ekki búin undir skyndilega aukningu í ásökn. Þá getur of mikil ásökn reynt á þolrif heimamanna og haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna.

2.1.2 Þörf fyrir heildstæða áætlanagerð

Möguleg jákvæð og neikvæð áhrif ferðaþjónustu sem eru talin hér að ofan undirstrika mikilvægi þess að ferðaþjónusta sé þróuð og henni stýrt á ábyrgan hátt svo jákvæð áhrif séu hámarksuð. Ferðaþjónusta tengist fjölmörgum ólíkum greinum og því þarf að líta á hana sem mikilvægan þátt í allri áætlanagerð og stefnumótun. Áfangastaðaaætlanagerðir eru heildstæðar sem hafa ferðaþjónustu sem meginpunkt.

Markmið þeirra er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélaga, um leið og mögulegum neikvæðum áhrifum er haldið í lágmarki. Mikilvægt er að þær séu samþættar við aðrar áætlanagerðir hins opinbera.

2.1.3 Hvað eru áfangastaðaaætlanagerðir?

Áfangastaðaaætlun er sameiginleg viljayfirlýsing um hvernig skuli stýra áfangastað yfir ákveðinn tíma, þar sem hlutverk mismunandi hagaðila

eru skilgreind, þar sem fram kemur aðgerðaáætlun og hvernig auðlindum/ björgum (e. resources) skuli skipt. Áfangastaðaaætlun veitir íbúum áfangastaðar besta mögulega tækifæri til að gera áætlun til framtíðar um hvernig ferðaþjónustu þeir vilja og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.

Í áfangastaðaaætlanagerð felst að horfa á ferðaþjónustu út frá víðu sjónarhorni og taka tillit til margra ólíkra hagaðila sem eiga hagsmuna að gæta í þróun staðarins. Áætlanagerðin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfisins og reynir að skapa jafnvægi á milli og fullnægja þörfum þessara fjögurra þátta. Áfangastaðaaætlanagerðir gera íbúum kleift að ákveða hvernig þeir vilja að ferðaþjónusta hafi áhrif á efnahag og samfélag þeirra og hvaða skref skuli taka í átt að því marki.

Áfangastaðaaætlun tekur á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæðis auk þess sem að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugað er að fara við stýringu að hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun atvinnugreinarinnar innan svæðisins: uppbyggingu, efnahagslegt vægi, þjónustupættir o.s.frv.

Það er mikilvægt að hafa það hugfast á áfangastaðaaætlun er lifandi skjal sem ætti að vera uppfært og endurskoðað reglulega.

2.2 MÖRK SVÆÐISINS

Áfangastaðurinn Reykjaness nær yfir sveitarfélögin fjögur á Reykjanesi, þ.e. Grindavíkurbæ, Reykjanessbæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélagið Voga. Um er að ræða 829 km² svæði á Suðvesturhorni Íslands.

2.2.1 Tengsl við grannsvæði

Reykjanesið fylgir stjórnsýslumörkum sveitarfélaganna í austri, þ.e. við mörk Hafnarfjarðar og Ölfuss og sveitar-félaganna Grindavíkurbæjar og Sveitarfélagsins Voga.

Hluti af landi Hafnarfjarðar liggur innan svæðis Grindavíkur er nefnist Krísuvíkursvæðið. Mikil tengsl eru við það svæði í ferðaþjónustu og í markaðssetningu á svæðinu þar sem erfitt er að skilgreina þann hluta sem utan Reykjaness.

Því þarf að huga vel að samstarfi, uppbyggingu og kynningu á því svæði með og í samtali við Hafnarfjörð.

Hugmyndir hafa verið uppi um frekari samvinnu í tengslum við aðkomu Hafnarfjarðar að Reykjaness Geopark en sú vinna og samtal er á frumstigi og ekki hægt að ákvarða með þau mál í þessari áfangastaðaaætlun. Áætlunin verður endurskoðuð ef frekari vinna fer af stað um aðkomu Hafnarfjarðar að Reykjaness Geopark.

Suðurstrandarvegur tengir sunnan-verðan Reykjanesskagann við vestasta hluta Suðurlands og því eru órjúfanleg tengsl inn á það svæði og tækifæri til framtíðar, m.a. með aukinni vetrarþjónustu.

2.2.2 Áhrifasvæði

Áhrifa ferðaþjónustu á Reykjanesi getur gætt á stærra svæði og þá getur tenging við næstu grannsvæði haft áhrif, m.a. við höfuðborgarsvæðið og vestustu byggðir Suðurlands. Þá kann í einhverjum tilfellum áhrifa að gæta á sunnanverðu Vesturlandi.

Gestir svæðisins hafa í auknu mæli leitað eftir gistingu á Reykjanesi og ferðast inn á aðra landshluta í dagsferðum. Þá er fjöldi ferða-skrifstofa og ferðaskipuleggjenda sem þónusta svæðið, einkum í dagsferðum. Þessir aðilar eru bæði staðsettir innan svæðisins og utan.



Mynd 2: Sveitarfélagaskipting á Reykjanesi

2.3
UPPBYGGING
OG FRAMKVÆMD

Áfangastaðaaætlun fyrir Reykjanesið er heildrænt stefnumótunarplagg fyrir frekari þróun ferðaþjónustu og uppbyggingu áningarstaða innan áfangastaðarins Reykjaness. Við uppbyggingu áfangastaðarins er mikilvægt að samvinna sé á milli hagaðila til að stuðla að framgangi verkefna í sátt við samfélagið og tryggja að jafnvægi haldist á milli þessara þátta í frekari framtíðarþróun ferðaþjónustunnar.

2.3.1
Svæðisráð DMP Reykjanesi

Á stjórnarfundum Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanes Geopark í upphafi árs 2017 samþykktu öll sveitarfélög á svæðinu að vinna saman að áfangastaðaaætlun fyrir Reykjanesið. Samþykkt var að gera eina áætlun fyrir svæðið og að stjórnir markaðsstofunnar og Reykjanes Geopark mynduðu svæðisráð.

Í ráðinu sitja fulltrúar allra sveitarfélaga auk fulltrúa frá Samtökum Atvinnurekenda á Suðurnesjum (SAR), Ferðamálasamtökum Reykjaness, Bláa Lónsins, HS Orku, Þekkingarsetri Suðurnesja, Kadeco, Keili og Heklungunni atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja.

Svæðisráð DMP Reykjanesi skipa:

- Kjartan Már Kjartansson, bærarstjóri Reykjanesbæjar.
- Magnús Stefánsson, bærarstjóri Suðurnesjabæjar.
- Fannar Jónasson, bærarstjóri í Grindavík.
- Ásgeir Eiríksson, bærarstjóri í Vogunum.
- Atli Kristjánsson, Bláa Lóninu
- Guðjón Skúlason, Samtök Atvinnurekenda á Reykjanesi.
- Brynhildur Kristjánsdóttir, Veitingastaðurinn Vitinn.
- Sigrún Elefsen, Ferðamálasamtök Reykjaness.
- Sverrir Guðmundsson, forstöðum. tæknifræðinnar Keili.
- Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.
- Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kadeco.
- Kristín Vala Matthíasdóttir, framk. Auðlindagarðs HS Orku.

Staða DMP vinnunnar var kynnt reglulega á stjórnarfundum Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjaness og Heklungunnar. En þar er fundað mánaðarlega.

Fyrsti sameiginlegi fundur svæðisráðsins fór fram í mars 2017.

2.3.2
Fjöldi áfangastaðaaætlana
á Reykjanesi


Ein áfangastaðaaætlun verður unnin fyrir Reykjanesskagann. Það er gert með tilliti til þeirrar vinnu sem nú þegar hefur farið fram og þeirra áætlana sem liggja fyrir, s.s. svæðisskipulag Suðurnesja og uppbyggingaráætlun Reykjanes Geopark. DMP-Reykjanes nær yfir fjögur sveitarfélög Reykjanesskagans; Grindavík, Voga, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, auk aðkomu aðliggjandi sveitarfélaga í einhverjum tilvikum: Hafnarfjörður og Ölfus.

2.3.3
Greining á stöðu svæðisins

Unnin var stöðugreining á svæðinu og skoðað hvernig verkefni sem áður voru unnin fyrir svæðið falla undir áfangastaðaaætlun Reykjaness og hvar þarf að bæta úr.

Mikil vinna hefur farið fram á svæðinu sem miðar að skipulagi og uppbyggingu svæðisins fyrir helstu atvinnugreinar, þar á meðal ferðaþjónustu, skipulag sveitarfélaga og sameiginlega framtíðarstefnu svæðisins í ferðaþjónustu. Þessi verkefni voru ekki unnin undir merkjum áfangastaðaaætlunar en öll eiga þau það sameiginlegt að taka á mállefnum ferðaþjónustunnar sem áfangastaðaaætlunin nær til. Því var ákveðið að miða við þá vinnu við þessa samantekt.

Verkefnin sem móta áfangastaðaaætlun Reykjaness eru nokkur og eru



Mynd 3: Reykjanes

þau helstu talin upp hér, en nánar er fjallað um áætlanirnar í kafla 5.2.2 þar sem farið er yfir tengsl við aðrar svæðisáætlanir. Meðal áætlana sem teknar eru fyrir eru: Svæðisskipulag Suðurnesja, skipulag og stefnur sveitarfélaga, Reykjanes Unesco Global Geopark, Sóknaráætlun Suðurnesja og áhersluverkefni, sviðsmyndir Suðurnesja, stefna í markaðsmálum ferðaþjónustunnar og innviðagreining/kortlagning ferðaþjónustunnar.

2.3.4
Hagaðilagreining og aðkoma hagaðila

Unnin var hagaðilagreining fyrir ferðaþjónustu á Reykjanesi í lok árs 2015 og hún lögð fram á stjórnarfund 25. janúar 2016. Margir þessara hagaðila hafa komið að vinnu við þau verkefni sem upp voru talin hér á undan, en nokkrir nýir hafa komið inn og er unnið að því að nálgast þá og tengja inn í þá vinnu sem framundan er.

Svæðisskipulag Suðurnesja
Um 26 manns sátu í samvinnunefnd svæðisskipulagsins auk þess sem haldnir voru fundir með fleiri hagaðilum.

Skipulag og stefnur sveitarfélaga
Ekki liggur fyrir hversu margir koma að gerð þessara verkefna.

Reykjanes Unesco Global Geopark – uppbygging áfangastaða og fræðsla
Við stofnun Reykjanes Geopark á sínum tíma og svo mótun og gerð umsóknar Reykjanes Geopark í alþjóðleg samtök jarðvanga komu að margir aðilar innan mismunandi sviða sveitarfélaganna og þekkingar-samfélagsins, m.a. umhverfis- og skipulagssvið og menningar- og ferðamálanefndir. Þá er jafnframt stuðst við þá vinnu sem liggur að baki friðlýsinga og hverfisverndunar.

Sóknaráætlun Suðurnesja og áhersluverkefni

Um 40 manns koma að gerð Sóknar-áætlunar og velja áhersluverkefni á ári hverju.

Sviðsmyndir Suðurnesja

Við sviðsmyndagerðina hafa komið um 40 manns.

Markaðssetning

Um þrjátíu manns komu á vinnufundi vegna gerðar markaðsstefnu fyrir svæðið árið 2014. Þá hafa aðilar að Markaðsstofu Reykjaness verið virkir við gerð efnis og fyrirtækin mótað þá vinnu. Í dag eru um 80 samstarfsfyrirtæki í markaðstofunni. Unnin var sérstök markaðsgreining fyrir áfangastaðaaætlunina og við gerð hennar var efnt til vinnustofu í október 2017, auk þess sem kallaðir voru til aðilar í rýnihópa og viðtöl. Sérfræðingar frá Hvíta húsinu leiddu þessa vinnu og komu um 40 manns að henni.

Kortlagning ferðaþjónustunnar

Kortlagning ferðaþjónustunnar er unnin af Markaðsstofu Reykjaness í samvinnu við Reykjanes Geopark og ferðaþjónustuaðila. Unnið var út frá útgefnum gögnum auk efnis frá Sýslumanninum á Suðurnesjum, Ríkisskattstjóra, Ferðamálastofu, Hagstofu Íslands ofl.

Sjá nánar hagaðilagreiningu og virðiskeðju ferðaþjónustunnar í kafla 4.3.

2.3.5 Vinnuhópar fyrir áfangastaðaaætlun Reykjaness

Verkefnastjórn í samvinnu við svæðisráð setur saman vinnuhópa út frá hagaðilagreiningunni sem miðar að þörfum og framgöngu verkefnisins en þar sem unnið er út frá útgefnu efni verkefna sem talin eru upp hér á undan, þá eru ekki settir upp vinnuhópar fyrir það.

Í febrúar 2018 voru haldnir opnir íbúafundir í öllum sveitarfélögum á Reykjanesi þar sem farið var yfir verkefni Markaðsstofu Reykjaness, Reykjanes Geopark og sveitarfélaganna. Þar gafst íbúum tækifæri á að taka þátt í umræðum og koma á framfæri athugasemdum og tillögum til áframhaldandi þróunar ferðaþjónustu á svæðinu. Fundirnir voru alls fimm og mættu 110 aðilar á fundina. Almenn ánægja var með fundina og fyrirkomulag þeirra og er áætlað að slíkir fundir verði haldnir reglulega hér eftir.

Í framhaldi á útgáfu áfangastaðaaætlunarinnar þá er stefnt að því að setja upp vinnuhópa/faghópa til að vinna að framgangi ákveðinna hluta og verkefna í áfangastaðaaætlunarinnar.

Gönguleið um Eldvörp



STÖÐUGREINING – REYKJANES

Eins og fram kom í innganginum þá hefur mikil vinna farið fram á svæðinu sem hefur nýst inn í vinnu við áfangastaðaaætlunina. Hér á eftir verður farið yfir stöðugreiningu í stuttum köflum sem lýsa bæði aðstæðum sem tengjast ferðamálum á einn eða annan hátt á Reykjanesi.

3.1 SAMFÉLAGIÐ

Sjávarútvegur hefur verið einkennandi í atvinnulífi á Suðurnesjum og um tíma hafði aðsetur hersins töluverð áhrif á atvinnulíf og samfélagið allt eða til ársins 2006.

Frá þeim tíma hefur ferðapjónustan aukið hlutdeild sína, einkum í tengslum við stækkun Keflavíkurflugvallar og aukinna umsvifa þjónustuaðila við flugvöllinn sem rekja má til aukins fjölda ferðamanna til landsins og aukinnar þjónstu við tengifarþega. Einnig hefur stækkun Bláa Lónsins og breytingar hjá fyrirtækinu haft töluverð áhrif á þróun ferðaþjónstunnar á svæðinu, ekki síst í þróun starfa innan ferðapjónustunnar.

Segja má að Reykjanesið sé nýlegur áfangastaður á Íslandi. Þróun ferðamála á svæðinu hefur verið hæg en á síðustu árum hefur þróun ferðapjónustunnar og breytingar síðustu ára með fjölgun ferðamanna leitt til blómlegs og fjölbreytts atvinnulífs á svæðinu auk aukinna atvinnumöguleika.

Þar hefur fjölgun og aukin gæði í gistingu, veitingum hjá bílaleigum og í þjónustu á svæðinu verið jákvæð en þróun afþreyingar í ferðapjónustu á svæðinu hefur ekki verið sú sama og er áhugavert að skoða hvers vegna svo sé. Reykjanesskaginn er einstakur af náttúrunnar hendi og hefur mótað mannlíf, menningu og atvinnulíf á svæðinu. Ferðapjónustan er þar engin undantekning og er í dag orðin ein stærsta atvinnugreinin á svæðinu.

Reykjanes Geopark var stofnaður árið 2012 með það að markmiði að efla byggðapróun á svæðinu með því að nýta styrkleika Reykjanesskagans. Reykjanes Unesco Global Geopark er mikilvægur hlekkur í uppbyggingu og vöruþróun í ferðapjónustu og hefur á undanförunum árum sett stefnu í þeim málum sem betur verður gerð skil í köflunum hér á eftir. Þá er hann eitt stærsta vörumerkið í ferðapjónustu á svæðinu.

Reykjanes Geopark setti fram stefnu í uppbyggingu áningarstaða í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu árið 2012 þegar sótt var um aðild að alþjóðlegu netverki jarðvanga (European Geopark Network og Global Geopark Network).

Stefna í markaðsmálum og uppbyggingu áningarstaða var unnin í samstarfi við ferðapjónustuaðila og sveitarfélög á svæðinu árið 2014 sem hefur mótað markaðssetningu á svæðinu til dagsins í dag. Stefna í markaðsmálum og markaðsáætlun er í vinnslu og verður uppfærð til hliðsjónar við áfangastaðaaætlun Reykjaness.

3.1.1 Mannfjöldi

Íbúar á Suðurnesjum voru samtals 25.770 1. janúar 2018 og nam fjölgun íbúa 7,4% frá árinu 2017. Flestir íbúanna búa í Reykjanesbæ (17.805) en næst kemur Grindavíkurbær (3.323), Suðurnesjabær (3.374), og Sveitarfélagið Vogar (1.268) (Hagstofan, 2018).

Þessa aukingu má einna helst rekja til aukinna umsvifa á Keflavíkurflugvelli og þjónustustarfsemi tengir honum. En mikið átak hefur staðið yfir síðan í lok árs 2015 um að efla ímynd svæðisins og draga þannig að mögulegt starfsfólk og íbúa.

Fjölgun íbúa á svæðinu kallar á aukna þjónustu og mikinn þrýsting á þá innviði sem fyrir eru á svæðinu. Ferðapjónustan hefur að miklu leyti haft áhrif á þessa þróun samfélagsins með beinum og óbeinum hætti. Að sama skapi hefur ferðapjónustan með óbeinum hætti tekið þátt í að þjónusta íbúa svæðisins og styrkja innviði með fjölbreyttri þjónustu.

Ferðapjónusta er stærsti atvinnuveitandinn með um 26% starfa á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að íbúum á Suðurnesjum fjölgi áfram og verði 34.835 árið 2030 miðað við íbúapróun sl. 16 ár (Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).

3.2 NÁTTÚRUFAR OG VEÐUR

Veðurfar á Reykjanesskaga mótast af hlýju Atlantshafi úti fyrir landi árið um kring. Á landsvísu er meðalhiti ársins hár, þar sem hiti yfir vetrarmánuðina er ofan við frostmark.

Ísland er gjarnan í braut lægða sem koma úr suðvestri. Því er vindasamt á Suðurnesjum og skjóllítið af náttúrunnar hendi. Síðla vors og að sumarlagi er minna um lægðir og stilltir dagar eru því nokkuð tíðir. SA- og A-áttir eru algengastar og þá gjarnan með úrkomu. N- og NNA-áttir eru líka tíðar og þeim fylgir þurrt veður með sólfari.

Strandhéruðin njóta nálægðar hlýsjávarins úti fyrir á veturna og á sumrin fylgir hitafarið á Suðurnesjum innanverðum Faxaflóa og lágsveitum Suðurlands.

Meðalúrkoma er ekki mikil á Suðurnesjum við láglenda sjávarsíðuna en hún vex mjög yfir Reykjanesfjallgarðinum og austur með suðurströndinni. Snjólétt er almennt séð með sjónum á Suðurnesjum. Þó getur snjóað nokkuð með éljum af hafi síðla vetrar. Þá eru dæmi um staðbundin snjóþyngsli með suðurströndinni vestur á Reykjanesi (Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).



Brennisteinsfjöll

3.3 LANDSLAG OG JARÐFRÆÐI

Náttúra og umhverfi Reykjanesskagans er mikilvægur hlekkur í ferðapjónustu á svæðinu. Mikilvægt er því að taka saman efni sem tengist því og verður þeim þáttum gerð góð skil í köflunum hér á eftir. Reykjanes Geopark hefur látið vinna mikið efni, en jafnframt eru upplýsingar að finna í aðalskipulagi sveitarfélaganna, Svæðisskipulagi Suðurnesja og Innviðagreiningu Suðurnesja.

3.3.1 Reykjanes UNESCO Global Geopark

Það landssvæði sem er innan marka sveitarfélaganna fjögurra á Reykjanesskaganum myndar Reykjanes UNESCO Global Geopark með viðurkenningu frá UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Geoparkar eru svæði þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvæg á heimsvísu er stýrt eftir heildrænni stefnu um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun. Það sem gerir Reykjanesið svona einstakt er að hvergi í heiminum má sjá flekaskil Mið-Atlantshafshryggsins ganga á land með jafn áþreifyanlegum hætti og á Reykjanesi.

Í Reykjanes UNESCO Global Geopark er að finna margar merkilegar jarðminjar og eru sumar þeirra einstakar á heimsvísu. Þar er að finna allar tegundir eldstöðva sem gosið hafa á Íslandi, m.a. fjögur gosbelti og samanstendur hvert þeirra af hundruðum opinna sprungna, gígaröðum, dyngjum og skjaldlaga bungum.

Jarðminjar eru nýttar ásamt öðrum náttúru- og menningarminjum svæðisins til að vekja athygli og skilning á þeim brýnu úrlausnarefnum sem blasa við samfélagi okkar: Sjálfbærri nýtingu auðlinda, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og hvernig draga má úr áhrifum náttúruhamfara (Reykjanes UNESCO Global Geopark, 2017).

3.3.2 Reykjanes fólkvangur

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975. Um er að ræða svæði sem nær yfir 300 km² en mörk hans að austan eru sýslumörk Gullbringu- og Árnessýslu og að norðan tengist hann Bláfjallafólkvangi. Vesturmörk fólkvangsins eru vestan við Undirhlíðar og Núpshlíðarháls í sjó við Seltanga og suðurmörk fylgja strandlínu. Hluti fólkvangsins er innan marka áfangastaðarins Reykjaness og Reykjanes Geopark.

Að fólkvanginum standa nokkur sveitarfélög á Suðvesturlandi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Grindavík, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar sem bættust við á árinu 2011.

Stjórn fólkvangs er í höndum þessara sveitarfélaga í samráði við Umhverfisstofnun. Svæði Reykjanes fólkvangs einkennist af fjalllendi Reykjanesskagans.

Tveir áberandi fjallshryggir liggja eftir því í NA-SV stefnu og eru í um 300-400 m hæð yfir sjó, Núpshlíðarháls og Sveifluháls. Brennisteinsfjöll eru austast í fólkvanginum en þar ná nokkur fjöll 500-600 m hæð. Langahlíð er fjallshryggur sem liggur austan og norðan við Kleifarvatn. Landið er víðast þakið hraunum og sums staðar hafa þau runnið í sjó fram (Reykjanes fólkvangur, 2018).

Reykjanes fólkvangur er friðlýst svæði og skilgreindur samkvæmt náttúruverndarlögum sem „landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota.“ En stjórnun og rekstur svæðisins er í höndum hlutaðeigandi sveitarfélaga (VSÓ ráðgjöf, 2012).

Uppbygging áningarstaða innan Reykjanes Geopark nær til staða innan Reykjanes fólkvangs sem jafnframt er innan bæjarmarka sveitarfélaganna fimm á Reykjanesi. Samvinna er á milli jarðvangsins og fólkvangsins í málefnum þeirra staða.

3.3.3 Jarðskjálftavá

Mið-Atlantshafshryggurinn er rek-hryggur samsettur úr hlutum sem tengjast um þverstæð brotabelti. Stórar plötur (jarðflekar) skiljast að um rekhrygginn. Næst Íslandi kallast hann Reykjaneshryggur. Ofan á mjó plötuskilin hlaðast upp skástig og mun breiðari hálendissvæði úr gosefnum og nemur eitt slíkt við land á Reykjanesi.

Jarðskjálftasvæði á Íslandi má skýra með legu landsins á Mið-Atlantshafshryggnum. Jarðskjálftar eru tíðir á Reykjanesskaga. Upptökin eru einkum á belti sem sker eldstöðvakerfin og stefnir í austur. Gliðnunarhreyfing er ráðandi vestast á jarðskjálftabeltinu. Jarðskjálftar þar eru vægir og verða ekki stærri en 4-4,5 stig á Richter. Eftir því sem austar dregur geta jarðskjálftar orðið sterkari. Þar er víxlengishreyfing sem einkennir Suðurlandsundirlendið. Þar er hætta á skjálftum allt að 6-6,5 stig á Richter. Á miðhluta Reykjanesskaga verða skjálftar ekki stærri en 5-5,5 stig á Richter.

Þéttriðið jarðskjálftamælanet er á Reykjanesskaga. Mælarnir veita hagnýtar upplýsingar um upptök og eðli skjálftavirkni auk þess að auðvelda Almannavörnum eftirlit með svæðinu. Á Reykjanesi skiptast á róleg og óróleg jarðskjálftatímabil. Svo virðist sem óróleikatímabil geti gengið yfir Reykjanesskaga á 30-40 ára fresti (Reykjanes UNESCO Global Geopark, 2012).

3.3.4 Eldgos

Eldvirkni á Íslandi er bundin við þekkt og skilgreind eldstöðvakerfi sem fylgja gliðnunarbeltinu. Virknin stafar af staðsetningu Íslands á Mið-Atlantshafshryggnum og heitum reit undir landinu. Atlantshafshryggurinn kemur að landi á Reykjanesi og teygir sig norður yfir landið.

Plötuskilin austan við Reykjanes sveigja til norðausturs og austurs. Fjögur eldstöðvakerfi, raðast skástígt á plötuskilin. Þar rifnar jörðin í hrinum vegna plötuhræfinga, með tilheyrandi jarðskjálftum. Hálendi hleðst upp þar sem eldvirknin er mest, í skurðpunkti sprungureina og plötuskila. Þar er einnig að finna háhitasvæði.

Næst Reykjaneskerfinu liggur Trölladyngjukerfið en Brenni-steinsfjallakerfið þar austan við. Í þessum þremur kerfum hafa ekki myndast megineldstöðvar. Þær rísa hátt og innihalda m.a. ísúrar og súrar bergtegundir. Í austasta kerfinu, Hengilskerfinu, er ung megineldstöð, Hengill (808 m) og á hún eftir að hækka til muna. Reykjanesskaginn er ungt landsvæði. Það hefur myndast á s.l. 200.000 – 250.000 árum. Á síðasta jökulskeiði ísaldar, fyrir 10.000-115.000 árum, gaus þar ýmist í sjó eða jökli, eða á jökullausu landi, undir lok skeiðsins. Gosefnin eru aðallega hraun sem storknaði í vatni (bólstraberg) og hörðnuð gjóska (móberg). Fjöll skagans eru nefnd móbergsfjöll, ýmist stök eða í löngum röðum, orðin til í eldgosum úr sprungum undir jökli.

Aðalbergtegundir skagans flokkast sem basalt.

Undir lok jökulskeiðsins og á núverandi hlýskeiði ísaldar (nú tíma), hefur jarðeldur komið upp á Reykjanesskaga a.m.k. 100 til 150 sinnum á sl. 10 – 14.000 árum. Snemma á tímabilinu flæddu stór helluhraun frá mörgum dyngjum í kyrrlátum hraungosum. Þær og hraunin eru úr kviku sem er upprunnin djúpt undir landinu. Er talið að gosin tengist fjöðrun jarðskorpunnar þegar meginjökla ísaldar leysti. Fargið á jarðskorpuinni minnkar og land rís hratt. Myndunarskeiði dyngjanna lauk fyrir um 4.000 árum.

Flestar gosstöðvar Reykjanesskagans eru gígaraddir. Gígarnir mynduðust úr gjalli og hraunslettum í kringum kvikustróka. Hraun runnu víða út í sjó og stækkuðu skagann. Gosvirknin virðist lotubundin, þ.e. hlé verða milli goshrina sem geta staðið í ár eða áratugi, líkar Kröflueldum 1975-1984 (9 eldgos). Undanfarið hafa hlé milli slíkra hrina staðið í 500-1.000 ár í þremur vestustu kerfunum.

Síðustu goshrinurnar gengu yfir, frá lokum 10. aldar fram undir miðja 13. öld. Í Hengilskerfinu hefur ekki gosið í 2.000 ár (Reykjanes UNESCO Global Geopark, 2012).



Mynd 4: Vörumerki Reykjanes UNESCO Global Geopark

3.3.5 Ítarefni

Frekari upplýsingar um svæðið, jarðfræði og uppbyggingu má finna inn á vef Reykjanes UNESCO Global Geopark (reykjanesgeopark.is) og Reykjanes fólkvangs (reykjanesfolkvangur.is).

3.4 LANDNOTKUN

Svæðisskipulag Suðurnesja var staðfest af Skipulagsstofnun þann 4. mars 2013. Skipulagið er lagt fram af Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Suðurnesja sem samanstendur af fulltrúum frá Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Sveitarfélaginu Vogum, Landhelgisgæslunni og skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Auk þeirra á fulltrúi Skipulagsstofnunar sæti í nefndinni.

Skipulagssvæðið tekur til marka sveitarfélaga á Suðurnesjum sem þátt taka í nefndinni auk A og B svæðis Keflavíkurflugvallar eins og það er skilgreint í 2. gr. laga nr. 176/2006 um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Skipulagsstofnun staðfesti aðalskipulag Reykjanesbæjar 2008-2024 þann 23. nóvember 2010. Í formála skipulagsins segir m.a. „Mikilvægustu þættir í framtíðarsýn Reykjanesbæjar fjalla um hamingju og heilbrigði íbúanna, með margvíslegum útfærslum á leiðum að markmiðinu.“

Í gildi er aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2010-2030 sem staðfest var af Skipulagsstofnun 25. febrúar 2012. Þar segir m.a. í formála: „Bæjarstjórn Grindavíkur stefnir að því að sköpuð verði umgjörð fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi í bæjarfélaginu m.a. með því að skipuleggja framtíðariðnaðarsvæði í næsta nágrenni bæjarins.“

Í aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 sem staðfest var af Skipulagsstofnun 8. mars 2011 segir m.a. „Samfélagið nær ekki að vaxa og dafna án atvinnutækifæra og því er í aðalskipulaginu gefið svigrúm til atvinnuuppbyggingar í tengslum við sjávarútveg, alþjóðlegan flugvöll og þau fjölmörgu tækifæri til uppbyggingar sem leynast á Suðurnesjum.“

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs var staðfest af Skipulagsstofnun þann 12. febrúar 2015. Þar segir m.a. „Ein af megin forsendum þessara skipulagsáætlana er samvinna og framtíðarsýn um atvinnumál, nýtingu auðlinda, afmörkun byggingarsvæða og samvinna um samfélagsþjónustu.“

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga var staðfest 23. febrúar 2010. Skipulagið gerir ráð fyrir að sveitarfélagið „verði vistvænt sveitarfélag sem leggi áherslu á fjölskylduvænt umhverfi, fjölbreytt náttúru- og útivistarsvæði og hátt þjónustustig. Gert er ráð fyrir að sjálfbær þróun verði leiðarljós við skipulag og framkvæmdir svo kynslóðir framtíðarinnar fái notið alls þess sem við höfum nú og gott betur.“

Fyrir liggur tillaga að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar fyrir árin 2013-

2030. Keflavíkurflugvöllur er megingátt landsins við útlönd. Mikill vöxtur hefur verið í flugumferð til og frá vellinum á undanfórnum árum. Áhersla skipulagsvinnunnar hefur því verið að tryggja að Keflavíkurflugvöllur geti sinnt hlutverki sínu með sóma í framtíðinni.

Isavia kynnti 2040 Masterplan (þróunaráætlun) fyrir Keflavíkurflugvöll í október 2015. Áætlanir gera ráð fyrir áframhaldandi vexti í umferð um flugvöllinn horft til framtíðar og að mikil tækifæri séu í því að fjölga flugtengingum Íslands við umheiminn. Beint flug til Indlands hefst í desember 2019. Slík þróun er jákvæð fyrir ferðaþjónustu sem og aðrar atvinnugreinar því opnun nýrra markaða með beinu flugi skapar tækifæri á mjög mörgum sviðum. Það á við um Reykjanesið eins og önnur landsvæði á Íslandi. Áætlanir um uppbygginu á Keflavíkurflugvelli gera ráð fyrir uppbyggingu Airport City. Sú uppbygging gæti verið tengd ferðaþjónustu sem og öðrum atvinnugreinum.

Verið er að vinna sviðsmyndagreiningu fyrir framtíð atvinnulífs á Suðurnesjum til ársins 2040 og verður niðurstaða þeirrar greiningar kynnt í maí 2018. Verkefnið er unnið af KPMG en byggist á vinnu og upplýsingum frá fulltrúum sveitarfélaganna, íbúum, fulltrúum fyrirtækja og stofnana auk sérfræðinga innan og utan svæðisins.

Það liggur fyrir endurskoðun nokkurra kafla í Svæðisskipulagi Suðurnesja, þar á meðal köflum sem snúa að ferðaþjónustu og Reykjanes Geopark. Sú vinna tekur mið af niðurstöðum Áfangastaðaaætlunar Reykjaness.

3.4.1 Skógrækt

Skógrækt hefur verið stunduð á Suðurnesjum í einhverju mæli frá árinu 1948, þegar Vogabændur gáfu Skógræktarfélagi Suðurnesja 24,3 ha landspildu við Háabjalla. Nokkur skógræktarfélög eru starfandi á Reykjanesi sem hafa unnið ötullega að uppbyggingu og þróun skógræktarsvæða innan marka sveitarfélaganna í samstarfi við landeigendur. Skógræktarfélögin eru öflugur félagsskapur áhugafólks um skógrækt og gróðurvernd á Suðurnesjum og meðal starfandi félaga eru; Skógfell (Landgræðslu- og skógræktarfélag Voga), Skógræktarfélag Grindavíkur og Skógræktarfélag Suðurnesja.

Sveitarfélögin hafa hvert um sig skilgreint svæði til skógræktar en stefnt er að samræmdri áætlun um skógrækt fyrir Suðurnesin. Sveitarfélögin hafa sammælt um að áframhaldandi skógrækt á svæðinu sem lið í að skapa fjölbreytt útivistarsvæði fyrir íbúa. En þar er fyrst og fremst verið að huga að núverandi skógræktarsvæðum og efla þau og styrkja (Svæðisskipulag Suðurnesja 2010-2024).

Nokkur svæði hafa verið sérstaklega skilgreind í aðalskipulagi sveitarfélaganna sem skógræktar- og opin svæði til sérstakra nota eða útivistarsvæði en utan þeirra eru nokkur svæði í þróun og uppbyggingu í samstarfi við landeigendur. Meðal þeirra svæða sem nefnd eru í áætlunum eru; Sólbrekkur í Reykjanesbæ, Selskógur og Fagradalsfjall í Grindavík, Yndisgróður í Surðurnesjabæ og Háibjalli og

Brunnastaðahverfi í Vogunum. En auk þeirra eru fleiri sérstaklega skilgreind skógræktar- og útivistarsvæði innan bæjarmarka þéttbýlanna.

Sólbrekkuskógur var opnaður sem Opinn skógur árið 2004. Frá þeim tíma unnið að frekari þróun hans og nærsvæðis sem útivistarsvæðis í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands og Reykjanesbæ.

3.4.2 Landbúnaðarnytjar

Reykjanesið er ekki þekkt sem landbúnaðarsvæði en þó má þar finna öflugan landbúnað til framleiðslu. Sveitarfélagið Vogar sker sig þar úr þar sem á Vatnsleysuströnd eru starfrækt öflug svínabú, alifuglarækt og eggjaframleiðsla. Að öðru leyti einkennist landbúnaður á svæðinu af áhugamannabúskap, litlum einingum í fjárbúskap, alifuglarækt og hrossarækt (Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).

Ferðaþjónustan hefur að einhverju leiti unnið með landbúnaði í tengslum við matvælaframleiðslu og í gegnum þátttöku í fjárréttum á haustin, auk þess eru tvær hestaleigur með starfsstöðvar á svæðinu.

3.4.3 Orkuvinnsla

Innan skipulagsmarka sveitarfélaganna á Suðurnesjum eru fimm skilgreind háhitasvæði, þ.e. Reykjanes, Stóra Sandvík, Eldvörp-Svartsengi, Trölladyngja og Sandfell. Auk þess liggur háhitasvæði þvert á sveitarfélagamörk Hafnarfjarðar og

Grindvíkur við Krýsuvík, sem skilgreint er sem Sveifluháls í Rammaáætlun.

Líkt og fram kemur í Svæðisskipulagi Suðurnesja gefa háhitasvæðin tækifæri til orkuöflunar og getur nýting þeirra myndað grunn fyrir margvíslega atvinnuuppbyggingu. Í dag eru virkjanir í Svartsengi og á Reykjanesi.

Fjölþætt nýting er tengd jarðhitnum þar sem sífellt fleiri straumar eru nýttir með nýrri tækni og þekkingu (Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).

Ferðaþjónustan er þar ekki undantekin þar sem Bláa Lónið er einn af þeim aðilum sem nýta afurðir orkuvinnslu og skapa fjölda starfa sem tengjast baðlóninu, hóteli og lækningalind, rannsóknum og vörupróun.

Mikill áhugi er meðal gesta um orkunýtingu og græna orkuframleiðslu á Íslandi. Þar liggja tækifæri fyrir ferðaþjónustuna sem ekki hafa verið nýtt til fulls á svæðinu.

3.4.4 Veðar og náttúrunytjar

Sjósókn hefur verið stunduð frá Suðurnesjum öldum saman enda stutt á fengsæl mið. Góðar fiskihafnir eru á Suðurnesjum, aðallega er landað botnfiski í Grindavík, Sandgerði, Keflavík og Njarðvík, en í Helguvík er landað uppsjávarfiski. Samkvæmt svæðisskipulagi Suðurnesja er gert ráð fyrir því að hafnirnar í Grindavík og Sandgerði komi til með að þjóna sem fiskihafnir í framtíðinni.

Á hafnarsvæðum þeirra hafna má finna ýmisskonar þjónustu sem tengist sjávarútvegi, s.s. fiskvinnslu, fiskmarkað og flutningaþjónustu (Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).

Fiskvinnsla og vöruþróun í sjávarútvegi á svæðinu hefur í auknu mæli verið að finna sér leið inn í ferðaþjónustuna og veitingastaðir eru meðvitaðir um að bjóða uppá sjávarfang af svæðinu á sínum matseðli. Nokkrir minni aðilar hafa verið að þróa vinnslu tengdri bláskelsræktun, nýtingu þara og sjávarfangs í snyrtivörur og matvöru, hákarlavinnslu og vöruþróun í harðfiski í smásölu.

3.4.5 Iðnaður og efnistaka

Samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélaganna, Grindavík, Reykjanesbæ og Voga, eru nokkur svæði sem skilgreind eru sem iðnaðarsvæði. Svæðin bjóða upp á möguleika til ýmisskonar iðnaðarframleiðslu og eru þau meðal annars flokkuð í tengslum við orkuvinnslu, sjávarúveg, stórskipahöfn, stóriðju, orkufrekan iðnað, léttan iðnað, almennan iðnað, iðnað sem tekur tillit til landslags, svæði fyrir fiskeldi, verksmiðjur, iðjuver, vörugeymslur og hreinleg verkstæði (Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).

Iðnaður er ekki beint tengdur ferðaþjónustu á svæðinu nema í litlu mæli en á þeim svæðum er starfsemi bílaleiga oftast en ekki staðsett.

3.4.6 Jarðvættir og minjar

Reykjanesið er vottað af UNESCO – Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna sem hnattrænn jarðvangur (e. Global Geopark) eins og fram kemur í kafla 3.3.1. Vottun frá Unesco er ein stærsta viðurkenning sem svæðið hefur fengið fyrir einstaka náttúru og samspil við samfélagið. Þessi vottun mótar stefnu svæðisins í umhverfismálum og í uppbyggingu áningarstaða innan jarðvangsins.

Stór landsvæði innan sveitarfélaganna á Reykjanesi njóta verndar, m.a. vegna jarðmyndana eða vatnsverndar og einstaka staðir eru friðaðir með öðrum hætti eða njóta hverfisverndar. Austasti hluti Grindavíkurbæjar er innan Reykjanesfólkvangs.

Landslagið á Reykjanesi einkennist af hraunbreiðum en talið er að um tólf hraun hafi runnið á Reykjanesi frá því að land byggðist á 9. öld eða að meðaltali eitt hraun á öld. Hraun sem rennur á Reykjanesi er aðallega sprungugos, þ.e. mikið magn hrauns kemur upp úr gígum á sprungum en lítið af ösku (Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).

Jarðvættir og minjar tengjast eldvirkni svæðisins og menningar/sögu þess auk þess samspils sem hefur átt sér stað milli þessara tveggja þátta.

Jarðvættir og minjar hafa verið kortlagðar á svæðinu af Minjastofnun og fleiri aðilum og má nálgast lista yfir þá í aðalskipulagi hjá öllum sveitarfélögum. Þessir jarðvættir og minjar hefur Reykjanes Geopark einnig

listað upp og forgangsraðað í samstarfi við sveitarfélög með tilliti til mikilvægis, aðgengi og uppbyggingu. Nánar er farið yfir þá þætti í aðgerðaáætlun um umhverfismál og uppbyggingu áningarstaða í kafla 6.5.2.1.

3.4.7 Kvikmyndataka og ljósmyndun

Reykjanesið er aðgengilegt og mjög vinsælt til hvers konar myndatöku, hvort sem um er að ræða kvikmyndir, tónlistarmyndbönd eða ljósmyndun. Það hefur ekki verið eitt af meginmarkmiðum svæðisins að laða að þessa þjónustu en Markaðsstofa Reykjaness hefur haldið utanum upplýsingar, aðstoðað og fylgst með stærri verkefnum sem hafa verið unnin á svæðinu og haldið lista um þau.

3.5 MANNVIRKI OG INNVIÐIR

3.5.1 Samgöngur

Samgöngur eru einn mikilvægasti hlekkurinn í frekari þróun og uppbyggingu í ferðaþjónustu og þar eru samgöngur á Reykjanesi engin undantekning.

Þegar rætt er um samgöngur á svæðinu þá eru nokkrir þættir sem eru hafðir í huga:

- Samgöngur og aðgengi inn og út af svæðinu.
- Samgöngur og aðgengi innan svæðisins.
- Aðgengi að áningarstöðum.

3.5.2 Sjóleið - Hafnir

Góðar hafnir eru í öllum sveitarfélögum á Reykjanesi en þær eru að takmörkuðu leyti nýttar beint í ferðaþjónustu. Hvalaskoðunarfyrirtæki gerir út starfsemi sína út frá smábátahöfninni í Grófinni í Reykjanesbæ og verkefni er í gangi um starfsemi við höfnina í Vogunum.

Hafnirnar í Grindavík, Keflavík og Helguvík eru þær hafnir sem nefnar eru þegar rætt er um möguleika á móttöku skemmtiferðaskipa, en stærð þeirra og þjónusta segir til um hversu stórum skipum er hægt að taka á móti (Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).

Tækifæri liggja í frekari vöruþróun tengdri höfnunum en það hefur ekki verið forgangsmál fram til þessa. Eitthvað hefur verið um það að ferðaskipuleggjendur og fulltrúar skemmtiferðaskipafyrirtækja hafa sýnt svæðinu áhuga sem skiptisvæði fyrir skipin vegna nálægðarinnar við Keflavíkurflugvöll.

3.5.3 Landleið – vegir

Tvær megin stofnleiðir liggja til og frá Reykjanesi. Annars vegar um Reykjanesbraut inn á Höfuðborgarsvæðið og hins vegar Suðurstrandarvegur inn á Suðurlandið. Þessar stofnleiðir eru þjónustaðar af Vegagerðinni. Vegasamgöngur eru almennt góðar á Reykjanesi. Þeir vegir sem tengja saman byggðalög og athafnasvæði eru

skilgreindir sem stofnvegir, þ.e. um er að ræða hluta af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Grindavíkurvegur, Hafnavegur, Garðskagavegur og Suðurstrandarvegur eru allir skilgreindir í vegflokkum C8, C9 eða C10, þ.e. vegir með tveimur akreinum og 7 til 10 metra heildarbreidd. Ekki eru takmarkanir á burðarþoli vega á Suðurnesjum.

Að vetri til eru Reykjanesbraut, Garðskagavegur og Grindavíkurvegur mokaðir alla daga vikunnar gerist þess þörf. Hafnavegur eru mokaður tvisvar sinnum í viku sé þörf á og Suðurstrandarvegur var nýlega hækkaður um flokk og er nú mokaður fimm sinnum í viku. Þessi breyting á þjónustu við Suðurstrandarveg gerir það að verkum að hægt er að auka vöruframboð á þessu svæði og bæta því inn í markaðsefni á svæðinu.

Mikilvægt er fyrir heilsárs ferðaþjónustu á svæðinu er að þjónusta við þessar fyrrgreindu leiðir sé aukin og tryggi aðgengi að helstu náttúru-segnum á svæðinu (Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).

3.5.4 Loftleið - Keflavíkurflugvöllur

Á Reykjanesi er aðal alþjóðaflugvöllur landsins, Keflavíkurflugvöllur og hefur hann verið í miklum vexti á undanförunum árum. Á völlum eru tvær brautir í notkun. Báðar eru þær ríflega 3.000 metrar að lengd og uppfylla öll alþjóðleg viðmið. Fjöldi farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 1985. Þannig fóru á árinu 2017 8.755.352 farþegar um Keflavíkurflugvöll sem er aukning um rúm 28% frá árinu 2016.



Mynd 5: Keflavíkurflugvöllur

Flugstöðin hefur verið stækkuð nokkrum sinnum til þess að bregðast við auknum farþegafjölda.

Isavia vinnur ítarlega spá fyrir komandi ár um fjölda farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll. Spáin fyrir árið 2019 sýnir áframhaldandi mikla fjölgun farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll. Mest verður fjölgunin meðal skipti-farþega, sem millilenda á flugvöllum á leið sinni milli Evrópu og Norður-Ameríku. Árið 2018 er reiknað með að farþegar sem fara um Keflavíkurflugvöll verði rúmlega 10 milljónir, þar af verða tæplega 4 milljónir skiptifarþegar.

Alls verða 28 flugfélög með áætlunarferðir frá Keflavíkurflugvelli næsta sumar og áfangastaðir í beinu flugi verða 101. Næsti innanlandsflugvöllur er Reykjavíkurflugvöllur. Á völlum eru tvær brautir. Þaðan er flogið til átta

áfangastaða innanlands auk nokkurra staða á Grænlandi og í Færeyjum (Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).

Reykjanesið er þeirrar gæfu aðnjótandi að vera með alþjóðaflugvöll og þurfa því ekki, eins og mörg landsvæði, að stóla eingöngu á ferðamenn. Nálægð við flugvöllinn skapar tækifæri fyrir svæðið og mikilvægt að tryggja frekari þróun við nærsvæðið með uppbyggingu og markaðssetningu þess um leið og unnið er með áfangastaðinn Reykjaness.

3.5.5 Almenningsamgöngur

Áætlunarferðir Strætó bs eru á milli Reykjanessbæjar/ Keflavíkurflugvallar og Hafnarfjarðar/Reykjavíkur alla daga vikunnar. Þá eru ferðir milli annarra þéttbýliskjarna og Reykjanessbæjar daglega. Farþegar úr Grindavík og

Vogum geta tengst leiðarkerfi Strætó á biðstöðvum við Reykjanessbraut.

Reykjanessbær rekur almennings-samgöngur innan sinna bæjarmarka.

3.5.6 Áningarstaðir og bílastæði

Reykjaness Geopark hefur skilgreint 55 staði sem jarðvætti og / eða minjar (e. geosite) eins og fram kemur í kafla 3.4.6 um jarðvætti og minjar og listaðir eru upp í kafla 6.5.2.1 um forgangs röðun í uppbyggingu áningarstaða.

Til viðbótar eru fleiri staðir skilgreindir sem áhugaverðir í áætlun Reykjaness Geopark um uppbyggingu áningarstaða sem tengjast sögu sveitarfélaganna og eru mikilvægir innan þeirra marka. Þar er jarðvættunum líst nánar. Listinn er upphaflega frá árinu 2012 en uppfærður 2015 í tengslum við umsókn Reykjaness Geopark að Global Geoparks Network og aftur 2018 vegna vinnu við Áfangastaðinn Reykjaness.

Í áætlun Reykjaness Geopark eru staðirnir listaðir upp og flokkaðir eftir tegund, mikilvægi, gildi, verndarákvæðum, ógnunum og aðgengi. Þá er þörf á uppbyggingu innviða forgangsraðað.

Rétt er að hafa í huga að sá fjöldi staða sem listaður er upp er nokkuð hár á ekki stærra svæði. Reykjanesskaginn er hins vegar merkilegt svæði með einstakar minjar sem vilji er til að gæta fyrir komandi kynslóðir. Þar af leiðandi verður lögð meiri áhersla á ákveðna staði en minni á aðra til að byrja með.

Þá þarf einnig að hafa í huga að á listanum kemur jafnframt fram hvort að byggja eigi staðina upp eða ekki og þannig hvort að þeir eigi að vera aðgengilegir eða ekki.

3.5.7 Útivistarstígar

Reykjanesið er víðast hvar mjög aðgengilegt og hentar vel til hvers konar útivistar. Margar gönguleiðir liggja um svæðið og telja í heildina um 230 km. Helstu gönguleiðir hafa verið skilgreindar, stikaðar og kortlagðar. Árið 2017 gaf Reykjaness Geopark út gönguleiðakort sem tilgreinir allar vinsælustu gönguleiðir svæðisins utan göngusvæða innan bæjarmarka þéttbýliskjarnanna.

Merkta gönguleiðir

Landslag Reykjaness Geopark er vinsælt göngu- og útivistarsvæði. Þar má finna fjölbreyttar gönguleiðir en margar þeirra eru fornar þjóðleiðir. Þjóðleiðirnar eru oft og tíðum markaðar fallega hlöðnum vörðum þar sem vel má sjá götuna markaða í bergið eftir hófför og fótspor fyrri alda. Einnig má finna á svæðinu styttri og lengri leiðir sem útbúnar hafa verið á síðustu árum sem henta vel til fræðslu eða skemmtunar. Hægt er að nálgast lista yfir gönguleiðir innan svæðisins og gönguleiðakort í viðauka 1.

3.6 ÖRYGGISMÁL

3.6.1 Upplýsingagjöf

Upplýsingamiðstöðvar og gestastofur á Reykjanesskaganum upplýsa ferðamenn svæðisins um öryggismál í samvinnu við Savetravel. Savetravel heldur utanum upplýsingar um öryggisþætti við ferðalög og dreifir upplýsingum um það til upplýsingamiðstöðva og fleiri aðila sem sinna þjónustu við ferðamenn daglega.

Vegagerðin uppfærir upplýsingar reglulega um færð á vegum og Veðurstofa Íslands gefur daglega út aðgengilegar upplýsingar um veðurfar og spár.

3.6.2 Landvarsla

Umhverfisstofnun hefur skipað einn landvörð sem hefur Reykjanesið í umsjá sinni og er starfsstöð hans í Vestmannaeyjum. Einn landvörður starfar í Reykjaness fólkvangi yfir sumarmánuðina. Auka fjármagn var sett í landvörslu á landsvísi árið 2017. Um var að ræða tímabundin verkefni og fékk Reykjanesskaginn tvo landverði í 16 vikur til að hafa umsjón með svæðum á Reykjanesi utan friðlýstra svæða. Landverðirnir störfuðu til áramóta 2017/2018 og skiluðu af sér stöðuskýrslu í kjölfarið.


Reykjaness Geopark vinnur að því í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu að Reykjanesið fái tvær stöður landvarða á Reykjanesinu. Mikilvægt er að Reykjanesið fái landverði inn á svæðið til að auka sýnileika á svæðinu, fyrir verndun viðkvæmra svæða og til að auka upplýsingagjöf og fræðslu til bæði heimamanna og gesta svæðisins (Reykjaness UNESCO Global Geopark, 2018).

3.6.3 Sýslumaður

Á Suðurnesjum situr einn sýslumaður og hefur hann aðsetur í Reykjanessbæ. Sýslumaður fer með framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins á Suðurnesjum, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fer hann með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum. Sýslumaður gefur út rekstrarleyfi til gististaða.

3.6.4 Löggæsla

Reykjanesið er eitt lögregluumdæmi. Lögreglan á Suðurnesjum fer með löggæslu í öllum sveitarfélögum fjórum á Reykjanesi. Aðal starfsstöð hennar er í Reykjanessbæ (aðalskrifstofa) en grenndargæsla er í öllum öðrum sveitarfélögum. Embættið sér einnig um landamæragæslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Embættinu er skipt niður í þrjú svið, skrifstofu lögreglustjóra, löggæslusvið og lögfræðisvið. Undir löggæslusvið falla almenn deild, rannsóknardeild og flugstöðvardeild. Í árslok voru þar 106,7 ársverk.



Mynd 6: Leiðakort strætó á Reykjanesi 2017

3.6.5 Heilsugæsla

Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja nær yfir sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur miðstöð í Reykjanesbæ, þar hafa stjórnendur aðsetur og þar er líka heilsugæslustöð og sjúkrahús með vaktþjónustu. Heilsugæslustöð er í Grindavík og heilsugæslusel í Vogum.

3.6.6 Slökkvilið og sjúkraflutningar

Á Suðurnesjum eru þrjú slökkvilið. Brunavarnir Suðurnesja er skipað bæði atvinnu- og hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum. Starfssvæði BS eru öll sveitarfélög á Suðurnesjum utan Grindavíkur og flugverndarsvæðis Keflavíkurflugvallar. Samvinna er við Flugvallarþjónustuna á Keflavíkurflugvelli sem rekur eigið slökkvilið, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið Grindavíkur, Slökkvilið Borgarbyggðar og Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar en þrjú þau síðastnefndu eru útkallsslökkvilið. Slökkvilið Grindavíkurbæjar sinnir slökkvistörfum í Grindavík. Þar er starfandi slökkviliðsstjóri í fullu starfi.

3.6.7 Almannaðarnir

Á Suðurnesjum eru starfandi tvær almannavarnarnefndir, þ.e. almannavarnarnefnd Suðurnesja og almannavarnarnefnd Grindavíkur. Nefndirnar eru skipaðar af sveitarstjórn og er hlutverk þeirra stefnumótun og skipulagning almannaðarna í héraði. Í nefndinni

sitja lögreglustjóri auk fulltrúa sveitarstjórna. Nefndirnar vinna að gerð hættumats og viðbragðsáætlana, í samvinnu við ríkislögreglustjóra ásamt því að endurskoða og framkvæma prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

3.6.8 Björgunarsveitir og slysavarnadeildir

Reykjanesið er skilgreint sem svæði 2 hjá Landsbjörg. Þar er ein svæðis-stjórn sem stýrir aðgerðum, fimm björgunarsveitir, fimm slysavarna-deildir, fimm unglingadeildir og tvö björgunarskip (Slysavarnarfélagið Landsbjörg, 2017).

- Björgunarsveitin Ægir, Garði.
- Björgunarsveitin Sigurvon, Sandgerði.
- Björgunarsveitin Skyggir, Vogum.
- Björgunarsveitin Suðurnes, Reykjanesbæ.
- Björgunarsveitin Þorbjörn, Grindavík.
- Slysavarnadeildin Dagbjörg, Reykjanesbæ.
- Slysavarnadeildin Sigurvon, Sandgerði.
- Slysavarnadeildin Þorbjörn, Grindavík.
- Slysavarnadeildin Þórkatla, Grindavík.
- Slysavarnadeildin Una, Garði.
- Unglingadeildin Hafbjörg, Grindavík.
- Unglingadeildin Klettur, Reykjanesbæ.
- Unglingadeildin Rán, Garði.
- Unglingadeildin Tígull, Vogum.
- Unglingadeildin Von, Sandgerði.
- Svæðisstjórn svæði 02, Aðgerðastjórn.
- Björgunarskip Grindavíkur, Grindavík.
- Björgunarskip Sandgerðis, Sandgerði.
- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.

3.6.9 Rauði krossinn

Á Reykjanesi eru starfandi tvær deildir, Suðurnesjadeild og Grindavíkurdeild. Neyðarvarnir/fjöldahjálp. Samstarf er milli deildana um framkvæmd neyðarvarna á Suðurnesjum. Stór þáttur í neyðarvörnum á svæðinu tengist Keflavíkurflugvelli en Rauði krossinn er jafnan kallaður til þegar hætta er á neyð vegna flugs. Sjálfboðaliðar fá fræðslu og þjálfun til að bregðast við neyðarástandi og taka þátt í flugslysaaæfingum á Keflavíkurflugvelli. Fjöldahjálparstöðvar eru í Grindavík, Reykjanesbæ, Sandgerði, Garði, Vogum og Höfnum.

Skyndihjálparnámskeið eru haldin reglulega fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga og námskeið í sálrænum stuðningi eru haldin eftir þörfum (Rauði Krossinn, 2017).

3.7 MENNTUN, RANNSÓKNIR OG VÖKTUN

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gert samninga til þriggja ára við háskóla og nokkur þekkingarsetur. Auk þess starfrækir Háskóli Íslands rannsóknasetur á nokkrum stöðum á landinu. Þekkingarsetrin eru mikilvægur þáttur stoðkerfisins í hverjum landshluta.

3.7.1 Menntun og fræðsla

Keilir
Keilir er alhliða menntastofnun í meirihlutaeigu Háskóla Íslands, Kadeco, Orkuveitu Reykjavíkur, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, fyrirtækja og almannasamtaka. Keilir var stofnaður árið 2007 á Ásbrú til að bregðast við atvinnuleysi á svæðinu en einnig til að sinna kjarnastarfi í uppbyggingu svæðisins eftir brottför varnarliðsins. Námið í Keili byggir að miklu leyti á nánu samstarfi við atvinnulíf á Suðurnesjum en það skiptist í fjögur sérhæfð svið og innan hvers sviðs er fjölbreytt námsframboð. Sviðin fjögur eru; Háskólabrú, sem miðar að því að undirbúa nemendur fyrir háskólanám, Flugakadéma, sem býður upp á flugnám og flug-virkjanám, Íþróttakadéma sem veitir IAK þjálfaranám, leiðsögunám í ævin-týraferðamennsku og fóta-aðgerða-fræði.

Eftir stofnun skólans hafa um 3.000 manns útskrifast úr skólanum, þar af um helmingurinn af Háskólabrú þar sem um 85% hafa haldið í háskólanám bæði innanlands og erlendis. Þá hefur Keilir verið í fararbroddi meðal íslenskra skóla við innleiðingu nýrra kennsluhátta.

Keilir er einn af stofnaðilum Reykjanes Geopark og hefur lagt til starfsmann í jarðvísindum við ýmis verkefni tengd jarðvanginum.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) var stofnuð 10. desember 1997.

Mikil fjölgun valkosta varð í menntunarmálum á Suðurnesjum við stofnun miðstöðvarinnar. Þar með varð aðgengi almennings að námskeiðum meira og aukið svigrúm skapaðist til sí- og endurmenntunar. Á þeim árum sem Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hefur verið starfrækt hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt og námsframboðið tekið mið af þörfum viðskiptavina hverju sinni.

Meginhlutverk MSS er að efla sí- og endurmenntun Suðurnesjamanna, auka menntun og lífsgæði íbúa svæðisins og efla þannig einstaklinga og atvinnulíf.

MSS hefur í auknu mæli verið að bjóða uppá námskeið og ráðgjöf fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu á svæðinu sem miða að þörfum og eftirspurn hverju sinni. Nýverið hófu þau samstarf við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar um að bjóða uppá námskeið og ráðgjöf til ferðaþjónustufyrirtækja og starfsmanna þeirra.

3.7.2 Rannsóknastofnanir

Þekkingarsetur Suðurnesja
Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað 1. apríl 2012 af öllum sveitarfélögunum á Suðurnesjum, Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurnesjum, Náttúrustofu Suðvesturlands og Keili. Þekkingarsetrið er sjálfseignarstofnun rekin af opinberum framlögum ríkis og sveitarfélaga. Þann 21. nóvember 2012 var skrifað undir samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum.

Þekkingarsetur Suðurnesja starfar á þekkingargrunni Fræðaseturs

Sandgerðisbæjar, Botndýra-stöðvarinnar, Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands. Starfsemin tekur mið af markmiðum, hlutverki og skyldum allra stofnananna.

Markmið Þekkingarseturs Suðurnesja snúa meðal annars að:

- Rannsóknun og þróun.
- Háskólanámi og samþættingu þekkingarstarfs.
- Símenntun og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum.

Þekkingarsetrið er einn af stofnaðilum Reykjanes Geopark og hefur verið virkur samstarfsaðili í verkefnum sem miða að því að efla fræðslu náttúru og lífríkis svæðisins til almennings. Meðal verkefna sem þau hafa tekið þátt í er vinna við og útgáfa á fuglaskoðunarkorti Reykjaness og þróun talsmanns fyrir Reykjanes Geopark.

Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja
Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja var stofnað 27. apríl 2011. Heklan er samstafsverkefni ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum og styður við atvinnuþróun á Suðurnesjum í samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, samtök, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Ætlunin er að félagið verði fyrsti viðkomustaður þeirra sem til stoðkerfisins leita og vísi aðilum þangað sem aðstoð er að fá í hverju tilviki.

Meðal verkefna er úrvinnsla gagna, greiningar og rannsóknir á þeim þáttum sem snerta á atvinnu- og byggðamálum svæðisins auk nýsköpunarmála.



FERÐAÞJÓNUSTAN VEX

4. STÖÐUGREINING - FERÐAÞJÓNUSTA Á REYKJANESI

4.1 Þjónusta - þjónustuaðilar

Ferðapjónusta á Reykjanesi hefur vaxið töluvert á síðustu árum og fjöldi þjónustuaðila aukist samfara því. Í þessum kafla höfum við kortlagt þjónustuaðila á svæðinu eftir þjónustuflokkum og hægt er að sjá fjölda aðila í hverjum flokki. Ekki liggur fyrir stærð allra eininganna eða umfang en fjöldi þeirra gefur ágæta mynd af stöðunni í dag.

4.1.1 Sveitarfélög

Eins og fram kemur í upphafi skýrslunnar þá eru fjögur sveitarfélög innan áfangastaðarins Reykjaness. Bein aðkoma þeirra að ferðapjónustu er mis mikil og misjöfn en öll koma þau að því að byggja upp sameiginlegan vettvang til að efla áfangastaðinn með samstarfi við Markaðsstofu Reykjaness, Reykjanes UNESCO Global Geopark og Hekluna atvinnuþróunarfélag Suðurnesja.

Ferðapjónustan er ung atvinnugrein á Reykjanesi og endurspeglast það einnig hjá sveitarfélögunum sem hafa í auknu mæli verið að setja sér stefnu í málaflokknum og uppfæra þær stefnur sem fyrir voru. Mörg mál og verkefni eru unnin á þessum samstarfsvettvangi sem nefnd eru hér fyrir ofan en við bætast verkefni og mál sem snerta sveitarfélögin sjálf meira en áfangastaðinn í heild.

Þátttaka og aðkoma sveitarfélaganna í málefnum ferðapjónustunnar er mikilvægur hlekkur í frekari þróun hennar til framtíðar.

Hér verður stiklað á störu varðandi tengingar og snertifleti sveitarfélaganna við ferðapjónustu á svæðinu.

Reykjanesbær
Reykjanesbær er stærsta sveitarfélagið og innan marka sveitarfélagsins eru flest skráð ferðapjónustufyrirtæki á Reykjanesi staðsett. Það er megin miðstöð þjónustu á svæðinu.

Sveitarfélagið hefur lengi verið með öfluga stefnu á sviði menningarmála sem hefur haft snertifleti við ferðapjónustuna og endurspeglast það í öflugum starfi safna og sýninga í sveitarfélaginu og uppbyggingu í tengslum við sögu sveitarfélagsins, eins og t.d. gömlu húsin í Duus, Stekkjarkot og uppgröftur í Höfnum (Reykjanesbær, 2008).

Reykjanesbær er jafnframt með stefnu í umhverfismálum og uppbygging innan sveitarfélagsins á síðustu árum tekið aukið mið af þörfum ferðapjónustunnar (Reykjanesbær, 2004).

Árið 2017 var gefin út sérstök stefna í ferðamálum fyrir sveitarfélagið. Þar sem nánar er farið yfir áfangastaðinn Reykjanesbæ þar sem náttúra og menning svæðisins eru leiðandi þættir í þróun ferðapjónustunnar (Reykjanesbær, 2017).

Sveitarfélagið Sandgerði og Garður
Sveitarfélagið Sandgerði og sveitarfélagið Garður voru sameinuð í maí 2018 og því verða þau tekin saman að sinni en þörf er á að endurrita kaflann þegar nýtt sameinað sveitarfélag hefur gefið út sínar stefnu.

Ferðapjónusta hefur fengið aukið vægi innan marka sveitarfélaganna á undanförnum árum. Unnið var stefnumótandi verkefni í Garði árið 2014 sem unnið hefur verið eftir t.d. með uppbyggingu á Garðskaga sem er eitt af þekktustu kennileitum Reykjanesskagans og einn vinsælasti áningarstaður svæðisins. Þá liggur einnig fyrir umhverfisstefna sveitarfélagsins frá árinu 2016 (Sveitarfélagið Garður, 2009).

Í Sandgerði hefur ekki verið unnin stefna í ferðamálum en umhverfismál hafa komið inn á þann málaflokk með óbeinum hætti. Einna helst í tengslum við Keflavíkurflugvöll, uppbyggingu við hafnarsvæðið í Sandgerði, merkingar og uppbyggingu gönguleiða ofl. (Sandgerðisbær, ódagsett). Þá hefur ferðamannaleið verið að byggjast upp um Ósabotna með áningarstöðum eins og Hvalsneskirkju og Básendum.

Grindavíkurbær
Þó ekki hafi verið unnin eiginleg ferðamálastefna fyrir Grindavíkurbæ, þá er ferðapjónusta og umhverfismálum gerð skil í Aðalskipulagi sveitarfélagsins 2010-2030. Auk þess hefur sveitarfélagið lagt áherslu á heilsu og framleiðslu í tengslum við nálægð við náttúruna, tækifæri til útivistar og Bláa lónið, auk þess sem aðgengi að hágæða hráefni sjávar er með því besta sem gerist á landinu.

Í aðalskipulaginu er jafnframt gert grein fyrir Reykjanes Geopark og hlutverki Grindavíkurbæjar í því samhengi. Sveitarfélagið hefur verið leiðandi í þeirri vinnu og taka störf nefnda tillit til þess í afgreiðslu mála.

Grindavíkurbær hefur gefið út menningarstefnu sem ýtir undir öflugt menningarlíf íbúa en ekki síður til að skapa aðstöðu og vettvang til viðburða og halda á lofti sögu og menningu sveitarfélagsins. Öflugt menningarlíf er aðdráttarafl gesta (Grindavíkurbær, 2013).

Grindavíkurbær í samstarfi við ferðapjónustufyrirtæki í sveitarfélaginu heldur úti vefsvæðinu visitgrindavik.is þar sem finna má allar helstu upplýsingar um ferðapjónustu í Grindavík.

Sveitarfélagið Vogar
Ferðapjónusta í Vogum og á Vatnsleysuströnd fer vaxandi og leitar sveitarfélagið í auknu mæli leiða í þjónustu á svæðinu til að koma til móts við þá þróun.

Þó ekki hafi verið unnin stefna í ferðamálum og umhverfismálum þá hefur sveitarfélagið stuðst við þá stefnu sem Reykjanes Geopark setur fram og Markaðsstofa Reykjaness, auk þess sem sveitarfélagið hefur komið með ábendingar inn í þá vinnu. Til stendur að setja af stað vinnu við þennan málaflokk hjá sveitarfélaginu og hafa uppbyggingaráform tengd útivist og umhverfismálum nú þegar verið sett í gang.

Menningarstefna var samþykkt 2016 þar sem ýtt er undir öflugt menningarstarf innan svæðisins og leiðir til þess lagðar fram.

Upplýsingar um ferðapjónustu í Vogunum er hægt að nálgast á vef sveitarfélagsins auk þess eru upplýsingar aðgengilegar um gönguleiðir og fræsluskilti (Sveitarfélagið Vogar, 2018).

4.1.2 Markaðsstofa Reykjaness

Markaðsstofa Reykjaness var stofnuð árið 2009 af Ferðamálasamtökum Suðurnesja en var árið 2012 færð undir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Markaðsstofan er samstarfsvettvangur sveitarfélaga, ríkis og ferðapjónustuaðila í markaðssetningu svæðisins sem áfangastaðar.

Helsta hlutverk MR er að samræma markaðs- og kynningarmál ferðapjónustu á Reykjanesi gagnvart innlendum og erlendum ferðamönnum.

• Að þróa og styrkja ímynd Reykjaness sem áhugaverðan áfangastað á Íslandi.

• Að vinna með ferðapjónustunni og sveitarfélögum á svæðinu.

• Að vinna með upplýsingamiðstöðvum og gestastofum á svæðinu og samræma upplýsingar sem gefnar eru út.

• Að aðstoða hagsmunaaðila við að taka saman, samræma markaðsaðgerðir og viðburði innan svæðisins og vera ráðgefandi við markaðssetningu.

• Að taka saman rannsóknir á ferðahegðun og markhópagreiningu.

• Að stuðla að nýsköpun í ferðapjónustu á svæðinu, veita aðstoð og ráðgjöf.

• Að stuðla að námskeiðum og vinnustofum um markaðsmál og nýsköpun fyrir fyrirtæki í ferðapjónustu og starfsmenn þeirra.

• Að markaðssetja og kynna Reykjanes á vefnum og í samfélagsmiðlum, með útgáfu og þátttöku í vinnustofum, sýningum og markaðsverkefnum innanlands og erlendis.

• Að taka þátt í verkefnum sem snúa að þróun ferðamála á Reykjanesi.

Þá er mikið og öflugt samstarf milli markaðsstofunnar og Reykjanes Gepar­k í vöruþróun, ráðgjöf og fræðslu innan svæðisins og utan.

4.1.3 Reykjanes UNESCO Global Geopark

Eins og fram hefur komið um Reykjanes Geopark þá gegnir hann veigamiklu hlutverki í uppbyggingu áningarstaða og umhverfismálum á svæðinu. Verkefni stofnunarinnar eru þó mun fjölbreyttari og koma inn á vörupróun, fræðslu og markaðssetningu.

Geoparkfyrirtæki

Eitt af verkefnum Reykjanes Geopark er að efla ferðapjónustufyrirtæki og tengda þjónustuaðila til að vinna að því að efla sjálbærni og stuðla að aukinni vitundarvakningu um málefni umhverfisins.

Með því að gerast Geopark fyrirtæki gefst fyrirtækjum kostur á að nota merki jarðvangsins í markaðssetningu og að merkja vörur sem framleiddar eru á svæðinu.

Geofood

Unnið er að því í samstarfi við Reykjanes Geopark að ýta undir frekari vörupróun matar úr héraði, hvort sem um er að ræða framleiðslu eða framreiðslu.

Eitt af þeim verkefnum sem hafa verið í gangi á undanfórnum árum er alþjóðlegt verkefni á vegum norræna jarðvanga „Geofood” sem miðar að því að efla framleiðslu matvæla í héraði og ýta undir frekari nýtingu hráefna af svæðinu og auka virði vörunnar.

Nokkrir veitingastaðir tóku þátt í verkefninu en stefnt er að því að þróa það frekar í samstarfi við framleiðsluaðila og veitingastaði á svæðinu.

4.1.4 Upplýsingamiðstöðvar og gestastofur

Gestastofa Reykjanes Geopark og Upplýsingamiðstöð Reykjaness svokölluð landshlutamiðstöð er starfrækt allt árið í Duushúsum í Reykjanesbæ. Upplýsingamiðstöðin er rekin af Reykjanesbæ með stuðningi frá Ferðamálastofu en hún er jafnframt skilgreind sem gestastofa Reykjanes Geopark.

Markmið með rekstri og uppbyggingu gestastofu Reykjanes jarðvangs er að sinna allri almennri upplýsingamiðlun til gesta Reykjanesskagans um náttúru, mannlíf og þjónustu svæðisins.

Markmið með rekstri upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í gestastofu jarðvangsins er að styðja við rekstur gestastofunnar og að sinna hlutverki landshlutamiðstöðvar fyrir Reykjanesið með því að tryggja trausta upplýsingamiðlun um ferðapjónustu á Reykjanesi.

Starfsmenn gestastofunnar/ upplýsingamiðstöðvarinnar veita úrvals þjónustu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og beina kröftum sínum að faglegri og hlutlausri upplýsingagjöf til ferðamanna. Í öllum sveitarfélögum er rekinn vísir að upplýsingamiðstöð í íþróttamiðstöðvum sveitarfélaganna, Byggðasafninu Garðskaga og Þekkingarsetrinu í Sandgerði. Sjá nánar kafla 2.7.6 um upplýsingamiðstöðvar og gestastofur.

Ísavia rekur upplýsingapjónustu sem miðar að því að aðstoða gesti flugstöðvarinnar og vísa þeim á viðeigandi lausnir sinna mála.

Reykjanes Geopark vinnur um þessar mundir að uppsetningu og gerð svokallaðra ómannaðra gestastofa. Um er að ræða bæklinga- og upplýsingaeiningar sem hægt er að setja upp í öllum sveitarfélögum.

Stefnt er að því að setja upp upplýsinga- og/eða gestastofur í öllum sveitarfélögum á Reykjanesi. Allt frá því að vera mannlausar upplýsingalausnir í fulla þjónustu upplýsingamiðstöðvar.

Aðal upplýsingamiðstöð svæðisins og gestastofa Reykjanes Geopark er í Duushúsum í Reykjanesbæ. Hún er opin nær alla daga ársins. Aðrar upplýsinga- og gestastofur eru áætlaðar í Grindavík, Þekkingarsetrinu Sandgerði, Byggðasafninu Garðskaga og Íþróttamiðstöðinni í Vogum. Próun gestastofanna er samstarfsverkefni sveitarfélaganna, viðkomandi stofnana, Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanes Geopark sem leiðir verkefnið.

Nánar er farið yfir þróun upplýsinga- og gestastofa innan svæðisins í aðgerðaráætlun í kafla 6.5.1.5 um upplýsingar og öryggismál.

Þá vinnur Ferðamálastofa að verkefni um endurskoðun upplýsingaveita á landsvísu sem getur haft áhrif á rekstur og umhverfi upplýsingamiðstöðva og gestastofa jarðvangsins (Ferðamálastofa, 2018). Ekki er þó ljóst hvert áframhald þeirrar vinnu verður þegar þessi áætlun er lögð fram.

4.1.5 Ferðaskrifstofur

Samkvæmt lögum um skipan ferðamála merkir ferðaskrifstofa aðili sem býður fram og selur alferðir í atvinnuskyni, innan lands eða erlendis. Alferð / pakkaferð er fyrirfram ákveðin samsetning tveggja eða fleiri þátta sem seldir eru saman á einu verði:

- Flutningur og gisting.

- Gisting og afþreying s.s. hesta-, skoðunar-, gönguferðir, sigling o.s.frv.

- Flutningur og afþreying (Ferðamálastofa, 2018).

Á Reykjanesi eru skráðar fimm ferðaskrifstofur sem hafa fengið útgefið leyfi frá Ferðamálastofu.

Nokkrar ferðaskrifstofur eru skráðar utan Reykjanessins en bjóða uppá ferðir eða þjónusta það og gesti þess með ferðum um svæðið.

Hægt er að nálgast lista yfir ferðaskrifstofur innan og utan svæðisins í viðauka 2.

4.1.6 Ferðaskipuleggjendur

Það sem einkennir ferðaskipuleggjanda og aðgreinir hann frá ferðaskrifstofu er að sá viðburður, ferð, sýning eða annað sem ferðaskipuleggjandi annast, fer fram á innan við sólhring. Ef ferðin/varan er yfir nótt og samsett með þeim hætti, þarf viðkomandi að vera með ferðaskrifstofuleyfi.

Á Reykjanesi eru 45 aðilar skráðir sem ferðaskipuleggjendur og hafa fengið útgefið leyfi frá Ferðamálastofu (Ferðamálastofa, 2018).

Nokkrir aðilar utan Reykjanessins eru skráðir í gagnagrunn ferðaþjónustunnar sem bjóða uppá ferðir eða þjónusta það og gesti þess með ferðum um svæðið.

Hægt er að nálgast lista yfir ferðaskipuleggjendur innan og utan svæðisins í viðauka 3.

4.1.7 Upplýsinga- og bókunarþjónusta

Fyrirtæki geta skráð þjónustu sína sem bókunarþjónustu eða upplýsingamiðstöð. Ekki er um eiginlegan leyfisferil að ræða heldur einfalda skráningu. Bókunarþjónusta merkir starfræksla hvers kyns bókunarþjónustu til almennings, fyrir ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur, hvort sem er innan lands eða erlendis, þar með talin rafræn bókunarþjónusta.

Upplýsingamiðstöð merkir aðili sem stundar hlutlausa upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingamiðstöð hvorki setur saman, býður til sölu né auglýsir ferðir eða aðra ferðatengda starfsemi.

Alls eru 14 aðilar á Reykjanesi skráðir í þennan flokk. Sumir eru þó einnig skráðir sem ferðaskipuleggjendur eða ferðaskrifstofur (Ferðamálastofa, 2018).

Nokkrir aðilar eru skráðir sem bókunarþjónusta utan Reykjanessins í gagnagrunn ferðapjónustunnar en bjóða uppá þjónustu á svæðinu engu að síður.

Hægt er að nálgast lista yfir upplýsinga- og bókunarþjónustu innan og utan svæðisins í viðauka 4.

Hafa þarf í huga að Ferðamálastofa hefur verið að leiða vinnu við endurskoðun upplýsingaveita á landsvísu sem getur haft áhrif á rekstur og umhverfi upplýsingamiðstöðva (Ferðamálastofa, 2018).

4.1.8 Gisting

Í lögum og reglugerð um veitinga- og gististaði eru gististaðir flokkaðir eftir því hvort veitingar eru jafnframt á boðstólum á viðkomandi gististað.

- **Flokkur I:** Heimagisting.

- **Flokkur II:** Gististaður án veitinga.

- **Flokkur III:** Gististaður með veitingum en þó ekki áfengi-sveitingum

- **Flokkur IV:** Gististaður með áfengisveitingum.

Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu fyrir gesti. Hver einstök tegund gististaða getur fallið undir fleiri en einn framan-greindan flokk gististaða, í samræmi við þá starfsemi sem rekstrarleyfi viðkomandi staðar hljóðar um:

- **Hótel:** Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og veitingar að einhverju tagi framleiddar á staðnum. Fullbúin baðaðstaða skal vera með hverju herbergi.

- **Stærra gistiheimili:** Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 6 herbergi eða fleiri eða rými fyrir fleiri en 10 einstaklinga. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.

- **Minna gistiheimili:** Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 5 eða færri herbergi eða hefur rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gerð krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.

- **Gistiskáli:** Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel).

- **Fjallaskálar:** Gisting í herbergjum eða í svefnskálum utan alfara-leiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús.

- **Heimagisting:** Gisting á lögheimili einstaklings eða einni annarri fasteign í hans eigu sem hann hefur persónuleg not af.

- **Íbúðir:** Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskýldar.
- **Frístundahús:** Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga eru undanskilin (Sýslumenn, 2018).

Árið 2017 voru 107 gististaðir skráðir með leyfi á Reykjanesi, allt frá hótelum til tjaldsvæða. Hægt er að nálgast lista yfir gististaði með leyfi í viðauka 5 (Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, 2018).

4.1.9 Veitingastaðir

Í lögum og reglugerð um veitinga- og gististaði eru gististaðir flokkaðir eftir því hvort veitingar eru jafnframt á boðstólum á viðkomandi gististað, en veitingastaðir eru flokkaðir eftir þörf á eftirliti og áhrifum starfsemi á umhverfi, svo sem vegna afgreiðslutíma, hávaða og áfengisveitinga. Þá ræðst fjárhæð gjalds til ríkissjóðs fyrir útgáfu rekstrarleyfis af þessari flokkun.

- **Flokkur I:** Staður án áfengisveitinga. (Ekki þarf leyfi sýslumanns fyrir veitingastað í flokki I).

- **Flokkur II:** Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu svo sem með háværra tónlist og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

- **Flokkur III:** Umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er hávær tónlist og staðir sem kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.

Veitingastaðir skiptast í eftirtaldar tegundir eftir starfsemi og þjónustu sem boðin er viðskiptavinum: Hver einstök tegund veitingastaða getur fallið undir fleiri en einn framangreindan flokk veitingastaða, í samræmi við þá starfsemi sem rekstrarleyfi viðkomandi staðar hljóðar um.

- **Veitingahús:** Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Í veitingahúsi skal vera starfandi maður með full-nægjandi þekkingu í framreiðslu.

- **Skemmtistaður:** Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi og fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Hér undir falla einnig staðir þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar, dans gesta, tónlist og langan afgreiðslutíma en engar eða takmarkaðar veitingar í mat.

- **Veitingastofa og greiðasala:** Veitingastaðir með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Á slíkum stöðum er takmarkaðri þjónusta og/eða gestir afgreiða sig sjálfir að hluta eða öllu leyti. Hér undir falla t.d. skyndibitastaðir og einnig söluskálar með aðstöðu til neyslu veitinga.

- **Veislubjónusta og veitingaverslun:** Staðir þar sem fram fer sala veitinga sem ekki er til neyslu á staðnum enda er slík sala meginstarfsemi staðarins.

- **Kaffihús:** Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar. Hér undir falla t.d. bakarí sem hafa aðstöðu til neyslu veitinga á staðnum.

- **Krá:** Veitingastaður með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat, þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og langan afgreiðslutíma.

- **Samkomusalir:** Staðir sem eru sérstaklega útbúnir og ætlaðir til hvers kyns samkomuhalds og til þess leigðir út í atvinnuskyni til einstaklinga og/eða fyrirtækja, hvort sem er með eða án veitinga í mat og/eða drykk. Félagsheimili, íþróttasalir, flugskýli, vöruskemmur og önnur húsakynni sem að jafnaði eru ekki ætluð til samkomuhalds í atvinnu-skyni geta fallið hér undir ef útleiga til skemmtanahalds fer oftast fram en tólf sinnum á ári (Sýslumenn, 2018).

Nokkur fyrirtæki eru staðsett utan Reykjanessins en reka starfsstöðvar hér á svæðinu og hafa sótt um veitingaleyfi fyrir þeim.

Fjöldi veitingaleyfa hjá Heilbrigðis-eftirliti Suðurnesja var 91, en tegund starfsemi og þjónustu er mismunandi og þar af leiðandi eru staðirnir mismikið í ferðapjónustu. Af þessum lista eru 36 staðir sem teljast til kaffihúsa og veitingastaða. Aðrir staðir eru söluturnar, mötuneyti, samkomustaðir og veislubjónusta. Sjá má lista yfir veitingastaði með leyfi innan og utan svæðisins í viðauka 6 (Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, 2018).

4.1.10 Farþegaflutningar og leyfishafar í leiguakstri

27 aðilar eru skráðir með leyfi til farþegaflutninga og 76 leyfi hafa verið gefin út til leyfishafa í leiguakstri.

Hægt er að nálgast lista yfir leyfishafa til farþegaflutninga í viðauka 7 (Samgöngustofa, 2018).

4.1.11 Matvara og verslanir

Matvöruverslanir og aðrar verslanir sem ekki heyra beint undir ferða-þjónustu en hafa hag af verslun og þjónustu við ferðamenn á svæðinu hafa ekki verið skilgreindar sem hluti af ferðapjónustufyrirtækjum á svæðinu. Þær eru þó mikilvægur hlekkur í þjónustu við gesti svæðisins og þörf á að gera þeim betur skil.

4.1.12 Handverk og minjagripir

Á Reykjanesi er listsköpun mikil og margir listamenn hafa opnað vinnustofur sínar. Þá eru starfandi nokkur gallerí og verslanir með íslenska hönnun og hönnun af svæðinu.

- Gallery 8.
- Gjafakort.
- Jöklaljós – kertagerð.
- Listatorg.
- Ný Vidd listasmiðja.
- Raven design.
- Svarta Pakkhúsið.
- Sossa – vinnustofa.
- Sápan.
- Mýr Íslensk hönnun.
- Víkingaheimar.
- Duus safnahús.
- Stapafell.

4.1.13

Söfn og sýningar

Á Reykjanesi er fjölbreytt flóra safna og sýninga sem rekin eru bæði af sveitarfélögum og einkaaðilum.

Setur og menningarhús

Nokkrar stofnanir sveitarfélaganna hafa verið skilgreindar sem setur og menningarhús samkvæmt gagnagrunni Ferðamálastofu. Öll hafa þau mismunandi verkefnum að sinna fyrir sín samfélög og flest þeirra hýsa m.a. söfn og sýningar sveitarfélaganna.

- Hljómahöll Reykjanesbæ.
- Duushús Reykjanesbæ.
- Kvikar Grindavík.
- Þekkingarsetur Suðurnesja Sandgerði.

Söfn og sýningar

Reykjanesið er menningarsamfélag og þar hafa verið settar á fót sýningar og söfn sem endurspeгла menningarlíf og sögu svæðisins. Menning svæðisins er meðal þeirra þátta sem gerir svæðið að Unesco Global Geopark og tekið er tillit til í uppbyggingaráformum hjá Reykjanes Geopark.

- **Þekkingarsetur Suðurnesja**
 - Heimskautin heilla
 - Náttúrusýning - Náttúrustofa Suðvesturlands
 - Lista- og fræðslusýningin Huldur heimar hafsins – Ljós þangálfanna
- **Vikingaheimar**
 - Vikingaskipið Íslendingur
 - Vikingar Norður Atlantshafsins
 - Landnám á Íslandi
 - Söguslóðir á Íslandi
 - Örlög guðanna

- **Rokksafn Íslands**
- **Skessan í hellinum**
- **Byggðasafn Reykjanesbæjar**
 - Stekkjarkot
- **Duus safnahús**
 - Menningar- og listamiðstöð**
 - Listasafn Reykjanesbæjar
 - Sýningar í Duus Safnahúsum
 - Duus Safnahús
 - Bátasafn Gríms Karlssonar
 - Upplýsingamiðstöð ferðamála
 - Reykjanes jarðsvangur, sýning
 - Byggðasafn Reykjanesbæjar, sýningar
 - **Byggðasafn Garðskaga**
 - **Kvikar**
 - Saltfiskur í sögu þjóðar
 - Eldvikni á Reykjanesskaga
 - **Orkuverið Jörð**
 - **Myndasafn Minjafélagsins Vogum**

Bóka- og skjalasöfn

Íslendingar eru bókaþjóð og þar eru Suðurnesjamenn engin undantekning. Bókasöfn eru starfrækt í flestum bæjarfélögum svæðisins og hafa þau m.a. komið að einhverju leyti að upplýsingamiðlun til ferðamanna.

- Bókasafn Reykjanesbæjar
- Bókasafn Grindavíkur
- Bókasafnið í Sandgerði
- Bókasafn Stóru-Vogaskóla

4.1.14

Golfvelliir

Á Reykjanesi má finna fjóra góða golfvelli. Milt veðurfarið gerir það að verkum að þeir eru opnaðir snemma á vorin og hægt er að spila lengur á haustin. Allir vellirnir eru 18 holu vellir nema Kálfatjörn sem er með 9 holur.

- Húsatóftir Grindavík
Golfklúbbur Grindavíkur

- Vallarhús Sandgerði
Golfklúbbur Sandgerðis

- Hólmsvöllur Garði
Golfklúbbur Suðurnesja

- Kálfatjörn Vogum
Golfklúbbur Vatnsleysustrandar

4.1.15

Sundstaðir og heitar laugar

Víða á Reykanesi eru jarðhitasvæði sem kallað gætu á áhuga aðila að leita heitra lauga. Það ber hins vegar að hafa varann á þar sem um háhitasvæði er að ræða og laugar sem myndast ekki til þess fallnar að synda í þeim.

Almenningssundlaugar

Almenningssundlaugar á Reykjanesi eru sex talsins. Þær eru flestar fullbúnar með stórum sundlaugum, vaðlaugum, heitum pottum og rennibrautum.

- Vatnaveröld, Reykjanesbæ.
- Sundlaugin Njarðvík.
- Sundlaugin Vogum.
- Sundlaugin Garði.
- Sundlaugin Grindavík.
- Sundlaugin Sandgerði.

4.2

ÁFANGASTAÐURINN REYKJANES



Reykjanesið er ungur áfangastaður. Helstu einkenni svæðisins er einstök náttúra og landslag sem einkennist af flekaskilum Evrasíuflekans og Norður-Ameríkuflekans og áhrifum hans sem og menningu og samfélagi sem hefur mótagast af landslaginu og baráttunni við náttúruöflin. Þá einkennist svæðið af mikilli orku og nálægð við hrá náttúruöflin (Markaðsstofa Reykjaness, 2018).

Áfangastaðurinn er á uppgötvunarstigi sem gefur svæðinu tækifæri til að setja sér stefnu í greininni og að móta ferðapjónustuna til framtíðar, þar með talið uppbyggingu áningarstaða og stefnu í markaðsmálum.

Þá hefur svæðið tækifæri til að lágmarka neikvæð áhrif umferðar og ferðapjónustu á samfélagið og stuðlað að efnahagslegum ábata fyrir svæðið, efla lífsgæði og styðja við byggðaþróun landshlutans (Rannsókkarmiðstöð ferðamála, 2018).

Reykjanesið er með vottun frá UNESCO sem hnattrænn jarðvangur (Reykjanes UNESCO Global Geopark) frá árinu 2015 sem gerir svæðið einstakt á heimsvísu. Jarðvangurinn ásamt Bláa Lóninu eru stærstu vörumerki svæðisins í ferða-þjónustu og helstu seglar þess og þar af leiðandi í markaðsefni svæðisins.

Reykjanes Geopark mótast grunninn að áfangastaðaáætlun Reykjaness með

skýrri sýn á uppbyggingu og þróun áfangastaðarins í sátt við samfélagið (Reykjanes UNESCO Global Geopark, 2017).

Reykjanesið var kosið einn af topp 10 Best Under-the-Radar Romantic Destination af álitsgjöfum USA TODAY árið 2015 vegna einstakra áningastaða af náttúrunnar hendi og þeirrar þjónustu sem boðið er uppá á svæðinu (Markaðsstofa Reykjaness, 2015).

Reykjanesið var valið einn af 100 sjálfbærustu áfangastöðum í heimi árið 2017 af samtökunum Green Destinations. Þar voru skoðaðir þættir eins og stjórnun áfangastaðar, náttúrufar, meðferð dýra, landslag, umhverfismál, menning, hefðir, félagsleg velferð, viðskiptaumhverfi og gestrisni (Markaðsstofa Reykjaness, 2017). Þá veittu samtökin jafnframt Reykjanesinu 3ju verðlaun í flokknum Earth award á ferðakaupstefnunni ITB í Berlín 2018. Þessi verðlaun voru hluti af Best of top 100 sustainable destinations viðurkenningum sem veitt voru um 30 aðilum í mismunandi flokkum (Markaðsstofa Reykjaness, 2018).

Þessar viðurkenningar eru mikilvægar fyrir það starf sem unnið hefur verið af stofnunum, sveitarfélögum og fyrirtækjum á svæðinu og mikilvæg hvatning til að halda áfram á þessari vegferð. Þá eru þessar viðurkenningar markaðslega mikilvægar og nýtast í frekari markaðssetningu á áfanga- staðnum og ekki síst möguleiki fyrir ferðapjónustuaðila að nýta í markaðsefni á sinni vöru.



Mynd 7: 2017 Top 100 Global Sustainable Destinations



Mynd 8: Áherslusvæði uppbyggingar ferðamannasegla í Reykjanes Geopark

4.2.1
Áhugaverðir staðir og útivistarsvæði

Náttúran er helsta aðráttarafl svæðisins og er það sem oftast er nefnt að dragi gesti inn á svæðið en þar á eftir kemur afþreying og menningatengdir þættir (Markaðsstofa Reykjaness, 2018).

Reykjanes er jarðfræðilega einstakt á heimsvísu og hefur því verið skilgreint sem UNESCO Global Geopark eða UNESCO Hnattrænn Jarðvangur. Samstarf hefur verið myndað um frekari þróun og uppbyggingu Reykjanesskagans milli allra sveitarfélaganna, Reykjanes Geopark og annarra hagaðila, hvort sem það er fyrir íbúa og ferðapjónustu, fræðslu og rannsóknir eða varðveislu og verndunar. Geopark hefur skilgreint helstu segla svæðisins án tillits til sveitarfélagamarka í tengslum við uppbyggingaráform og frekari vinnslu við forgangsverkefni svæðisins.

Á Reykjanesi hafa verið skilgreind nokkur útivistarsvæði og eru flest þeirra sérstaklega skilgreind í aðal-skipulögum sveitarfélaganna.

Uppbygging útivistarsvæða með tilliti til þjónustu, aðgengi og öryggi eru mikilvæg atriði í að stuðla að útivist og bættri lýðheilsu íbúa og fá gesti svæðisins til að dvelja lengur á svæðinu. Útivistarsvæði hafa verið skilgreind bæði innan og utan þéttbýlis en til þeirra teljast meðal annars gönguleiðir, skógræktarsvæði og fólkvangur.

Menning og samfélag eru jafnframt mikilvægir þættir í uppbyggingu áhugaverðra staða og útivistarsvæða til að miðla upplýsingum um sögu svæðisins og þróun samfélagsins í því landslagi sem náttúran á Reykjanesi hefur mótað.

Hvert bæjarfélag hefur sína sérstöðu og það er mikill styrkur fyrir ferðapjónustu svæðisins að hafa öfluga þjónustukjarna. Á Reykjanesi eru helstu þjónustukjarnar svæðisins Reykjanesbær, Suðurnesjabær, Grindavík og Vogar eru aðráttarafl innan svæðisins og er vinna hafin um gerð stefnu og skilgreina sérstöðu bæjanna.

4.2.2
Fjölsóttir áningarstaðir

Fjölsóttasti áfangastaðurinn innan Reykjaness er Bláa Lónið og sú þjónusta sem þar er í boði. Þar á eftir koma eftirtaldir staðir:

- Garðskagaviti með um 300 þúsund gesti yfir árið.
- Brú milli heimsálfa með um 177 þúsund gesti.
- Reykjanesviti og Gunnuhver með um 130 þúsund gesti.
- Brimketill með um 65.000 gesti (opnað í júní 2017).

Aðrir áningarstaðir eru minna sóttir eða ekki mældir sérstaklega með bílatalningum. Reykjanesviti, Brú milli heimsálfa og Gunnuhver eru áningarstaðir sem eiga einna lengstu sögu sem áningarstaðir á svæðinu eða frá því að almennt aðgengi að svæðinu var lagað. Brú milli heimsálfa var flutt á þennan stað árið 2001 af hugsjónarmönnum sem vildu efla ferðapjónustu á svæðinu og setja upp áhugaverðan stað á þessari ferðamannaleið um Reykjanesið. (Reykjanes UNESCO Global Geopark, 2018)

4.2.3
Aðgengi áningarstaða

Aðgengi að helstu náttúruperlum svæðisins er mjög gott og Reykjanesið almennt frekar aðgengilegt af náttúrunnar hendi. Reykjanes Geopark vinnur að því í samstarfi við sveitarfélög og landeigendur að greiða aðgengi að helstu áningarstöðum. Stefna svæðisins er að aðgengi að áningarstöðum stýri umferð á svæðinu og stærð bílastæða afmarkist við getu staðarins til að taka við ferðamönnum. Viðkvæmari svæði er erfiðara að nálgast og takmörkun á aðgengi að þeim stöðum (Reykjanes UNESCO Global Geopark, 2018). Fjöldi gönguleiða er á svæðinu og svæðið því tilvalið til hvers konar útivistar.

4.2.4
Öryggismál áningarstaða

Áningarstaðir á Reykjanesi hafa verið taldir tiltölulega öryggir en með auknum fjölda ferðamanna um svæðið geta komið upp aðstæður sem ekki voru fyrir séðar. Við uppbyggingu áningarstaða er nú ávallt horft til öryggismála og gert ráð fyrir bæði upplýsingum og aðgerðum sem tengjast uppbyggingunni sem leiða gesti frá hættum á svæðinu.

Nokkrir staðir hafa sérstaklega verið hafðir í huga í þessum málum og þá er litið til eftirtalinna atriða:

- Aðgengi að ströndinni, brim og sleipir klettur.
- Aðgengi að háhitasvæðum, heitir hverir, vatn og hvíult landslag.
- Aðgengi að víðerni, gjótur í hrauni ofl.
- Aðgengi að áningarstöðum, umferð og öryggi.

Á sama tíma og náttúruöflin eru sterk á svæðinu og ekki allir gestir meðvitaðir um hvernig eigi að umgangast þau þá er svæðið mjög viðkvæmt fyrir hvers konar ágangi. Reykjanes Geopark vinnur að því að fá aukna landvörslu inn á svæðið til að auka eftirlit til verndunar viðkvæmra svæða og fræðslu.

Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanes Geopark hefur verið falið að vinna að viðbragðsáætlunum fyrir fjölsóttari áningarstaði svæðisins í samstarfi við Almannavarnir og er áætlað að sú áætlun verði tilbúin haust 2019.

Safetravel sendir reglulega frá sér tilkynningar um aðgengi, færð og veður á helstu áningarstöðum og gönguleiðum í kringum landið. Landverðir sem störfuðu á svæðinu í lok árs 2017 gátu gefið góðar upplýsingar sem nýttust í þessar tilkynningar en þegar þeirra hefur

ekki notið við þá hafa upplýsinga-miðstöðin í Reykjanesbær,

Reykjanes Geopark og Markaðsstofa Reykjaness sent inn upplýsingar um þessa þætti.

4.2.5
Polmörk umhverfisins

Reykjanesið er viðkvæmt svæði af náttúrunnar hendi og ákveðnir staðir sem þola ekki mikinn ágang og því mikilvægt að öll vinna sem snýr að uppbyggingu áningarstaða sé til þess að lágmarka rask og neikvæð áhrif gesta en á sama tíma veita jákvæða upplifun á svæðinu.

Umhverfisstofnun (UST) gefur árlega út skýrslu yfir ástand friðlýstra svæða yfir landið og annað hvert ár lista yfir svæði í hættu sem byggður er á ástandsskýrslunni. Mat á svæðunum er unnið eftir ákveðinni aðferðafræði og verklagi UST og starfsmanna stofnunarinnar, auk gagna og ábendinga sem berast þeim. (Umhverfisstofnun, 2017)

Reykjanes fólkvangur er eitt þeirra svæða sem er á rauða listanum og hefur verið á listanum frá árinu 2010. Þær aðgerðir sem farið hefur verið í á svæðinu hafa ekki dugað til að lækka mikilvægi þess að huga betur að innviðum og þolmörkum svæðisins (Umhverfisstofnun, 2017).

UST vinnur að gerð nýs verkfæris til að meta svæðin sem unnið er að forskrift alþjóðlegrar aðferðafræði METT (management effectiveness tracking tool). Þessi aðferðafræði kemur til með að vera nýtt í framtíðinni og var meðal annars notuð af landvörðum Reykjaness utan friðlýstra svæða í lok árs 2017.

Í lok árs gáfu þeir út matsskýrslu þar sem fram kom m.a. ástand svæðisins og tillögur að úrbótum og mikilvægi þess að hafa landverði

starfandi þar sem mikill fjöldi gesta heimsækir svæðið allt árið um kring. Ekki eingöngu vegna átroðnings, heldur ekki síst vegna öryggis og virðingar íbúa og gesta á svæðinu. Meðal þess sem kom fram er álag á innviði, umgengni á svæðinu, uppbygging og merking gönguleiða, aðstaða á stöðunum og mikill utanvegaakstur á viðkvæmum svæðum (Ásta Kristín Davíðsdóttir og Hanna Valdis Jóhannsd, 2017).

Reykjanes Geopark hefur fengið skýrsluna til skoðunar og unnið er að því að skoða með hvaða hætti hægt er að bregðast við í samstarfi við hagaðila.

4.2.6
Polmörk samfélagsins

Rannsóknarmiðstöð ferðamála vann rannsókn á viðhorfi íbúa á Reykjanesi til ferðamanna og ferðapjónustu á árinu 2017 og voru niðurstöður gefnar út í upphafi árs 2018.

Niðurstöður úr rannsókninni benda til þess að viðhorf íbúa á svæðinu sé almennt jákvætt gagnvart ferðapjónustunni. Íbúar voru ekki í vafa um efnahagslegt mikilvægi greinarinnar fyrir svæðið. Ekki eru miklar áhyggjur af fjölda ferðamanna, þar sem flestum þykir fjöldi ferðamanna vera hæfilegur yfir árið og finnst þeir ekki vera fyrir ónæði vegna þeirra í daglegu lífi þó langflestir verði varir við þá daglega.

Þá þykir íbúum Reykjaness ferða-
þjónustan auka fjölbreytni í atvinnu-
lífinu og fjölbreytileika mannlífs,
auk þess sem þeir eru ánægðir með
samfélagsbreytingar sem hafa orðið
til vegna ferðamanna.

Jákvætt er að þolmörkum íbúa
og samfélagsins er ekki náð og
tækifæri að vinna að frekari þróun
ferðapjónustunnar innan svæðisins.
Vísbendingar eru þó í rannsókninni
um málefni tengd samfélagi, umferð
og öryggi og umgengni sem þörf
er á að hafa í huga til framtíðar og
vinna með í áfangastaðaáætlun.
(Rannsókkarmiðstöð ferðamála, 2018)

4.2.7
Polmörk innviða

Miðað við niðurstöður
þolmarkakannana á áningarstöðum
og niðurstöðum rýnihópa vegna
markhópagreiningarinnar þá eru
vísbendingar um að ákveðin mál þurfi
að skoða og mikilvægt að bregðast
við á ákveðnum stöðum og skoða þau
málefni sérstaklega.

Náttúra og umhverfi
Náttúran er helsta söluvara svæðisins
og huga þarf að því að þolmörkum
svæðisins verði ekki náð. Helstu atriði
sem þarf að hafa í huga varðandi þann
þátt eru eftirfarandi:

- Sorpmál – Losun og umgengni.
- Öryggi – upplýsingar um hættur
og lokanir á ákveðnum svæðum.
- Merkingar – vegvísar, endurnýjun
skilta, upplýsingar og merkingar
gönguleiða.
- Aðgengi að áningarstöðum.
- Salernisaðstaða.

Þjónusta
Þó náttúran sé það sem oftast laðar
gesti inn á svæðið þá er það þjónustan
sem skilur ekki síst eftir minningar í
hugum þeirra. Upplifun gestanna er því
lylilatriði í frekari þróun ferðapjónustu
á svæðinu. Þættir sem oftast koma
fram tengdir þjónustu á svæðinu eru:

- Gæði þjónustu.
- Opnunartímar/loforð standist og
stöðugleiki þjónustu.
- Fræðsla og menntun starfsmanna.

Samgöngumál
Upplifun gesta af Reykjanesinu er ekki
bara áningarstaðurinn eða þjónustan,
það er leiðin þangað. Það er mikilvægt
að bæði íbúar og gestir svæðisins
upplifi öryggi á ferðalagi sínu til og frá
og innan svæðisins. Helstu atriði nefnd
í þessum efnum:

- Öryggi og umferð á stofnleiðum -
Reykjanesbraut og Grindavíkurvegur.
- Ástand vega.
- Almenningssamgöngur.

Gögn og rannsóknir
Lykill að undirbúningi við uppbyggingu
áningarstaða og til að geta unnið að
jákvæðri þróun ferðapjónustunnar á
svæðinu án þess að ganga á þolmörk
þess, þurfa að vera til marktæk
gögn um svæðið, umhverfi þess og
ferðamenn. Meðal þess sem kom fram
við vinnu áfangastaðaáætlunar var
takmörkun og flækjustig áreiðanlegra
gagna.

- Aðgengi að gögnum.
- Samræming opinberra gagna.
- Rannsóknir á ferðahegðun.
- Talningar.

Þegar rætt er um og farið er að skoða
uppbyggingu innviða næstu árin á
Reykjanesi þá er horft til nokkurra
þátta; náttúra og umhverfi, gögn og
rannsóknir, mannauður, samgöngur,
upplýsingar og öryggi og vöruþróun.

4.2.8
Þróun ferðamála á Reykjanesi

Reykjanesið er ungur áfangastaður
á Íslandi með einstaka náttúru og
fjölbreytta þjónustu. Áfangastaðurinn
er enn á uppgötvunarstiginu miðað við
líftímakúrfu Butlers (kaflí 4.7) og á því
þónokkuð í land til að ná þroskastigi.
Þó eru undantekningar á ákveðnum
áningarstöðum innan svæðisins eins
og t.d. Bláa Lónið og sú þjónusta sem
hefur verið að byggjast þar upp.

Ferðapjónusta á Reykjanesi hefur
einkennst af þjónustu við Keflavíkur-
flugvöll. Gestir kjósa að gista fyrstu og
síðustu nóttina fyrir og eftir flug vegna
nálægðarinnar við flugvöllinn.

Það má segja að gróflega sé sé um að
ræða tvo markhópa sem mikilvægt er
að skilgreina frekar og vinna með til
framtíðar: annars vegar þjónusta við
flugvöllinn og flugvallargesti og hins
vegar áfangastaðarins. Vinna við hvern
markhóp fyrir sig kemur til með að
styðja við hvorn annan.

Fjöldi ferðamanna – 2010-2017
Ferðamönnum sem heimsækja Ísland
hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu
2010. Hlutfall þeirra sem heimsækir
Reykjanesskagann hefur haldist
í 38-46% undanfarin ár, en miðað
við það þá er fjöldi ferðamanna sem
heimsótti Reykjanesið árið 2016 jafn
mikill og fjöldi ferðamanna á Íslandi
árið 2012 eða um 672 þúsund.

Mikilvægt er þó að taka þessum tölum
með fyrirvara þar sem fjöldi ferða-
manna sem heimsækir Bláa Lónið er
meiri en þeirra sem segjast koma á
Reykjanesið en bílatalningar
á áningarstöðum benda til þess að
færri ferðamenn heimsæki svæðið
en segjast hafa komið þangað.


Fjöldi gistinátta – 2010 – 2017
Gistirými á Reykjanesi í dag telur um
5% af heildargistirými á landinu.
Skráð gistileyfi árið 2016 á svæðinu
voru 108 (Sýslumenn, 2018) með
um 3.520 rúmum (Heilbrigðiseftirlit
Suðurnesja, 2018).

Frá árinu 2010 hefur gistirými á
Reykjanesi rúmlega tvöfaldast og
á sama tíma hafa gestakomur aukist
og nýting á gistrýmum verið með því
besta á landinu á eftir Höfuðborgar-
svæðinu.

Gistinóttum og nýting gistingar
heldst hlutfallslega í hendur við fjölda
ferðamanna sem koma til landsins sem
gefur vísbendingar um þess að þar sé
um að ræða ferðamenn sem kjósa að
gista fyrstu eða síðustu nóttina fyrir
flug nær flugvellinum.

	Ferðamenn- Allt landið	Farþegar um Keflavíkurflugvöll	Hlutfall gesta sem kemur á Reykjanesið
2010	485.016	459.252	-
2011	565.611	540.824	46,6%
2012	672.773	646.921	-
2013	807.349	781.016	44,25%
2014	997.344	969.181	44,4%
2015	1.289.139	1.261.938	-
2016	1.792.201	1.767.726	38%
2017*		2.195.271	

Tafla 1: Fjöldi ferðamanna til Íslands og hlutfall gesta sem heimsækja Reykjanesið
skv. ferðakönnun á vegum Ferðamálastofu



Mynd 9: Gestakomur á gististöðum á Reykjanesi. Hagstofa Íslands, 2017


Samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir fystu þrjá mánuði ársins 2018 dróst gisting á hótelum heldur saman á svæðinu. Það ýtir undir mikilvægi þess að skilgreina betur markhópa Reykjanessins og þá vinnu sem þörf er á að fara í.

Annars vegar fyrir áfangastaðinn Reykjanes, fá gesti til að dvelja lengur og njóta þess sem svæðið hefur uppá að bjóða allan ársins hring og hins vegar þjónustu við flugfarþega.

	Gestkomur	Gistinætur	Meðaldvalarlengd
2010	72.017	92.222	1,28
2011	87.973	113.188	1,29
2012	101.750	127.476	1,25
2013	138.461	185.090	1,34
2014	181.920	236.283	1,30
2015	236.283	305.884	1,28
2016	321.440	413.603	1,29

Tafla 2: Gestakomur, gistinætur og meðaldvalarlengd á Reykjanesi 2010-2016

Gistinætur



Mynd 10: Gestakomur á gístistöðum á Reykjanesi. Hagstofa Íslands, 2017

Umferðartölur – 2010-2017

Vegagerðin heldur utanum umferðartölur á helstu stofnæðum svæðisins en þær tölur gefa ekki rétta mynd á umferð ferðaþjónustunnar þar sem Reykjanesið er stórt atvinnusvæði og mikil umferð sem fylgir starfsemi flugvallarins. Það þarf hins vegar að hafa í huga að mikil umferð á svæðinu getur haft áhrif á öryggi vegfarenda og áhrif á þolmörk íbúa gagnvart umferð á svæðinu.

Árið 2016 hófust bílatalingar á áningarstöðum á vegum Reykjanes Geopark. Talningar hófust í júní það ár á Garðskaga og við Reykjanesvita. Á árinu 2017 var teljurum fjölgað og frá júní það ár var talið við Básenda, Brimketil, Brú milli heimsálfa, Garðskaga, Gunnuhver, Keili og Reykjanesvita.

Með þessum talningum gefst tækifæri á að sjá hvernig umferð um svæðið er háttað yfir árið og yfir daginn og hægt er að gera sér betur grein fyrir heimsóknum á svæðinu. Þá er talningin einnig mikilvægt verkfæri til að hægt sé að bregðast við og dreifa álagi.

Töflu yfir bílatalningar og umferðartölur frá Reykjanes Geopark er hægt að finna í viðauka 8.

Mynd 12: Umferðartölur á helstu áningarstöðum á Reykjanesi. Reykjanes Geopark, 2018


	HÖFDB.SV		SUDURNES		VESTL. VESTF.		NORÐURLAND		AUSTURLAND		SUDURLAND	
	"13	"14	"13	"14	"13	"14	"13	"14	"13	"14	"13	"14
J	49	62	27	32	11	21	12	10	7	10	10	15
F	78	87	36	49	28	20	19	19	17	14	27	27
M	80	93	45	43	28	24	24	18	23	22	28	28
A	68	76	37	47	17	17	17	22	16	15	23	27
M	71	76	48	56	25	31	33	28	31	31	27	30
J	77	78	62	77	52	59	53	51	67	66	53	53
J	88	90	98	89	79	84	81	78	94	94	83	80
Á	82	88	86	96	65	80	66	71	82	88	68	75
S	71	82	57	59	31	44	37	40	35	34	38	40
O	72	81	47	52	19	23	27	24	19	14	28	31
N	73	82	32	39	14	16	14	14	11	8	19	21
D	62	67	34	34	9	9	11	15	9	3	18	17

75% nýting 50-75% nýting 25-50% nýting 25% nýting

	HÖFDB.SV		SUDURNES		VESTL. VESTF.		NORÐURLAND		AUSTURLAND		SUDURLAND	
	"15	"16	"15	"16	"15	"16	"15	"16	"15	"16	"15	"16
J	73	72	37	40	25	16	18	17	6	7	20	24
F	88	92	60	59	32	31	26	27	12	13	39	49
M	85	89	62	67	32	37	25	35	20	16	45	56
A	70	73	55	55	26	34	30	49	20	26	33	34
M	75	79	72	51	43	45	41	45	37	40	45	53
J	81	88	84	86	72	74	64	70	70	73	72	74
J	90	94	88	98	87	87	79	88	90	84	90	89
Á	86	93	82	97	76	82	76	89	87	84	82	87
S	74	85	70	93	55	61	55	72	51	58	59	66
O	77	86	61	87	34	36	32	47	26	26	48	62
N	76	91	44	74	24	35	24	27	12	14	32	48
D	66	85	39	66	13	22	14	16	7	8	26	50
Allt	78	86	63	73	43	47	40	49	37	38	49	59

Mynd 11: Nýting hótela og gistiheimila eftir landshlutum 2013-2014 og 2015-2016 (Ferðamálastofa, 2017)

Umferðartölur - Fjöldi gesta á áningarstöðum



Útgefin starfsleyfi í gildi – 2017

Mikil þróun hefur verið á Reykjanesi og fjölbreytni þjónustunnar hefur aukist til muna á síðustu 10 árum.

Samkvæmt Ferðamálastofu voru útgefin ferðaskrifstofu- og ferðaskipuleggjendaleyfi 50 árið 2015 (Ferðamálastofa, 2016) en fjölgaði um 9 árið 2016 og 8 árið 2017. Einhverjar breytingar hafa orðið á starfsemi fyrirtækjanna á þessum tíma, einhver hætti rekstri eða flutti lögheimili út af svæðinu, því samkvæmt gagnagrunni Ferðamálastofu eru 50 fyrirtæki skráð með leyfi í febrúar 2018.

Útgefin rekstrarleyfi frá Sýslumanni fyrir gististaði voru 105 árið 2017 samkvæmt lista frá Sýslumanninum á Suðurnesjum. Sjá lista yfir gististaði í viðauka 5.

Fjöldi veitingaleyfa hjá Heilbrigðis-
eftirliti Suðurnesja var 91, en tegund
starfsemi og þjónustu er mismunandi
og þar af leiðandi eru staðirnir
mismikið í ferðaþjónustu.
Af þessum lista eru 36 staðir sem
teljast til kaffihúsa og veitingastaða.
Aðrir staðir eru söluturnar, mötuneyti,
samkomustaðir og veislupjónusta.
Lista yfir veitingastaði má finna
í viðauka 6.

Samgöngustofa gefur út leyfi fyrir farþegaflutningum. Þar er að finna 27 skráningar fyrir hópferðaleyfum og 76 leyfshafar eru skráðir til leiguaksturs.

4.2 ÁBATAGREINING FERÐAÞJÓNUSTU Á REYKJANESI

Mikilvægi þess að móta og viðhalda sjálfbærri þróun ferðapjónustu á svæðinu er að skapa stöðugleika í umhverfi ferðapjónustunnar og tækifæri til efnahagslegs ábata fyrir fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu.



Mynd 13: Lykilþættir í uppbyggingu og þróun ferðabjónustunnar

Ferðapjónustan hefur víða snertifleti á svæðinu og hefur verið lykilaðili í efnahagslegum, umhverfislegum og samfélagslegum breytingum á svæðinu á undanförunum 5-10 árum. Nánar verður farið yfir það í köflunum hér á eftir en þegar skoðuð eru áhrif ferðapjónustunnar á svæðið eru það einna helst þrír þættir sem eru skoðaðir; umhverfisleg-, efnahagsleg- og samfélagsleg áhrif.

Mynd 14: Virðisdeðja ferðabjónustunnar á Reykjanesi

4.2.1 Virðisdeðja ferðapjónustunnar á Revkjanesi

Því stærri hlut af virðisæðjunni er framleiddur/unninn á svæðinu — Meira virði er skilið eftir á svæðinu fyrir samfélagið

GRUNN STARFSEMI
BEIN ÁHRIF

FERDA-SKIPULEGGJAND-
INN OG SÖLUÐILINN

FERDASKRIFSTOFUR

INTERNETID

FLUGFÉLÖG

FERÐAHEILÐSALAR

BÓKUNARÞJÓNUSTA

SAMGÖNGUR

BÍLALEIGUR

RÚTUR / STRÆTÓ

LEIGUBÍLAR

FERJUR

ÓFORMLEGAR
SAMGÖNGUR

HJÓLALEIGUR

FLUG OG FLUGVELLIR

GISTING

HÓTEL

GISTIHEIMILI

FARFUGLAHEIMILI

BÆNDA-GISTING

TJALDSVÆÐI

VEITINGAR

VEITINGARSTADIR
OG BARIR

SKEMMTISTADIR

SKYNDIBITASTADIR

SLÖPPUR

MATARMINJABÚÐIR

VERSLANIR

MINJAGRIPIR OG
HANDVERK

MINJAGRIÐPAVERSLANIR

HANDVERKSFÓLK

VINNUSTOFUR
HANDVERKSFÓLK

HANDVERKSMARKADIR

LISTAMENN

ÞJÓNUSTA YD FERDA-
MENN Á AÐANGA-
STÓÐUM

MENNINGARLEGIR ÞÉTTIR:
SAGA, SÖFN,
JARÐFRÆÐI
MENNING, HÁTTIDIR
O.F.L.

NÁTTÚRULEGIR ÞÉTTIR:
VÖTN, ÁR, STRENDUR,
JÓKLAR, LÖN, FOSSAR,
HYRIR, FJÖLL, GRÖÐUR,
HEITAR LAUGAR,
DYRALÍF O.F.L.

ÞJÓÐGARÐAR OG
JARÐVANGUR: GASTASTOFUR

MINJAGRIPIR OG
HANDVERK

MINJAGRIÐPAVERSLANIR

HANDVERKSFÓLK

VINNUSTOFUR
HANDVERKSFÓLK

HANDVERKSMARKADIR

LISTAMENN

AFÞREYING, LEIÐSÖGN
OG FERDIR UM SVÆÐID

SÝNINGAR / SÖFN

SKIPULAGÐAR FERDIR
UM SVÆÐID

EINKA LEIÐSÖGN

BÍLSJÓÐIR
MEÐ LEIÐSÖGN

AFÞREYINGAR
FYRIRTÆKI

HEILSULINDIR
OG SÖLUN

STUDUNINGSPJÓNUSTA

UPPLÝSINGAMÍÐSÓÐVAR

MATYÖRU- OG
SMÁVÖRUBÚÐIR

ÞVOTTHÚS

ÖRYGGISGÆSLA OG
BANKAÞJÓNUSTA

AÐGANGI AÐ INTERNETI

ÓBEIN ÁHRIF / ÞJÓNUSTA
Á STADNUM VEGNA FERÐAMANNA

STYÐJANDI STARFSEMI FERÐAÞJÓNUSTUNNA

SVEITAFÉLÖG

SORPHIRÐA

VEITUR

SKIPULAG / UPPBYGGING

MARKAÐSSTOFA
REYKJANESS

SAMRÆMT MARKAÐSSTARF

TENGING YD MISMUNANDI
HAGSMUNAAÐILA

VÖRUPRÓUN

RÁÐGJÖF

MEINTUN

ÞEKKINGAÞETRID

MSS

KEILUR

AÐRIR RÁÐGJAFAR

SAMSKIPTI

LÖSLEIDARI

SÍMAFYRIRTÆKI

ÞRÉTTAMÍÐLAR

AUGL OG
MARKAÐSKRIFSTOFUR

HEILBRIGÐI
OG ÖRYGGI

LÖGREGLAN

HSS

BJÖRGUNARSVEITIR

ALMENNANARNIR

BRUNAVARNIR

SAMGÖNGUR

VEGAKERFI / VEGAGERÐIN

ALMENNING-
SAMGÖNGUÐR

KELFANÍKURFLUGVÖLLUR

ÞJÓNUSTUADILAR
FLUGVALLARINS

SAMTÖK

FERÐAMÁLASAMTÖK
SUDURNESJA

SSS

HEKLAN

SAR

REYKJANES GEOPARK

SKIPULAG / UPPBYGGING

TENGING YD MISMUNANDI
HAGSMUNAAÐILA

FRÆÐSLA

STUDUNINGSPJÓNUSTA

VÖRUPRÓUN

INNVIÐI SVÆÐISINS ER STYÐJA YD
FERÐAÞJÓNUSTUNA OG SAMFÉLAGID

4.2.2
Hagaðilagreining

Unnin var hagaðilagreining fyrir áfangastaðinn Reykjanes í upphafi vinnunar við gerð áfangastaðaáætlunarinnar til að sjá hvar snertifletir ferðaþjónustunnar liggja innan og utan svæðisins.

Hagsmunir þessara aðila eru mismiklir og hlutverk þeirra og ábyrgð tengd ferðaþjónustunni sömuleiðis. Þó tenging aðilanna við ferðaþjónustuna sé mismikil þá gætir áhrifa hennar víða og mikilvægt að það sé kortlagt til að ná sem víðasta sjónarhorni á þátttakendur. Þannig er hægt að nálgast frekari þróun ferðamála í landshlutanum með víðtækari hætti og tryggja að uppbygging þjónustunnar og þróun verði sem sjálfbærust og jákvæð fyrir samfélagið.

Kortlagningu hagaðila er hægt að sjá á mynd til hliðar.

4.2.3
Framlag ferðaþjónustu til svæðisins


Atvinna
Ferðaþjónusta er ein stærsta atvinnugreinin á Suðurnesjum en þar mæðir mest á starfsemi Keflavíkurflugvallar og tengdri þjónustu og Bláa Lónsins.

Mikil niðursveifla varð í atvinnumálum á Suðurnesjum eftir að herinn fór af landi brott árið 2006 og fjármálakreppan skall á 2008. Atvinnuleysi mældist með því hæsta á landinu, yfir 14%. Viðsnúningur varð eftir árið 2010 þegar ferðaþjónustan tók að eflast á landsvísu og ferðamönnum fór að fjölga (Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).

Samkvæmt atvinnumálakönnun sem Reykjanesbær lét framkvæma í lok árs 2017 kemur fram að stærsti hluti starfa á Reykjanesi er í ferðaþjónustu eða um 26% en þar á eftir koma fræðslutengd störf með um 10% (Reykjanesbær, 2017).

Samfélag
Samkvæmt íbúakönnun þá hefur ferðaþjónusta haft jákvæð áhrif á samfélagið á svæðinu. Bætt staða á atvinnumarkaði, minna atvinnuleysi og aukin lífsgæði, fjölbreyttari þjónusta og bætt aðgengi að þjónustu og jákvæðara viðhorf til svæðisins er meðal þess sem íbúar taka fram (Rannsókkarmiðstöð ferðamála, 2018) og (Heklan atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, 2017).

Vöruþróun
Aukin eftirspurn eftir vörum og þjónustu á svæðinu kallar á frekari vöruþróun, nýsköpun og eflingu þjónustu fyrirtækja á svæðinu. Þá er ekki eingöngu verið að tala um nýja þjónustuaðila heldur ekki síst eflingu þeirra fyrirtækja sem nú þegar eru starfandi. Þá kallar fjölgun fyrirtækja og aukin samkeppni á að fyrirtæki skilgreini sig og þann markhóp sem þau vilja ná til.



4.2.4

Hagræn áhrif ferðapjónustu á áfangastaðinn

Ferðapjónusta hefur sannað hlutverk sitt á Reykjanesinu, þar sem hún hefur verið sú atvinnugrein sem hvað mestan þátt hefur átt í viðsnúningi í atvinnumálum á svæðinu. Þar vegur einna þýngst umsvif Keflavíkurflugvallar og tengdrar starfsemi, uppbygging hótela og gistirýma og stækkun Bláa Lónsins.

Eins og fram kemur hér í kaflanum á undan þá eru um 26% sem vinna við ferðapjónustu, við það bætast óbein störf í fræðslu og menningartengdum störfum, störf við byggingarframkvæmdir, verslun ofl.

Áætlað er að meðaleyðsla ferðamanns á Íslandi sé um 30 þúsund kr. á dag og því tækifæri fyrir áfangastaðinn að fá hann til að dvelja lengur á svæðinu til að auka við hagræn áhrif hans innan svæðisins í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu.

Fjöldi fyrirtækja sem starfa á svæðinu hefur aukst til muna á undanförnum árum en mikilvægt er að gera þar greinamun á fyrirtækjum sem eru með lögheimili á svæðinu eða fyrir-tækjum sem eiga lögheimili utan svæðisins. Tryggja þarf að hagrænn leki af svæðinu sé lágmarkaður og er það einna helst gert með því að höfða til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja um að nýta þjónustu og upplifun innan svæðisins.

Þar hafa nýleg verkefni Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjaness verið vinna með þessi málefni í tengslum við aðild að markaðs-stofunni og skráningu Geopark fyrirtækja og samningar um notkun merkis Reykjanes UNESCO Global Geopark.

4.3 STEFNUMÓTUN OG MARKAÐSMÁL ÁFANGASTAÐARINS

Meginmarkmið markaðssetningar áfangastaðarins er að fá gesti til að heimsækja svæðið, til að ferðast víðar um Reykjanes, dvelja lengur og þannig skila meiri tekjum til svæðisins.

4.3.1 Markaðsgreining

Upplifun ferðamanna á Reykjanesinu? Samkvæmt markaðsgreiningunni þekkja ferðamenn almennt ekki svæðið áður en þeir koma. Þeir verða hins vegar fyrir vonbrigðum að hafa ekki vitað af því fyrr, þegar þeir eru komnir á svæðið og hefðu viljað eyða meiri tíma á Reykjanesinu.

Reykjanes sem áfangastaður er ekki þekkt vörumerki sem endurspeglast í því hversu ungur hann er. Brúin milli heimsálfa er þekktari hjá ferða-mönnum. Auk þess eru ferðamenn almennt ekki að tengja Bláa Lónið við Reykjanesið eða að það sé staðsett þar.

Framandi landslagið er það sem kemur einna mest á óvart. Tengingin við tunglið (e. Moonscape) og Mordor úr Hringadrottinssögu gera upplifunina enn sterkari hjá ferðamönnum.

Landslag og náttúra Reykjaness er ólík þeirri ímynd sem ferðamenn hafa af Íslandi. Því kemur flatneskjan og auðnin þeim mikið á óvart.

Óvanalegt er hversu auðvelt aðgengi er að náttúrunni og þeim stöðum sem vert er að skoða á Reykjanesinu og hversu nálægt þeir eru hver öðrum. Það er stutt í fallega náttúru og fjölbreytileika.

Markhópar - ferðamaðurinn Íslandsstofa hefur nýlega greint þá markhópa sem þykja hvað ákjósanlegastir fyrir íslenska ferðapjónustu. Rannsakaðir voru 14.000 ferðamenn á sjö markaðssvæðum, Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Sviss og Danmörku. Ferðamennirnir voru greindir í hópa út frá lífsháttum, persónugerð, neyslu, ferðagildum og hvernig þeir mæta þörfum og markmiðum íslenskrar ferðapjónustu.

Út úr þessari greiningu komu þrír meginmarkhópar sem talið er að heppilegast sé að miða markaðs-setningu við, til að selja Ísland sem áfangastað.

- Lífsglaði heimsborgarinn.
- Sjálfstæði landkönnuðurinn.
- Makindalegi menningarvitinn. (Íslandsstofa, 2017).

Í þessari skýrslu er stuðst við markahópagreiningu, þar sem markhópar Reykjanessins eru hluti af markhópum landsins. Það er ljóst að Reykjanesið getur ekki tekið við öllum þeim ferðamönnum sem koma til landsins. Svæðið er viðkvæmt af náttúrunnar hendi og því mikilvægt að skilgreina nánar hvaða markhópar það eru sem landshlutinn þarf að vinna með.

Lagt er til að vinna nánar með Lífsglaða heimsborgarann og þá sér í lagi enskumælandi þjóðir; Bandaríkin, Bretland og Kanada.

Ferðamenn af þessum þjóðernum eru stórt hlutfall þeirra ferðamanna sem koma til Íslands (45,7%) og gista gjarnan á Reykjanesinu (44%). Einnig eru bestu flugtengingarnar við þessi svæði.

Bandarískir, kanadískir og breskir ferðamenn eru mjög hrifnir af Reykjanesinu og því sem það hefur upp á að bjóða.

Það sem einkennir Lífsglaða heimsborgarann

- 25–50 ára með börn.
- Býr í þéttbýli.
- Menntun og tekjur yfir meðallagi.
- Notar samfélagsmiðla og deilir upplifun sinni.
- Tilbúinn að borga meira fyrir gæði og finnst gott að hafa nokkra valkosti um verð og þjónustu .
- Ber umhyggju fyrir náttúrunni.
- Fróðleiksfús, úthverfur, leitandi og vill láta ögra sér.
- Ferðalög eru hluti af lífsstílnum hans.
- Tísku- og merkjadrifinn.
- Til í að ferðast utan sumarmánaða.
- Til í að dvelja drjúgan tíma.

Bandarískir lífsglaðir heimsborgarar eru nýjungagjarnir og vilja tilbreytingu.

Kanadískir lífsglaðir heimsborgarar kjósa að ferðast í smærri hópum, eru verðnæmir og leita að áningarstöðum utan alfaraleiðar.

Breskir lífsglaðir heimsborgarar eru varkárir og kjósa leiðsögn (Hvíta húsið, 2018).

4.3.2 Ímynd svæðisins og aðdráttarafl

Í markaðsgreiningunni var spurt: Hvað einkennir Reykjanesið frá öðrum ferðamannastöðum?

Meðal þess sem nefnt var Reykjanes Geopark - Einstök jarðfræði á heimsvísu:

- Brúin milli heimsálfa
- Hvassasta og yngsta hraun Íslands

Öfgarnar í orku náttúrunnar með tengingu í öll frumefnin; brimið, rokið, jarðvarmann og jarðfræðina. Ferðamaðurinn finnur áþreifanlega fyrir þessum öfgum í ferð sinni um Reykjanesið.

- Brimketill og Reykjanesviti bjóða upp á stórkostlegt sjónarspil brimsins.

- Sagan um sjóskaða, líflegar hafnir og fjöldi vita segja frá baráttu heima-manna við hafið.

- Landslagið og náttúruperlurnar á svæðinu sýna þá krafta sem búa í jörðinni sem er bókstaflega að rifna í sundur fyrir framan þig.

Aðgengið og fjarlægðir milli áfanga-staða gerir Reykjanesið að fjölskyldu-vænum kosti.

Nálægð við höfuðborgina gerir svæðið að góðum kosti fyrir þá ferðamenn sem koma einna helst til að upplifa borgina en vilja skreppa aðeins út fyrir hana til að upplifa stórkostlega náttúru sem þeir sjá hvergi annars staðar.

Víðáttan, flatneskjan og minni umferð ferðamanna en við aðrar náttúruperlur, gerir það að verkum að þú upplifir frekar þögnina, einveruna og tengingu við náttúruna á Reykjanesi.

Bláa Lónið er langstærsti segull Reykjanessins. Hins vegar hefur ekki tekist tengja það við Reykjanesið og laða ferðamenn þaðan inn á svæðið.

4.3.3 Mörkun - vörumerki og kynning

Almennt er talið að það sem móti kjarna áfangastaðavörumerkja sé að finna í 7 þáttum. Þættirnir hafa mismikið vægi eftir því hver áfangastaðurinn er. Þessir þættir eru:

- Sagan (History).
- Fólkið (People).
- Menningin (Culture).
- Landafræðin (Geography).
- Veðurfarið (Climate).
- Umhverfið (Environment).
- Efnahagur (Economy).

Eftir á að vinna að mörkun vörumerkisins og markaðsetningu í framhaldi af markaðsgreiningunni sem nú hefur verið unnin þannig að unnið er út frá frá þeirri stefnumótun sem fyrir er þar til ný stefna tekur við og áfangastaðaáætlun uppfærð í kjölfarið. Í dag er unnið með eftirfarandi þætti í markaðssetningu áfangastaðarins (Kapall, 2014).

Áfangastaðurinn Reykjanes – Upplifðu Reykjanes – Visit Reykjanes

Visit Reykjanes er það vörumerki sem notað er þegar verið er að kynna áfangastaðinn Reykjanes fyrir erlendum aðilum.

Kjarnaþættir sem horft hefur verið til og áhersla lögð á í markaðsefni fyrir Reykjanesið:

- Haf og strönd.
- Fólk, saga og menning.
- Heilsa og velliðan.
- Jörð og orka.

Haf og strönd

- Hrá og kraftmikilli náttúra einkennir svæðið, tengsl við móður náttúru og upplifanir af henni. Sem dæmi: Brimið og víðsýni, norðurljósin frá sjó, gönguferðir með leiðsögn um fjölbreyttar strandir, sjóstöng, hvalaskoðun, strandveiði, köfun, náttúruskoðun og öðruvísi fuglaskoðun.

- Saga og mannlíf tengist þessum þætti órjúfanleum böndum. Saga strandarinnar, sjávarþorpa, verbúða og fiskvinnslu. Hér var samfélag förumanna og sögur af lífinu á sjónum og af skipsköðum (Hafið gaf og hafið tók).

- Lífríkið í sjónum og matarhefðir í tengslum við veitingastaði sem bjóði upp á sjávarfang af svæðinu og stefna að því að verða svæði sem sérhæfi sig í fiski (saltfiski) og veitingasölu með áherslu á ferskt sjávarfang allt árið.

Fólk, saga og menning

- Menning og saga tengt sjávarútvegi.
- Tónlistararfurinn og tónlistarsöga svæðisins.
- Fjölbreytt flóra safna og sýninga um allan Reykjanesskagann.
- Hráa náttúran og upplifunina af henni, jarðsöguna og orkuna.
- Landnámið og minjar tengt því
- Menningarhátíðir og fjölbreyttir viðburðir.
- Vítar, kirkjur ofl. Sem tengjast sögu svæðisins sterkum böndum.

Heilsa og velliðan

- Bláa Lónið.
- Spa og meðferðir.
- Hreint loft og tært.

- Orkulindir - tækifæri til að ná sér niður, slaka á og komast í tengsl við náttúruna.

- Góð aðstað fyrir hvers konar útivist á sjó og landi. Góðar gönguleiðir og stígar hafa verið byggðir upp og merktir. Þeir eru mjög aðgengilegir og krefjast ekki mikillar útbúnaðar, frekar léttar leiðir. 25 helstu leiðirnar eru 390 km. byggja upp og nýta stíga og leiðir sem eru til staðar.

- Afþreying tengd heilsu: golf, sundlaugar, gönguferðir, hvalaskoðun, fuglaskoðun, hjólreiðar. Norðurljósaskoðanir.

- Mjög góð aðstaða til að iðka og stunda hvers konar íþróttir.

- Reykjanes býður uppá fjóra mjög góða golfvelli.

- Kayak sjórinn og gott aðgengi að honum er vannýtt.

- Aðgengi að góðu hráefni er til staðar og veitingastaðir nýta það.

Jörð og orka

- Reykjanes Geopark og áningarstaðir innan hans.

- Einstök náttúra og nýting á endurnýjanlegri orku . — Brú milli heimsálfa — Gunnuhver — 100 gíga leiðin — Hraunbreiður, Hrauntraðir

- Græn nálgun (sjálfbærni).

- Andstæður, fjölbreytt og litríkt landslag.



Ný markaðsstefna fyrir áfanga-
staðinn Reykjanes

Í nýrri markaðsstefnu fyrir Reykjanesið verður m.a. unnið að því að skilgreina betur hver áfangastaðurinn er, hvernig sagt er frá honum og hvar.

Greina þarf lykilskilaboðin og þann tón sem sendur er út með skilaboðunum. Þá þarf að greina hvar áherslur liggja í erlendri markaðssetningu og markaðs-setningu innanlands.

Stuðst verður við þá stefnu sem Íslandsstofa hefur sett í sínu markaðsefni hvað varðar hljómfall. En mikilvægt er að finna þann tón sem Reykjanesið getur og vill vinna með til framtíðar.

Rekjanes, stóra myndin



Mynd 16: Úr markaðsgreiningu fyrir áfangastaðinn Reykjanes (Hvíta húsið, 2018)

	FERÐAMÁLASTOFA ÍSLANDSSTOFA	MARKAÐSSTOFAN	SVÆÐI / KLASSAR SVEITARFÉLÖG	FYRIRTÆKI Í FERÐAÞJÓNUST
DREYMA	●	●		
PLANA	●	●		
BÓKA		↓		●
UPPLIFA			↓	●
DEILA	●	●	●	●


Mynd 17: Snertifletir aðila í markaðssetningu á áfangastað og ákvörðunarferli ferðamanns

4.3.4
Markaðssetning

Markaðssetning áfangastaðarins Reykjanes er meginverkefni Markaðsstofu Reykjaness en það er unnið í samstarfi við Reykjanes Geopark, sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu og mótast markaðsefnið á þessu samstarfi.

Markaðssetningin snýr að mismunandi markhópum og þar af leiðandi þarf að leita leiða í gegnum mismunandi miðla til að ná settum markmiðum.

Gagnvart ferðamanninum, hvort sem um er að ræða innlendan eða erlendan aðila, reynir markaðsstofan að hafa áhrif á hann í ferlinu þegar viðkomandi er að láta sig dreyma um ferðalagið og á meðan hann er að skipuleggja ferðina. Með þessu móti er markaðs-stofan jafnfamt að aðstoða sína samstarfs-aðila við að selja sínar vörur og þjónustu.




Áherslur í markaðssetningu Samkvæmt niðurstöðum markaðs-greiningarinnar er lagt til að leggja meiri áherslu á að markaðssetja svæðið innanlands, fyrir söluaðilum og ferðaþjónustufyrirtækjum á næstu misserum en bæta svo í markaðs-setningu erlendis eins og sjá má á myndinni hér á undan.

Upplýsingavefir eða vefir og samfélagsmiðlar Markaðssetning áfangastaðarins í dag liggur einkum í gegnum vef Markaðsstofu Reykjaness, visitreykjanes.is og samfélagsmiðla stofunnar. Á vefnum er að finna allar upplýsingar um svæðið sem hagaðilar vilja koma á framfæri og nýtist til frekari dreifingar s.s. áningarstaðir, þjónustuaðilar, fréttir og viðburðir ofl.

Meiri áhersla hefur verið lögð á samfélagsmiðla en þar eru eftirfarandi miðlar nýttir til að kynna svæðið:

- Instagram #VisitReykjanes
- #Reykjanes #ReykjanesGeopark
- Twitter @visitreykjanes
- Facebook /visitreykjanes
- Facebook /MarkaðsstofaReykjaness
- Facebook /ReykjanesGeopark



Mynd 18: Áherslur í markaðssetningu Reykjaness

Hver samskiptagátt hefur sitt sérkenni og sína persónulegu rödd sem hefur verið skilgreind til þess að ná að nýta sérkenni hvers miðils og ná þannig betri tengslum við notendur samfélagsmiðla.

Visit Reykjanes

- Skemmtileg og hress.
- Notar broskarla.
- Frjálslegar deilingar.
- Opin og spennt.
- Talar ensku.

Reykjanes Geopark

- Yfirveguð.
- Náttúru og dýravinur.
- Fræðandi og skemmtilegur nörd.
- Notar mun minna broskarla.
- UNESCO dagar.
- Vinasamband við jarðvanga.
- Talar íslensku og ensku.

Markaðsstofa Reykjaness

- Yfirveguð.
- Upplýsandi.
- Talar til fyrirtækja/ferðapjónustunnar.
- Talar þó líka til Íslendinga almennt.
- Talar íslensku.

Bæklingar og útgáfa

Árlega er gefinn út þjónustubæklingur fyrir svæðið þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar um helstu áningarstaði og þjónustuaðila á svæðinu. Þessi bæklingur er ætlaður til dreifingar til ferðamanna og ferðasöluaðila.

Þá eru gefin út borðkort fyrir þjónustuaðila á svæðinu í samstarfi við Reykjanes Geopark. Auk þess eru gefin út sérkort eins og gönguleiðakort og fuglaskoðunarkort.

Fréttabréf og fjölmiðlar

Reglulega eru send út fréttabréf á tengiliði markaðstofunnar, og markvisst er unnið að því að efla fjölmiðlatengsl og koma á framfæri jákvæðri kynningu á Reykjanesi í landshlutablöðum, erlendum og innlendum tímaritum, dagblöðum á landsvísu, útvarpi o.fl.

Markaðsstofan metur fyrirspurnir sem berast skrifstofunni frá blaðamönnum, lífstilsbloggurum og samfélagsmiðlafólki, aðstoðar við heimsókn þeirra og skipuleggur ferðir hvort sem það er á eigin vegum eða í samstarfi við Íslandsstofu og markaðsstofur landshlutanna.

Ferðasýningar, ráðstefnur og vinnustofur

Mikilvægt er fyrir svæðið að vera sýnilegt og taka reglulega þátt í sýningum eða vinnustofum sem skipulagðar eru á helstu markaðssvæðum Reykjaness. Sýningarnar og vinnustofurnar sem Markaðsstofa Reykjaness tekur þátt í miðast við til hvaða markhópa stofan vill ná hverju sinni og hver stefna þess er.

Kynningarfundir og heimsóknir til ferðapjónustuaðila

Markaðsstofan kynnir Reykjanesið reglulega fyrir ferðasöluaðilum á Íslandi til að auka vitund um svæðið og efla fleiri söluaðila til að selja svæðið.

Auk þess standa Markaðsstofur landshlutanna árlega fyrir Mannamóti í Reykjavík, þar sem ferðapjónustuaðilar af landsbyggðinni koma og kynna sína þjónustu fyrir ferðapjónustuaðilum af Höfuðborgarsvæðinu og öðrum landsvæðum.

FAM, Inspectionferðir

og pre-tour (kynnisferðir)

Markaðsstofan og Reykjanes Geopark vinna saman að því að setja upp og skipuleggja upplýsingaferðir fyrir ferðaskrifstofur utan Reykjaness (FAM-ferðir) auk blaðamannaferða til að kynna svæðið fyrir innlendum og erlendum ferðapjónustuaðilum, blaðamönnum ofl. Ferðirnar eru unnar í samstarfi við ferðapjónustuaðila á svæðinu sem taka á móti hópunum og upplýsa um sína þjónustu.

4.4

SVÓT-greining

- SVÓT greiningin skiptist í innri og ytri greiningu.
- Innri greiningin er annars vegar greining á styrkleikum, sem þarf að viðhalda og styrkja, og hins vegar veikleikum, sem þarf að bæta.
- Ytri greiningin er mat á tækifærum, sem þarf að nýta og ógnunum sem þarf að fylgjast með og bregðast við.

4.4.1

Styrkleikar

Ferðamannaseglar með mikið aðdráttarafl

Bláa Lónið er einn allra vinsælasti ferðamannastaður landsins og þótt víðar væri leitað. Það er gríðalegur styrkleiki að hafa svo þekkt kennileiti/vörumerki innan svæðisins og getur hjálpað við að koma nafni Reykjaness á framfæri.

Reykjanes Geopark – einstakt á heimsvísu. Staðurinn er með alþjóðlega vottun sem hentar vel í markaðsstarfi gagnvart þeim markhópum við leggjum til að megináhersla verði lögð á.

Svæðið höfðar til margra markhópa.

Auðvelt yfirferðar og gott aðgengi

Aðgengi að helstu ferðamannastöðum á svæðinu er mjög gott, þ.e. ekki er mikið um labb eða erfiðar leiðir.

Landsvæðið sjálft er lítið og það er auðvelt að sjá flest á einum degi. Það hentar vel þeim sem vilja ekki langar setur í bíl, s.s. fjölskyldurfólki.

Einstök náttúra og öðruvísi „vara“

Reykjanesið er land andstæðna og öfga í náttúrunni sem er nokkuð áberandi þegar þú ferðast um svæðið. Svæðið er að mörgu leyti ósnortið og gefur strax tilfinningu um eitthvað sem fæstir hafa séð áður. Flestir sem hafa keyrt með útflendingum til Reykjavíkur kannast við að fyrstu viðbrögð þeirra eru að þeim finnst þeir vera á tunglinu. Það er jákvætt að svæðið kalli strax fram viðbrögð og veki eftirtekt.

4.4.2

Veikleikar

Innviðir fyrir ferðamenn

Samgöngur innan svæðisins eru ekki til þess fallnar að styrkja ferðapjónustu á svæðinu.

Merkingar þurfa að marka svæðið betur þannig að það hafi heildræna ásýnd og gestir viti að þeir séu á Reykjanesi. Annars geta þeir ekki sagt frá því sem er lykilatriði í markaðssetningu svæðisins.

Víða vantar grunnþjónustu eins og salerni og m.v. umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum misserum væri mjög æskilegt að farið væri úrbætur á þessum málum sem fyrst. Eins er aðkallandi að koma upp merkingum sem gefa til kynna hvar næstu þjónustu er að finna, s.s. bensinstöð, veitingastaði, sundlaug eða annað sem ferðamenn eru gjarnan að leita að.

Ferðapjónusta er ungur

atvinnuvegur á Reykjanesi

Ferðapjónusta í þeim skilning að taka á móti gestum, á sér ekki jafn langa sögu á svæðinu og á sumum öðrum landsvæðum, t.d. á Suðurlandi og Norðurlandi.

Íslendingar hafa ekki litið á Reykjanesið sem ferðamannastað eða landsvæði sem þeir vilja heimasækja og þ.a.l. hafa margir heimamenn ekki gert það heldur. Það er því mat margra að þekking heimamanna á svæðinu sé takmörkuð og ekki til þess fallin að geta leiðbeint ferðamönnum um svæðið.

Sumt í ferðapjónustunni á svæðinu ber þess merki að um nýja atvinnugrein er að ræða. Skortur á fagmennsku, staðfestu og stöðugleika í þjónustu á svæðinu, s.s. opnunartími og þjónustu-framboð styðja þá kenningu. Það á líka við um þjónustumiðstöðvar sem hafa verið á vegum sveitarfélaga en þær eru of fáar eða ekki með reglulegan opnunartíma.

Sveitarfélög á svæðinu hafa ekki gefið ferðapjónustu gaum fyrir en nýlega (sbr. næsta punkt).

Ferðapjónustan ekki nægilega sýnileg hjá sveitarfélögum

Bæta þarf sýnileika stefnu í mála-flokknum hjá sveitarfélögunum.

Skortur á fjármagni til að halda úti öflugum starfi MSR

Miðað við hlutverk og fjölda verkefna sem Markaðsstofa Reykjaness á að sinna er ljóst að það fjármagn sem hún hefur úr að spila er mjög takmarkandi þáttur.

Pörf er á meira samstarfi meðal hag-
-aðila á svæðinu og á MSR að vera sá samstarfsvettvangur. Kallað er eftir meiri markaðssetningu innanlands og utan. Markaðssetning er langtímaverkefni og því er mikilvægt að tryggja rekstrargrundvöll til lengri tíma til að sinna bæði innra og ytra kynningarstarfi rekstrargrundvöll til lengri tíma. Óstöðugleiki og óvissa skaða MSR þannig að sá þekkingargrunnur sem hefur byggst upp getur glatast.

Efla þarf vettvang fyrir nýsköpun í greinininni á svæðinu sem er nauðsynleg.

Pörf er á að byggja upp vöru-merkja-
vitund (e. Brand Awareness) fyrir Reykjanesið en margt bendir að hún sé lítil jafnvel meðal gesta sem heimsækja svæðið. Einungis 40% erlendra ferðamanna sagðist hafa komið á svæðið árið 2016 þrátt fyrir 99% erlendra ferðamanna komi til landsins í gegnum Keflavíkurflugvöll. Eins eru ferðamenn ekki að tengja Bláa Lónið við Reykjanesið. Það þarf þess vegna töluvert átak til þess að Reykjanes komist í almenna umræðu meðal ferðamanna.

4.4.3 Ógnanir

Ísland er dýrt

Ísland hefur á sl. árum rokið upp listann yfir dýrustu áfangastaði heims.

Verð á veitingastöðum og gistipjónustu á Íslandi var að meðaltali 63% hærra en í aðildarríkum ESB árið 2016. Þetta er m.a. vegna styrkingar krónunnar og launaskriðs í ferðapjónustunni.

Tölur frá OECD benda til þess að Ísland sé dýrasti áfangastaður í heimi um þessar mundir þegar tekið er tillit til almenns verðlags. Þetta skilar sér að öllum líkindum í minnkandi eftirspurn ef fram horfir. Vísbendingar eru um að leit á Google eftir flugi til Íslands hafi farið niður frá árinu 2017.

Flug til og frá Íslandi

Helsti drifkraftur ferðapjónustu á Íslandi eru flugsamgöngur. Áhugi flugfélaga á að koma til Íslands hefur snaraukist á undanförunum árum og þá hafa umsvif íslensku flugfélaganna margfaldast. Íslensku flugfélögin eru með 80% af heildarframboði flugsæta um Keflavíkurflugvöll. Verði einhver breyting á þessu t.d. vegna minnkandi eftirspurnar þá mun það að sjálfsögðu hafa áhrif á ferðapjónustuna.

Rekstur flugfélaga og skuldsetning þeirra hefur verið mikið í umræðunni. Það gefur auga leið að ef það verður til þess að þeim fækkar getur það líka haft áhrif.

Mannaflapörf

Á Íslandi er svo til ekkert atvinnuleysi og því er mikill skortur og samkeppni um starfsfólk til að vinna í greinininni á svæðinu. Tvö öflug fyrirtæki á svæðinu, Isavia og Blue Lagoon, hafa mikla þörf fyrir starfsfólk.

Ímynd svæðisins meðal Íslendinga

Neikvæð umræða hefur loðað við svæðið og þar með hefur ímynd Íslendinga af svæðinu ekki verið góð í gegnum tíðina. Nýlega var ráðist í aðgerðir til að bæta ímyndina og hefur það skilað góðum árangri. Halda þarf áfram á þeirri vegferð enda spilar þar inn mannaflapörf fyrir ferðapjónustuna og aðra aðila.

Stjórnvöld og sveitarfélög

Skilningsleysi á starfsumhverfi ferðapjónustu meðal sveitarfélaga virðist vera almennt.

Niðurskurður til vegamála frá hruni hefur komið niður á Reykjanesi eins og öðrum svæðum. Með fjölgun ferðamanna hefur umferð á vegum landssins aukist. Dimmir og mjóir vegir skapa slysaþættu og hefur Grindavíkurvegur oft verið nefndur í því samhengi enda liggur hann að einum fjölsóttasta ferðamannastað landsins. Það er kappsmál að við hugsum um öryggi þeirra gesta sem sækja landið.

Staðsetningin

Sumir meta það svo að nálægð við alþjóðaflugvöll sé ógn við ferðapjónustu í kring enda sé það algengt að ferðamenn „drifi sig í burt“ frá vellinum og vilji ekki gista í nágrenni hans nema bara kannski síðustu nótt fyrir brottför.

Aukin umferð ferðamanna á öðrum svæðum

Ferðamenn eru farnir í auknu mæli að kvarta yfir fjölda ferðamanna sem þeir rekast á á ferðalagi sínu um landið. Enn sem komið er þetta ekki vandamál á Reykjanesi og einmitt tækifæri til að undirbúa svæðið þannig að það sé vel skipulagt þannig að upplifunin verði ánægjuleg.

Betri samgöngur til og frá svæðinu

Nýlega var tilkynnt um að auka ætti þjónustu við Suðurstrandarveg, sem opnar möguleika á tengingu við Suðurlandið.

Gistnáttaskattur til sveitarfélaga

gistináttaskattur til sveitarfélaga skapar tækifæri til uppbyggingar á innviðum og markaðssóknar.

Staðsetning Reykjaness

Staðsetning svæðisins er einstök. Svæðið er í nágrenni við Keflavíkurflugvöll, Reykjavík og vinsæla ferðamannastaði á Suðurlandi. Það eru tækifæri í því að tengja svæðið betur þessum stöðum. Erlendir ferðamenn eru sumir hverjir úr stórborgum og vanir akstri á milli staða og myndu ekki setja það fyrir sig að aka frá Reykjanesi til annarra staða svo lengi sem að öll þjónusta sé til staðar. Reykjanesið gæti markaðssett sig sem úthverfi Reykjavíkur. Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað og þ.a.l. hefur leiguverð gert það líka. Ef verð á gistingu er komið að þolmörkum getur það skapað tækifæri fyrir svæði í nágrenni Reykjavíkur.

Nálægðin við Reykjavík getur verið ákveðinn þröskuldur í að fá fólk til að gista á Reykjanesi eða gera það að sínum aðalnæturstað meðan á ferðalaginu stendur. Fjölbreyttara úrval gististaða og afþreyingar í Reykjavík gera hana meira spennandi fyrir marga en Reykjanesið.

Aukin aðsókn

Einn af styrkleikum svæðisins er að það er ekki eins fjölsótt og aðrir staðir í nágrenni Reykjavíkur, s.s. Gullfoss og Geysir. Þessir staðir hafa í auknu mæli fengið neikvæða umræðu um að þar sé of mikið af fólki. Ef ferðamönnum fjölgar er hætta á að svo geti líka orðið á Reykjanesi. Þess vegna er mikilvægt að búa sig undir fjölgun ferðamanna t.a.m. með uppbyggingu innviða.

4.4.4 Tækifæri

Aukning á flugumferð

Isavia er með þá framtíðarsýn að verða miðstöð flugs í Atlantshafi og er markvisst að vinna að því að svo verði bæði með Keflavíkurflugvöll og flugleiðsögu. Staðsetning Íslands er góð til að tengja saman þrjár heimsálfur: Asíu, N-Ameríku og Evrópu. Aukið flug yfir Norðurlólinn er tækifæri sem gæti nýst ferðapjónustu á landinu öllu, þar með Reykjanesi.

Umræða um að færa innanlandsflug til Keflavíkurflugvallar að hluta eða alfarið hafa verið langlífar. Ljóst er að það gæti haft góð áhrif á svæðið og skapað tækifæri til frekari sóknar.

Tækifæri felast í því að nánast allir ferðamenn sem koma til landsins fara í gegnum svæðið þegar þeir fara til og frá Keflavíkurflugvelli. Það er eitthvað sem ekkert annað svæði getur státað af.

Aukin eftirspurn eftir Íslandi

Greiningadeildir bankanna og Ferðamálastofa spá að 2020 verði fjöldi ferðamanna á bilinu 2,6–2,8 milljónir, m.v. 2,2 milljónir 2017.

4.5 PESTLE – greining

Pólitískt umhverfi

Tíðar kosningar á undanförnum árum hafa skapað töluverða óvissu í pólitísku umhverfi Íslands en í aðdraganda þeirra hefur töluvert verið rætt um ferðapjónustu. Almennt ríkir jákvætt viðhorf til ferðapjónustunnar meðal stjórnmalaflokka sem eru sammála um að þörf er á uppbyggingu innviða og að vel sé stutt við þessa mikilvægu atvinnugrein.

Eitt helsta deilumál síðasta kjörtímabils var hækkun virðisaukaskatts á ferða- þjónustuna. Þessi áform hafa nú verið lögð til hliðar og lagt hefur verið til að skoða aðrar leiðir til gjaldtöku. Afstaða almennings gagnvart gjaldtöku og rétti þeirra til að ferðast óheft um landið hefur verið töluvert í umræðunni. Í stefnu ríkisstjórnarinnar er ráðgert að ljúka við þá vinnu sem er hafin við að leysa úr árekstrum almennaréttar og ferðapjónustu. Þar kemur einnig fram að á kjörtímabilinu verði mörkuð langtímastefna um ferðapjónustu í samvinnu við hagsmunaaðila með sjálfbærni að leiðarljósi. Þessi vinna er hafin, en hópur þvert á ráðuneyti vinnur nú að stefnu ríkisins í ferðapjónustu. Þá er áformað að setja lög um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðapjónustu sem leysa munu af hólmi núgildandi lög um skipan ferðamála (Stjórnarráð Íslands, 2017).

Umræðu um mögulega uppbygginu flugvallar í stað Reykjavíkurflugvallar, hvort sem um er að ræða uppbyggingu í Hvassahrauni eða annars staðar í nágrenni Höfuðborgarinnar fylgir mikil óvissa. Það getur haft áhrif á uppbyggingu og þróun ferðamála innan svæðisins og nærsvæða.

Árið 2017 var unnin greining á opin-berum fjárframlögum til svæðisins. Í greiningunni kemur fram ákeðin skekkja við úthlutun fjármagns til stofnana og verkefna á svæðinu. Þar hefur m.a. ekki verið tekið tillit til fólksfjölgunar á svæðinu sem var langt umfram meðaltalsfjölgun á landinu öllu og þeim áskorunum sem því fylgja. Þetta getur haft áhrif á framgang verkefna tengdum ferðamálum og uppbyggingu áfangastaða.

Samfélagslegt umhverfi

Ferðapjónusta getur haft áhrif á nær alla þætti samfélagsins sem er ein af lykilstoðum sjálfberrar ferðamennsku.

Áhrif ferðapjónustu á húsnæðismarkaðinn hafa verið mikið í umræðunni. Ný löggjöf um heimgistingu tók gildi þann 1. janúar 2017, en helstu markmið með löggjöfinni voru að bregðast við miklum fjölda leyfislausrar gistingar. Áhrif Airbnb á íslenskan húsnæðismarkað hafa skapað neikvæða umræðu en niðurstöður rannsókna Seðlabanka Íslands benda til þess að árleg hækkun raunverðs íbúðarhúsnæðis sem rekja megi til aukinna umsvifa Airbnb á síðustu þremur árum sé um 2%. Þessi hækkun er um 15% af heildarhækkun íbúðarverðs á sama tíma (Seðlabanki Íslands, 2018).

Könnun sem Rannsóknarmiðstöð ferðamála vann árið 2017 sýnir að níu af hverjum tíu landsmönnum telja ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífs og að ferðapjónustan sé mikilvæg í heimabyggð.

Könnunin sýndi að meirihluti Íslendinga telur fjölda ferðamanna á Íslandi á sumrin hæfilegan en um fjórðungur telur fjöldann þó vera of mikinn. Könnunin sýndi einnig að í flestum landshlutum sjá landsmenn ferðapjónustuna sem blómstrandi atvinnugrein sem efli byggð, auki fjölbreytni í mannlífi, atvinnuháttum og þjónustu á svæðinu vegna fjöldans sem heimamenn njóta góðs af. Vísbendingar um neikvæða áhrifaþætti koma þó einnig fram. Þannig er nokkuð stór hópur landsmanna hræddari nú en áður við að keyra á vegum úti og margir kannast við að forðast nú að sækja heim ákveðna fjölsóttu ferðamannastaði. (Ferðamálastofa, 2018).

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum í samstarfi við Kadeco og Isavia hafa unnið að sviðsmyndaskýrslu í tengslum við Keflavíkurflugvöll og þróun hans til ársins 2040. Þar eru meðal annars samfélagsleg áhrif flugvallarins skoðuð út frá mismunandi sviðsmyndum. Ein af þeim myndum er uppbygging og þróun flugborgar, þar sem meirihluti íbúa á svæðinu árið 2040 gæti verið af erlendu bergi brotinn. Auk þess er skoðað hvernig umsvif flugvallarins hafa áhrif á nærumhverfið og mögulegar breytingar á rekstri hans.

Heimildir: Huginn Freyr Þorsteinsson, 2017. Aton fyrir Reykjanesbæ


Efnahagslegt umhverfi

Ferðapjónustan hefur gegnt lykilhlutverki í bata íslenska efnahagskerfisins eftir hrun bankanna 2008. Vöxtur greinarinnar hefur verið gríðarlegur undanfarin ár, en ýmis teikn eru nú á lofti um að hægt hafi á vextinum þó svo að fjölgun ferðamanna hér á landi sé enn hlutfallslega meiri en í mörgum samanburðarlöndum. Efnahagsaðgerðir stjórnvalda síðustu ár hafa haft ýmis jákvæð áhrif á efnahagslífið. Má þar helst nefna lagabreytingar til losunar gjaldeyrishafta, sem tóku gildi í áföngum í október 2016 og janúar 2017. Eftir þá breytingu má segja að fjármagnshöft séu nánast með öllu afnumin.

Samkvæmt nýrri þjóðhagssþá Seðlabankans sem birt var í febrúar 2018 var hámarki hagvaxtartímans náð seinni hluta árs 2016, en eftir það hafa tölur sýnt að heldur minni hagvöxtur hafi verið árið 2017 en áður var talið og það sama er líklegt að gildi um árið 2018. Seðlabankinn telur þetta endurspeгла hækkun raungengis og „aðlögun ferðapjónustunnar að sjálfbærum vexti eftir hraðan vöxt undanfarin ár.“

Talningar Ferðamálastofu á brottförum frá Keflavíkurflugvelli sýna að hlutfallsleg fjölgun farþega er lægri frá 2016 til 2017 (24,2%) en frá 2015 til 2016 (40,1%). Tekið skal fram að þó hægt hafi á straumnum fjölgar ferðamönnum til Íslands ennþá hlutfallslega meira en til helstu nágrannalanda.

Turism lifecycle



Mynd 19: Líftímakúrfa áfangastaðar

Ýmsar ástæður hafa verið taldar upp fyrir hægari fjölgun ferðamanna og hægari vexti ferðapjónustunnar en þar má helst nefna styrkingu íslensku krónunnar, aukna neyslu innanlands og ýmsar breytingar á lykilmörkuðum íslenskrar ferðapjónustu (s.s. vegna Brexit) en vöxtur á Bretlandsmarkaði fór úr 30% milli áranna 2015 og 2016 niður í 1,9% vöxt milli áranna 2016 og 2017. Ef litið er til ferðamálafræðanna s.s. kenningar Butlers (Butler, 1980) um þróun líftíma ferðamannastaða (Butler’s Tourism Area Iffe Cycle) má ætla að breytingar sem þessar séu hluti af eðlilegri þróun áfangastaða.

Af myndinni hér fyrir ofan má ætla að Ísland sé nú að færast ofar á kúrfuna þar sem hægist á vexti og meiri stöðugleiki tekur við. Um leið vekur kenningin athygli á mikilvægi þess að gripið sé til aðgerða til að viðhalda þeim stöðugleika svo ekki taki við hnignun.

Tæknilegt umhverfi

Veraldarvefurinn og stóraukin notkun snjalltækja hefur opnað nýja möguleika fyrir ferðapjónustuna, þá sérstaklega hvað varðar markaðssetningu staða. Samfélagsmiðlar gera fyrirtækjum og áfangastöðum kleift að senda markvissari skilaboð til vænlegra kaupenda s.s. hópa áhugafólks um ljósmyndun, fjallgöngur og fuglaskoðun um allan heim og auka tækifæri til að nálgast þá á fjölbreyttan hátt. Að sama skapi deilir fólkið sjálft myndum af upplifun sinni sem um leið verða hvati fyrir aðra að upplifa þær líka.

Áhrif samfélagsmiðla geta líka verið neikvæð, til dæmis þegar athygli er vakin á stöðum sem ekki eru í stakk búinir til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Þetta á sérstaklega við ef þekkirt einstaklingar með milljónir fylgjenda birta af sér myndir á ákveðnum stöðum sem aðdáendur reyna svo að líkja eftir. Slíkar myndir og myndbönd geta í sumum tilvikum hvatt til óábyrgrar ferðahegðunar og því er mikilvægt fyrir áfangastaði að fylgjast vel með því sem í gangi er á samfélagsmiðlum hverju sinni. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir áfangastað eins og Ísland þar sem viðkvæm náttúra er helsta aðdráttaraflið.

Íslandsstofa hefur með mjög góðum árangri nýtt veraldarvefinn til markaðssetningar á Íslandi síðustu ár og með því laðað að fjöldann allan af ferðamönnum frá hinum ýmsu mörkuðum.

Þegar til landsins er komið eru góðar síma- og nettengingar afar mikilvægur þáttur í að stuðla að frekari dreifingu ferðamanna um landið og ýta undir vöruþróun. Á landi eins og Íslandi þar sem veður eru oft válynd, færð erfið og önnur náttúruvá eins og eldgos og flóð stöðugt yfirvofandi er mikilvægt öryggisatriði að búa yfir tækjum og tólum til að koma mikilvægum öryggisupplýsingum á framfæri við ferðamenn. Slysavarnarfélagið Landsbjörg/Safetravel hefur unnið afar gott starf hvað þetta varðar og heldur áfram að vinna að bættum öryggismálum ferðamanna í samstarfi við helstu hagaðila. Ennþá vantar þó töluvert upp á að hið opinbera nýti tæknina til að koma upplýsingum á framfæri við ferðamenn þegar þeir eru komnir til landsins og má segja að Ísland sé nokkuð á eftir sínum helstu samanburðarlöndum hvað það varðar m.a. hvað varðar nýtingu framfara í útvarpstækni, net- og símasamband á vegum og notkun leiðsögukerfa til samskipta. Flest þessara atriða eru í stöðugri skoðun en skortur á fjármagni og skilvirkari stefnumótun hafa hægt á framþróun.

Lagalegt umhverfi

Lagalegt umhverfi á Íslandi hefur mikil áhrif á ferðapjónustu, enda snertir hún flest svið samfélagsins. Horfið hefur verið frá hækkun virðisaukaskatts á ferðapjónustu, en sú ákvörðun var afar umdeild. Þess í stað verða aðrar leiðir til gjaldtöku skoðaðar á næstu misserum.

Ný löggjöf um heimagistingu tók gildi þann 1. janúar 2017, en helstu markmið með löggjöfinni voru að bregðast við miklum fjölda leyfislausrar gistingar. Áformað er að setja lagasetningu vegna innleiðingar tilskipunar ESB um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Þá er einnig áformað að setja lög um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðapjónustu sem leysa munu af hólmi núgildandi lög um skipan ferðamála. Lagalegir þættir geta haft mikil áhrif á ferðapjónustu og því er mikilvægt að rödd ferðapjónustunnar heyrist og að samtal við stjórnvöld sé mikið og gott.

Náttúra og umhverfið

Hrein og ósnert náttúra er eitt helsta aðdráttarafl Íslands og ein helsta ástæða þess að ferðamenn sækja landið heim. Í drögum að Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum eru sett fram drög að stefnu stjórnvalda í þessum efnum til að bregðast við auknum fjölda ferðamanna sem sækja landið heim, enda náttúran einn helsti grundvöllur ferðapjónustunnar (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018). Núverandi ríkisstjórn hefur einnig boðað metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum og þar er ekki síður mikilvægt að fjalla um hlut ferðapjónustunnar, til dæmis varðandi samgöngur (Stjórnarráð Íslands, 2017). Neytendur eru sífellt meðvitaðir um umhverfis- og loftslagsmál og því mikilvægt að Íslendingar vinni að því að gera enn betur í þessum málum og viðhaldi góðu orðspori sínu.

Ferðamenn sem sækja Ísland heim geta flestir fundið upplifun og ferðir við sitt hæfi. Þetta fjölbreytta landslag þýðir þó einnig að hættur leynast víða og því mikilvægt að ferðapjónustuaðilar séu með öryggismál í lagi.

4.6 GAP-greining

GAP greining snýst um að skoða stöðu svæðisins eins og hún er í dag og bera hana saman við þá stöðu sem við viljum að svæðið sé í. Þá þarf að setja upp áætlun og stefnu um hvernig við brúum það bil. Hvað þarf að gera, hver þarf að gera það og hvernig verður það gert?

Aðgerðum sem þarf að fara í til að ná settum framtíðaráformum verður betur gerð skil í aðgerðaráætluninni í kafla 6 en hún tekur mið af þessari greiningu.

Reykjanesið er áfangastaður sem vert er að skoða. Reykjanesið er ungur áfangastaður. Þekking á honum er lítil og starfsmenn ferðasöluaðila veigra sér við að selja ferðir inn á svæðið. Þekking heimamanna er jafnframt takmörkuð.

Auka þarf þekkingu á svæðinu bæði meðal heimamanna og starfsmanna ferðaskrifstofa, efla þannig sjálfstraust þeirra til að selja svæðið fyrir það sem það er.

Auka meðalfjölda gistinátta

Meðalfjöldi gistinátta á Reykjanesi er í dag um 1,29. Sem þýðir að gestir eru ekki að stoppa mikið lengur en eina nótt á svæðinu.

Til að efla hag svæðisins þarf að fjölga meðalgistináttafjölda í 2 nætur, fá gestina til að dvelja lengur á svæðinu og gefa þeim tækifæri til að nýta þá þjónustu sem er í boði. Þá um leið auka tekjuflæði.

Auka markaðshlutdeild landshlutans

Miðað við talningar eru gestir Reykjaness ekki nema brot af þeim fjölda ferðamanna sem heimsækir landið. Reykjanesið getur tekið á móti fleiri ferðamönnum og þarf að vinna í því að auka sinn hlut.

Reykjanesið er gæðaáfangastaður

Þjónusta stendur ekki alltaf undir væntingum og vantar stöðugleika í þjónustuna. Bæta þarf gæði þjónustu á svæðinu, fjölga þarf menntuðum starfsmönnum í greininni og efla fræðslu til bæði fyrirtækja og starfsmanna.

4.7

Helstu áskoranir

Stjórnvöld

Mikilvægt er að stjórnvöld viðurkenni mikilvægi áætlunargerðar og stefnu-gerðar í málflokknum og styðji við framgang þeirra.

Þolinmæði

Uppbygging og markaðssetning áfangastaðar er verkefni sem tekur tíma og því mikilvægt að þeir sem að þessu standa sýni því skilning og þolinmæði á meðan unnið er að framgangi mála.

Fjármögnun verkefna

Í áfangastaðaáætluninni eru settar fram hugmyndir og forgangsöröðun verkefna sem eftir á að kostnaðarmeta. Fjármögnun verkefna getur því verið áskorun hverju sinni.

Áreiðanleg gögn

Vegna skorts á gögnum um áfangastaðinn getur verið erfitt, tímafrekt og kostnaðarsamt að skilgreina og meta þörf á ákveðnum atriðum. Tryggja þarf að gögn sem þörf er á séu unnin og hægt sé að brjóta þau niður á landshluta, þannig að þau séu samanburðarhæf.



SJÁLFBÆR GÆÐAÁFANGASTAÐUR

5 FRAMTÍÐARMARKMIÐ

Markmið áfangastaðaáætlunar fyrir Reykjanesið er að byggja upp og þróa sjálfbæran gæðaáfangastað með öflugri ferðaþjónustu og náttúruperlum sem börnin okkar geta verið stolt af.

5.1 FRAMTÍDARSÝN

Reykjanesið er einstakur áfangastaður á Íslandi sem einkennist af lifandi landslagi, orku náttúrunnar og mannlífi og fjölbreyttu menningarlífi.

Fjölbreytt þjónusta við ferðamenn á svæðinu endurspeglar karakter svæðisins, er veitt af fagmennsku, ábyrgð og gæðum.

Áfangastaðurinn Reykjanes og ferðaþjónustan er atvinnugrein sem íbúar svæðisins eru stoltir af og eykur lífsgæði samfélagsins.

Áningastaðir eru byggðir upp af alúð og fagmennsku, þannig að upplifun gesta er örvandi og jákvæð.

5.2 TENGL VÍÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

5.2.1 Landsáætlanir

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem snertir flesta þætti íslensks samfélags og opinber stefnumótun stjórnvalda á flestum sviðum hefur því áhrif á greinina.

Áfangastaðaáætlanir landshlutanna taka á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæða auk þess sem að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugaðar eru við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun ferðaþjónustunnar innan svæðisins. Því er mikilvægt að áfangastaðaáætlanir landshlutanna séu uppfærðar í takt við helstu stefnumótunarverkefni og áætlanir ríkis og sveitarfélaga og að sama skapi sé litið til áfangastaðaáætlana þegar opinber stefna stjórnvalda er unnin. Ferðaþjónustan hefur snertifleti við margar þeirra áætlana sem unnar eru á landsvísu og því afar mikilvægt að litið sé til áfangastaðaáætlana s.s. við gerð samgönguáætlunar, byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu og stefnumótunar ríkisvaldsins fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Þá er einnig mikilvægt að áfangastaðaáætlanir landshlutanna og Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vinni saman og séu uppfærðar í takt við hvor aðra.

Mikilvægt er að markaðsstefna svæðisins sé í takt við markaðsstefnu fyrir áfangastaðinn Ísland og að samspil sé þar á milli.

5.2.2 Svæðisáætlanir

Í upphafi stefnumótunarinnar kemur fram að Áfangastaðaáætlun Reykjaness er unnin út frá þeim áætlunum sem svæðið hefur nú þegar unnið. Þar tengjast saman áætlanir um framtíðarskipulag svæðisins, uppbyggingu áningarstaða, þróun ferðaþjónustu og atvinnustefnu svæðisins.

Svæðisskipulag Suðurnesja
Árið 2008 var ákveðið að hefja vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Suðurnesin. Sett var upp samvinnunefnd allra aðila sem fara með skipulagsvald innan svæðisins en þeir eru: Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar, Sveitarfélagið Garður, Sveitarfélagið Vogar, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Landhelgisgæsla Íslands, auk fulltrúa frá Skipulagsstofnun.

Markmið svæðisskipulags var að vinna að sameiginlegri stefnu um mikilvæg hagsmunamál fyrir Suðurnesin í heild sem og einstök sveitarfélög. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 var gefið út í lok árs 2012.

Vegna mikilla breytinga á forsendum svæðisskipulagsins hefur verið ákveðið að endurskoða það árið 2018 m.a. vegna breytinga sem hafa orðið á ferðaþjónustu á svæðinu.

Skipulag og stefnur sveitarfélaga
Öll sveitarfélög á Suðurnesjum eru með gildandi aðalskipulag til 2024 eða 2030 sem lögð hafa verið til grundvallar fyrir áfangastaðaáætlun Reykjaness. Auk þess hafa nokkur sveitarfélaganna lagt fram stefnu í ferða-, umhverfis- og menningar-málum. Stefnt er að því að sveitarfélögin geti nýtt sér vinnu við áfanga- staðaáætlun til að uppfæra stefnu sveitarfélaganna í þeim málum.

Í dag liggur fyrir að Sveitarfélagið Garður og Sandgerðisbær hafa sam- einast og fækkar því sveitarfélögum á svæðinu úr fimm í fjögur. Ekki er gert ráð fyrir því að það hafi mikil áhrif á gerð áfangastaðaáætlunar en mikil- vægt er að halda því til haga í allri vinnu sem nú fer fram.

Reykjanes Unesco Global Geopark – uppbygging áningarstaða og fræðsla
Árið 2011 hófst vinna við að stofna jarðvang á Suðurnesjum og sækja um aðild að alþjóðlegu netverki jarðvanga (European og Global Geopark Network). Að þessu verkefni standa öll sveitarfélögin á Suðurnesjum, auk Bláa Lónsins, HS Orku, Þekkingar- seturs Suðurnesja, Keilis og Hekllunnar atvinnuþróunarfélags Suðurnesja. Við vinnu við umsókn jarðvangsins var unnið sameiginlega að kortlagningu áhugaverðra staða og gerð sameiginleg áætlun um uppbyggingu áfangastaða á Suðurnesjum, auk forgangsróðunar á þeirri uppbyggingu. Þá hefur jarðvangurinn jafnframt unnið að fræðsluáætlun og vöruþróun í tengslum við jarðvanginn.

Öll sú vinna sem fram hefur farið í tengslum við Reykjanes Geopark verður nýtt inn í áfangastaðaáætlun Reykjaness. Nú er verið að vinna við uppfærslu og endurskoðun á forgangsróðun uppbyggingar áfangastaða og mun ný forgangsróðun birtast í áfanga- staðaáætluninni.

Sóknaráætlun Suðurnesja og áhersluverkefni
Nokkur áhersluverkefni hafa verið unnin fyrir svæðið og flest þeirra tengjast ferðaþjónustunni á einhvern hátt og nýtast við gerð áfangastaða- áætlunar fyrir Reykjanesið. Meðal verkefna sem hafa verið unnin eru; Ímynd Reykjaness – Reykjanes, við höfum góða sögu að segja, markaðssetning svæðisins, fræðsla og vöruþróun í ferðaþjónustu, ráðstefnur á Reykjanesi og sameiginlegt viðburðadagatal fyrir svæðið.

Sviðsmyndir Suðurnesja
Nokkur sviðsmyndasamstarfsverkefni hafa verið unnin fyrir Suðurnesin og tengda aðila sem nýtast inn í gerð áfangastaðaáætlunar. Í sviðsmyndagreiningu fyrir Keflavíkur- flugvöll er sérstaklega tekið tillit til annars vegar ferðaþjónustu innan flugvallarsvæðis og hins vegar utan flugvallarsvæðisins.

Markaðsstefna
Árið 2014 var unnin stefnumótun í markaðssetningu fyrir áfangastaðinn Reykjanes. Þá voru skilgreind helstu áherslur svæðisins í markaðssetningu og mótuð stefna um markaðssetningu svæðisins í samstarfi við Reykjanes Geopark.

Árið 2018 gaf Markaðsstofa Reykjaness út markaðsgreiningu og markaðsstefnu fyrir svæðið sem verður lykilverkfæri í markaðssetningu á áfangastaðnum Reykjanesi.

5.3 MEGINMARKMIÐ

Markmið með áfangastaðaáætlun fyrir Reykjanesið er að setja fram eina samræmda áætlun um þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu á Reykjanesi á forsendum svæðisins og þeirra sem þar búa.

Unnið skal út frá styrkleikum svæðisins til að byggja upp og þróa annars vegar gæða áfangastaðinn Reykjanes og hins vegar þjónustu við alþjóðaflugvöllinn.

Til að ná markmiðum okkar fyrir Reykjanesið þurfum við að:

- Styrkja samstarf og samvinnu aðila.
- Kynna ímynd Reykjanessins og styrkleika svæðisins fyrir völdum markhópum.
- Búa til framúrskarandi upplifun fyrir gestinn.
- Ýta undir fjárfestingar og vöruþróun í ferðaþjónustu.
- Búa til og viðhalda stefnu í ferða- og markaðsmálum og meta árangur.



REYKJANES ER EINSTAKUR ÁFANGASTAÐUR

6 STEFNA OG AÐGERÐAÁÆTLUN

6.1 Hvernig ferðaþjónustu viljum við?

Staðfærsla Reykjanessins: „Reykjanesið er lífæð landsins þar sem ægifegurð fylgir þér hvert fótímal.”

Reykjanesið er einstakur áfangastaður á Íslandi sem einkennist af lífandi landslagi, orku náttúrunnar og mannlífi og fjölbreyttu menningarlífi.

Við bjóðum uppá fjölbreytta þjónustu við ferðamenn á svæðinu sem endurspeglar karakter svæðisins, er veitt af fagmennsku, ábyrgð og gæðum.

Áfangastaðurinn Reykjanes og ferðaþjónustan er atvinnugrein sem íbúar svæðisins eru stoltir af og eykur lífsgæði samfélagsins.

Áningarstaðir eru byggðir upp af alúð og fagmennsku, þannig að upplifun gesta er örvandi og jákvæð.

6.2 Helstu markaðir

Lagt er til að vinna nánar með Lífsglaða heimsborgarann og þá sér í lagi enskumælandi þjóðir; Bandaríkin, Bretland og Kanada.

Ferðamenn af þessum þjóðernum eru stórt hlutfall þeirra ferðamanna sem koma til Íslands (45,7%) og gista gjarnan á Reykjanesinu (44%).

Einnig eru bestu flugtengingarnar við þessi svæði.

Bandarískir, kanadískir og breskir ferðamenn eru mjög hrifnir af Reykjanesinu og því sem það hefur upp á að bjóða.

Það sem einkennir Lífsglaða heimsborgarann

- 25–50 ára með börn.
- Býr í þéttbýli.
- Menntun og tekjur yfir meðallagi .
- Notar samfélagsmiðla og deilir upplifun sinni.
- Tilbúinn að borga meira fyrir gæði og finnst gott að hafa nokkra valkosti um verð og þjónustu.
- Ber umhyggju fyrir náttúrunni.
- Fróðleiksfús, úthverfur, leitandi og vill láta ögra sér.
- Ferðalög eru hluti af lífsstílnum hans.
- Tísku- og merkjadrifinn.
- Til í að ferðast utan sumarmánaða.
- Til í að dvelja drjúgan tíma.

Bandarískir lífsglaðir heimsborgarar eru nýjungagjarnir og vilja tilbreytingu.

Kanadískir lífsglaðir heimsborgarar kjósa að ferðast í smærri hópum, eru verðnæmir og leita að áningarstöðum utan alfaraleiðar.

Breskir lífsglaðir heimsborgarar eru varkárir og kjósa leiðsögn.

Hafa þarf það í huga að enn á eftir að vinna nánar með markaðsgreininguna og móta stefnu í markaðsmálum fyrir svæðið.

Endurskoða þarf Áfangastaða-áætlunina með tilliti til þess.

6.3 Möguleikar svæðisins

Reykjanesið hefur möguleika til að byggjast upp sem gæðaáfangastaður á Íslandi – allt árið. Á sama tíma efla hag og tækifæri fyrirtækja til þróunar og nýsköpunar og bæta lífsgæði íbúa svæðisins.

Reykjanesið er landsbyggð og vaxtarsvæði, því fylgja áskoranir en jafnfram tækifæri sem ferðaþjónustan getur nýtt og haft áhrif á. Uppbygging áfangastaðar snýr ekki eingöngu að því að gera svæðið aðlaðandi fyrir ferðamenn, heldur ekki síst að því að gera svæðið að áhugaverðum stað til að búa á og upplifa fyrir heimamenn. Íbúar svæðisins eru bestu talsmennirnir fyrir svæðið og mikilvægur hlekkur í frekari þróun ferðaþjónustu á svæðinu.

Reykjanes UNESCO Global Geopark er vörumerki sem nýta má betur og vinna meira með bæði í markaðssetningu og vörupróun. Auk þess sem viðurkenningar á borð við Top 100 Sustainable Destinations 2017 og Earth awards 2018 gefa okkur meðbyr í frekari vinnu við þróun áfangastaðarins.

6.4 Lágmörkun neikvæðra áhrifa

Með reglulegum rannsóknum, eftirliti og eftirfylgni er hægt að fylgjast með þróun ferðaþjónustunnar og áhrifa hennar á samfélagið og umhverfið. Ef teikn eru á lofti um neikvæð áhrif hennar er hægt að bregðast við áður en neikvæðra áhrifa fer að gæta. Þetta á meðal annars við um þolmarkarannsóknir meðal íbúa og á áningarstöðum.

Upplýsingaflæði, fagmennska og gegnsæi í aðgerðum og framkvæmdum er lykillinn að jákvæðari upplifun á verkefnum ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er því að viðeigandi gögn og aðgengi að þeim og reglulegt samtal við hagaðila eigi sér stað.

6.5 AÐGERÐAÁÆTLUN

Hér á eftir verða listaðar upp helstu aðgerðir sem þörf er að fara í, í nán-ustu framtíð. Möguleg uppfærsla er þörf við endurskoðun áætlunarinnar.

6.5.1 Uppbygging innviða

Þegar rætt er um og farið er að skoða uppbyggingu innviða næstu árin á Reykjanesi þá er horft til nokkurra þátta; náttúra og umhverfi, gögn og rannsóknir, mannauður, samgöngur, upplýsingar og öryggi og vörupróun.

Mikilvægt er að vinna með þessa þætti til að ná jafnvægi við uppbyggingu og þróun í ferðamálum á svæðinu. Nánar verður farið í aðgerðir þessara þátta hér í framhaldinu.



Mynd 20: Þættir sem einkenna uppbyggingu innviða á Reykjanesi

6.5.1.1 Umhverfismál og uppbygging áningarstaða

Náttúra og umhverfi Reykjanesskagans er einstakt og lykilþáttur í ferðaþjónustu á svæðinu. Öll þjónusta og vörupróun tengist náttúrunni með einum eða öðrum hætti og því mikilvægt að hafa það í huga þegar horft er til framtíðarþróunar áfangastaðarins Reykjaness.

Reykjanes Unesco Global Geopark

Ábyrgð, framkvæmd og eftirfylgni Reykjanes Geopark **Samstarfsaðilar:** stofnaðilar jarðvangsins, sveitarfélög á svæðinu, tengdar ríkisstofnanir, Heklan atvinnu-þróunarfélag Suðurnesja, Markaðsstofa Reykjaness, landeigendur ofl.

Reykjanes Geopark fékk aðild að Global Geoapark Network í lok árs 2015 og í framhaldinu viðurkenningu og vottun UNESCO það sama ár. Á fjögurra ára fresti þurfa jarðvangar

að ganga í gegnum endurskoðun á vegum UNESCO Global Geopark til að fá að halda vottun og taka þátt í verkefnum samtakanna.

Árið 2019 fer jarðvangurinn því í gegnum endurskoðun hjá UNESCO. Við endurskoðun eru nokkrir þættir hafðir í huga bæði í prenti en ekki síst í úttekt á svæðinu.

Mikilvægt er að jarðvangurinn sé ávallt að þróast og vinna að markmiðum byggðaþróunar og sjálfbærni svæðisins.

Áhersla verður lögð á að jarðvangurinn uppfylli þá þætti sem lagðir eru fyrir og að það sé sýnilegt.

Leiðir til árangurs

- Meiri sýnileiki Reykjanes Geopark á svæðinu.
- Uppsetning skipulags.
- Sýnileiki verkefna.
- Aukið samstarf við fyrirtæki.
- Uppbygging á áningarstöðum.
- Fræðslu og upplýsingar á áningarstöðum.
- Uppfært skipurit og stjórnunarstefna.
- Markaðssetning Reykjanes Geopark.

Mat á árangri

- Fjöldi uppfærðra og uppsettra skilta á svæðinu.
- Fjöldi uppbyggðra áningastaða.
- Uppsett skipurit og stjórnunarstefna.
- Markaðsstefna fyrir Reykjanes Geopark.
- Fjöldi byggðaþróunarverkefna sem Geopark er þátttakandi.

Uppbygging áningarstaða

Ábyrgð, framkvæmd og eftirfylgni: Reykjanes Geopark, sveitarfélög á svæðinu, landeigendur.


Stefna Reykjanes Unesco Global Geopark er leiðarljós í byggðapróun tengdri ferðapjónustu og umhverfis-málum á svæðinu. Reykjanes Geopark er jafnframt samstarfsvettvangur sveitarfélaga og leiðandi aðili í um-hverfisverkefnum svæðisins.

Reykjanes Geopark hefur listað upp 55 staði sem tengjast flekaskilunum og sögu Reykjanesskagans og eru merktir sérstaklega sem „geosites” eða áhugaverðir staðir á Reykjanesskaganum. Auk þessa hafa sveitarfélögin listað upp þá staði og svæði sem þau leggja áherslu á í uppbyggingu og þróun áhugaverðra staða sem eru mikilvægir fyrir sögu og menningu innan sveitarfélaganna.

Þá hefa jafnframt verið skilgreind ákveðin lykilsvæði/seglar sem horft er til í uppbyggingu áningarstaða sam-kvæmt eftirfarandi mynd. Svæðin eru valin út frá tengingunni við flekaskilin í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu. Mikilvægt er þó að halda til haga að uppbygging fer einnig fram utan þessa svæða í samráði við hagaðila, þó sam-eiginleg áhersla svæðisins sé þessi.

Val á jarðvættum og minjum

Reykjanes Geopark hefur skilgreint 55 staði sem jarðvætti og / eða minjar (e. geosite). Jarðvættunum og minjunum er nánar lýst í töflu hér að neðan. Listinn er upphaflega frá árinu 2012 og uppfærður 2015 í tengslum við umsókn Reykjanes Geopark að Global Geoparks Network. Rétt er að hafa í huga að 55 staðir eru nokkuð há tala á ekki stærra svæði. Reykjanesskaginn er hins vegar merkilegt svæði með einstakar minjar sem vilji er til að gæta að fyrir komandi kynslóðir.



Mynd 21: : Áherslusvæði uppbyggingar innan Reykjanes Geopark

Þar af leiðandi verður lögð meiri áhersla á ákveðna staði en minni á aðra til að byrja með.

Hér á eftir er farið yfir þætti sem horft er til við forgangsróðun uppbyggingar á áningarstöðum. Lista yfir jarðvætti og minjar innan Reykjanes Geopark og annarra svæða og forgangsróðun í uppbyggingu áningarstaða má finna í viðauka 9.

Tegund jarðvætta og minja

Öll jarðvætti og minjar hafa verið hnitsett með GPS punktum, jafnvel þau sem skilgreind eru sem svæði. Þá er reynt að miða við að velja hnit til að auðvelda aðgengi og tryggja gestum sem besta upplifun, jafnvel þó svo um stærra svæði sé að ræða.

- Einstakur staður (ES) (e. Point): Lítið jarðvætti og/eða minjar, ekki stærri en 1 ha.
- Flokkur (FL) (e. Section): Staðir eða svæði sem sýna staðbundna tímalega þróun.
- Svæði (SV) (e. Area): Stór staður sem er aðeins áhugaverður út frá einu gildi.
- Flóknara svæði (FS) (e. Complex area): Stærra jarðvætti og/eða minjar með ákveðna einsleitni. Svæðið er oft samsett af nokkrum stöðum, flokkum eða útsýnisstöðum.
- Útsýnisstaður (ÚS) (e. viewpoint): Útsýnisstaður inniheldur tvo þætti, þ.e. stórt svæði sem þykir áhugavert og stað þar sem hægt er að skoða svæðið.

Mikilvægi

Mikilvægi jarðvætta og minja er skipt í þrjá flokka:

- Alþjóðlegt (ALP)
- Á landsvísu (LAN)
- Svæðisbundið (SVÆ)

Jarðvættir og/eða minjar er staður þar sem ýmsir sýnilegir þættir jarðfræði og landmótunar svæðis eru mikilvægir til að útskýra og skilja sögu jarðar og eru nýttir í því skyni, nú eða síðar. Einnig kunna staðirnir að vera mikilvægir menningarsögu eða hafa gildi fyrir náttúruvísindi. Mikilvægi jarðvætta og minja er m.a. metið út frá fagurfræði, gildi staðanna fyrir rannsóknir og fræðslu auk skrifum um viðkomandi stað í fagtímarit.

Gildi

Þegar litið er til gildis eða verðmæta jarðvætta og minja er þeim skipt í þrjá flokka og þeir metnir út frá því hver kunni að hafa mestan hag af þeim. Flokkarnir sem um ræðir eru vísindi (VÍS), fræðsla (FRÆ) og ferðapjónusta (FER). Einhver jarðvætti og/eða minjar falla einungis í einn þessara flokka á meðan önnur kunna að tilheyra tveimur eða þremur.

- Vísindi (VÍS): Staðurinn hefur gildi fyrir vísindin, er heimsóttur af vísindafólki og/eða hefur verið umfjöllunarefni í fræðigreinum/ritgerðum.
- Fræðsla (FRÆ): Einkenni staðarins henta til fræðslu og kennslu á þann hátt að einstaklingar sem ekki hafa bakgrunn í vísindum geta með heimsókn á staðinn aukið við þekkingu sína, t.d. skólahópar.

- Ferðapjónusta (FER): Staður með fagurfræðilegt gildi. Um er að ræða stað sem ferðamenn heimsækja óháð áhuga þeirra á vísindum.

Rétt er að hafa í huga að gildi jarðvætta og/eða minja getur breyst. Þannig verða staðir áhugaverðari með góðum upplýsingum og innviðum.

Verndarákvæði

Verndarákvæði jarðvætta og/eða minja innan Reykjanes Geopark er mismunandi og fylgja íslenskum lögum og reglugerðum. Ráðherra skal gefa út náttúrminjaskrá á fimm ára fresti og birtir með auglýsingu í Stjórnartíðindum þegar Alþingi hefur samþykkt þingsályktun um framkvæmdaáætlun. Birta má hvenær sem er ákvarðanir um nýskráningu náttúruminja á skrána og ákvarðanir um friðlýsingu eða friðun. Þar af leiðandi munu eftirfarandi flokkar taka breytingum eftir því sem náttúruminjaskrá breytist.

Tegund verndunar innan Reykjanes Geopark er eftirfarandi:

- Friðland (FL): Friðlýsa má afmörkuð landsvæði sem friðlönd til að vernda tiltekna vistgerðir og búsvæði og styrkja verndun tegunda lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu samkvæmt útgefnum válistum eða til að vernda lífríki sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt. Takmarka má umferð um friðlönd á vissum tímum árs eða tilteknum stöðum.

- Fólkvangur (FV): Fólkvangar eru stofnaðir að frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga. Skal verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

- Sérstök vernd samkvæmt lögum um náttúruvernd (LN): Ákveðnar jarðminjar njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, m.a. eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

- Hverfisvernd (HV): Í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi sveitarfélaga er heimilt að kveða á um vernd á ákveðnum svæðum, t.d. eldri byggð, menningarsögulegum minjum og náttúruminum.

- Friðaðar og friðlýstar fornminjar (FF): Fornminjar, 100 ára og eldri, eru sjálfkrafa friðaðar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Friðlýsa má minjar sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.

- Aðrar mikilvægar náttúruminjar (AN): Náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Forðast ber að raska þessum svæðum eða náttúrumyndunum nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.

Ógnanir

Umfang, eðli og ástand jarðvætta og/eða minja er eins misjafnt og þau eru mörg. Margt kann að hafa neikvæð áhrif á gildi þeirra þó svo áhrif mannlegra umsvifa séu líklega mest. Við mat á ástandi svæða er tekið mið af þeim ógnum sem steðja að svæðinu í dag eða náninni framtíð vegna mannlegra umsvifa, t.d. ef fjöldi gesta eykst. Jarðvættum og minjum er skipt í þrjá flokka eftir því hversu mikil ógnin er:

- Mikil ógn (3): Jarðvættinu og/eða minjunum stafar, eða gæti stafað ógn af nokkrum þáttum mannlegra umsvifa.
- Nokkur ógn (2): Jarðvættinu og/eða minjunum stafar, eða gæti stafað ógn af mannlegum umsvifum.
- Lítil ógn (1): Jarðvættinu og/eða minjunum stafar óveruleg eða engin ógn af mannlegum umsvifum, hvorki nú né í náninni framtíð.

Aðgengi

Aðgangur að jarðvættum og/eða minjum innan Reykjanes Geopark er misjafn og upplýsingar um aðkomuleiðir ekki alltaf til staðar. Flokkun á aðgengi er háð því hvernig ýmsir flokkar spilast saman, s.s. merkingar, bílastæði, stígar, gönguleiðir og hindranir.

- Aðgengilegt öllum (1): Góð aðkomuleið, gott bílastæði, stígar aðgengilegir hjólastólum og merkingar vísa á áhugaverðan stað.

- Aðgengilegt flestum (2): Aðkomuleið viðunandi, bílastæði viðunandi, stígar færir flestum og einhverjar merkingar eru á svæðinu.
- Krefjandi aðgengi (3): Aðkomuleið ekki fær öllum bílum, bílastæði ekki til staðar, ganga þarf á staðinn og takmarkaðar merkingar eru á svæðinu.
- Erfitt aðgengi (4): Aðkomuleið ekki til staðar eða illfær, bílastæði ekki til staðar, krefjandi ganga á staðinn og engar merkingar eru á svæðinu.

Forgangur

Sveitarfélög á Reykjanesi og Reykjanes Geopark hafa ákveðið þrjá forgangsflokka þegar kemur að uppbyggingu innviða í nágrenni jarðvætta og/eða annarra minja. 1. flokkur hefur mestan forgang, 3. flokkur minnstan.

6.5.1.2 Mannauður – fræðsla – þekking

Ábyrgð, framkvæmd og eftirfylgni: Fræðsluaðilar, Reykjanes Geopark, Markaðsstofa Reykjaness. **Samstarfsaðilar:** Sveitarfélög, fyrirtæki, Heklan.

Mikilvægt er að byggja upp gæði þjónustu sem veitt er á svæðinu til að bæta upplifun gesta á svæðinu. Til þess þarf m.a. að bæta í fræðslu og byggja upp þekkingu starfsmanna og fyrirtækja á svæðinu.

Leiðir til árangurs

- Fjölga fyrirtækjum á Reykjanesi í Vakanum, gæða- og umhverfiskefi ferðaþjónustunnar.
- Fjölga Geoparkfyrirtækjum og aðildarfélögum í Markaðsstofu Reykjaness.
- Virkja samstarf við fræðsluaðila á svæðinu um námskeið og fræðslu í ferðaþjónustu.

Mat á árangri

- Fjöldi samstarfsfyrirtækja Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjaness.
- Fjöldi fyrirtækja á Reykjanesi í Vakanum.
- Fjöldi námskeiða og þátttakenda
- Viðhorfs- og ánægjukannanir meðal gesta og starfsmanna í ferðaþjónustu.

6.5.1.3 Gögn og rannsóknir

Ábyrgð, framkvæmd og eftirfylgni: Reykjanes Geopark, Markaðsstofa Reykjaness. **Samstarfsaðilar:** Sveitarfélög, fyrirtæki, Heklan.

Áreiðanleg gögn og rannsóknir á ferðaþjónustu á svæðinu er mikilvægur grunnur fyrir jákvæða þróun ferðaþjónustu á svæðinu til framtíðar.

Gögn sem nú þegar eru til gefa takmarkaða mynd af stöðu svæðisins og erfitt er að greina þróun milli ára.

Leiðir til árangurs

- Kortleggja fyrirliggjandi gögn.
- Óska eftir gögnum greindum niður á landshluta.
- Skilgreina og aðgreina Reykjanesið sem landshluta í öllum rannsóknum.
- Framkvæma kannanir eins og ferðahegðun og viðhorfskannanir.

Mat á árangri

- Fleiri gögn um ferðamál á Reykjanesi.
- Reykjanesið betur skilgreint sem landshluti í gögnum.
- Fjöldi rannsókna um ferðamál og Reykjanesið.

6.5.1.4 Verðmætasköpun og vöruþróun

Ábyrgð, framkvæmd og eftirfylgni: Reykjanes Geopark, Markaðsstofa Reykjaness. **Samstarfsaðilar:** Sveitarfélög, fyrirtæki, Heklan. Mikilvægur hlekkur í efnahagslegum ábata af ferðaþjónustunni er frekari vöruþróun og verðmætasköpun innan greinarinnar. Að lágmarka hagleka, þannig að tekjur verði eftir á svæðinu.

Leiðir til árangurs

- Að fjölga vörum sem framleiddar eru í héraði.
- Að fjölga merktum vörum sem framleiddar eru í héraði.

- Að fjölga vörum merktum Reykjanes Geopark.
- Að fjölga afþreyingarmöguleikum.
- Að fjölga samstarfsverkefnum sem styðja við frekari vöruþróun á svæðinu.
- Virkja samstarfsfleti fyrir ferðaþjónustuaðila og stuðla að vöruþróun/nýsköpun í greininni.

Mat á árangri

- Fjöldi vara sem framleiddar eru á svæðinu.
- Fjöldi merktra vara sem framleiddar eru á svæðinu.
- Fjöldi merktra vara sem Reykjanes Geopark vörur.
- Fjöldi nýrra afþreyingarmöguleika.
- Fjöldi nýrra samstarfsverkefna.

6.5.1.5
Upplýsingar og öryggi

Upplýsingamiðstöðvar og gestastofur
Ábyrgð, framkvæmd og eftirfylgni:
Reykjanes Geopark, Markaðsstofa Reykjaness. **Samstarfsaðilar:**
Sveitarfélög, fyrirtæki, Isavia.

Reykjanes Geopark og Markaðsstofa Reykjaness hafa unnið að uppsetningu gestastofa á Reykjanesinu sem starfa jafnframt sem upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn.

Stefnt er að því að setja upp netverk starfstöðva í tengslum við upplýsinga- og/eða gestastofur í öllum sveitarfélögum á Reykjanesi. Allt frá því að vera ómannaðar upplýsingalausnir í fulla þjónustu upplýsingamiðstöðvar. Þegar átt er við ómannaðar lausnir þá er um að ræða bæklinga- og upplýsingaeiningar.

Vinna þarf að frekari samvinnu milli stöðva og virku samtali starfsmanna milli stöðva auk samtals við ferðaþjónustuaðila. Staðfestar stöðvar, uppsettar árið 2018:

- Reykjanesbær - Gestastofa Reykjanes Geopark og Landshlutamiðstöð, mönnuð þjónusta og bæklingadreifing.
- Grindavíkurbær - Bæklingastandur og upplýsingaskjái í verslunarmiðstöðinni Víkurbraut 62 og í þjónustuhúsi á tjaldsvæði Grindavíkur.
- Sveitarfélagið Vogar - Bæklingastandur og upplýsingaskjái á starfstöð sveitarfélagsins við lðndal.

- Sveitarfélagið Garður - Bæklingastandur og upplýsingaskjái í Byggðasafninu á Garðskaga.
- Sandgerðisbær - Bæklingastandur og upplýsingaskjái í Þekkingasetrinu í Sandgerði.
- Keflavíkurflugvöllur – Isavia rekur. upplýsingaþjónustu fyrir flugfarþega í flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Óstaðfestar stöðvar, til skoðunar: Verið er að vinna í öðrum staðsetningum hjá sveitarfélögum eins og í sundlaugum og tengdum stofnunum. Eins er áhugi einkaaðila mikill á slíkum stöðvum.

Leiðir til árangurs

- Að virkja samtal milli upplýsingamiðstöðva, gestastofa og öryggisstöðva.
- Að vinna að samþættingu/samstarfi starfsstöðva.
- Að móta samstarfsvettvang fyrir starfsstöðvar/starfsmenn.

Mat á árangri

- Fjöldi stöðva uppsettar á svæðinu.
- Virk tenging milli stöðva.

Landvarsla

Ábyrgð, framkvæmd og eftirfylgni:
Reykjanes Geopark, Umhverfisstofnun **Samstarfsaðilar:** Reykjanes fólkvangur, sveitarfélög á svæðinu.

Umhverfisstofnun skipar einn landvörð sem hefur Reykjanesið í umsjá sinni og er starfsstöð hans í Vestmannaeyjum.

Einn landvörður starfar í Reykjanes fólkvangi yfir sumarmánuðina.

Umhverfisráðuneytið lagði til auka fjármögnun til að styrkja landvörslu um land allt árið 2017. Um var að ræða tímabundið verkefni og fékk Reykjanesskaginn tvo landverði í 16 vikur til að hafa umsjón með svæðum á Reykjanesi utan friðlýstra svæða.

Landverðirnir störfuðu til áramóta 2017/2018 og skiluðu af sér stöðuskýrslu í kjölfarið. Mikilvægt er að efla landvörslu á svæðinu og markmiðið að fá tvo heilsárs starfsmenn til að sinna svæðinu.

Reykjanes Geopark vinnur að því í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu að Reykjanesið fái tvær stöður landvarða á Reykjanesinu.

Mat á árangri

- Fjöldi landvarða starfandi á svæðinu.

Viðbragðsáætlanir

Ábyrgð, framkvæmd og eftirfylgni:
Reykjanes Geopark, Markaðsstofa Reykjaness. **Samstarfsaðilar:**
Almannavarnir, björgunarsveitir og slysavarnarfélög á svæðinu, sveitarfélög á svæðinu.

Reykjanesið er áfangastaður með lifandi náttúru og landslagi. Með fjölgun ferðamanna og gesta um svæðið og frekari uppbyggingu á áningarstöðum er þörf á upplýsingagjöf um öryggismál og æskilega hegðun innan svæðisins.

Þá er einnig mikilvægt að vinna að viðbragðsáætlunum til að tryggja að ávallt sé rétt brugðist við þegar breytingar verða á aðstæðum, bæði á fjölförnum og ekki síður fáfarnari áningarstöðum innan svæðisins.

Tryggja þarf að ávallt sé fyllsta öryggis gætt og að aðstæður séu metnar út frá öryggi og upplýsingar um aðstæður komist út til viðeigandi aðila.

Leiðir til árangurs

- Vinna að viðbragsáætlunum fyrir áningarstaði innan svæðisins.
- Uppsetning viðbragðsáætlana.
- Að koma á virku samstarfi hagaðila.

Mat á árangri

- Fjöldi viðbragðsáætlana.



Gönguleið upp að Gunnuhver

6.5.1.6
Samgöngumál

Framkvæmd, ábyrgð og eftirfylgni: Reykjanes Geopark, sveitarfélög, Vegagerðin. **Samstarfsaðilar:** Umhverfisstofnun, Minjastofnun, Reykjanes fólkvangur ofl.

Stjórn Reykjanes UNESCO Global Geopark hefur unnið með forgangsverkefni um samgöngur á Reykjanesi frá árinu 2016 í kjölfar fyrirspurnar Stjórnstöðvar ferðamála þar að lútandi. Lögð er áhersla á þrennt þegar kemur að samgöngubótum fyrir ferðamenn og íbúa á Reykjanesi.

1. Tvöföldun Reykjanesbrautar
Samkvæmt aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024 er gert ráð fyrir að lokið verði við að tvöfalda Reykjanesbraut að Rósaselstorgi. Samhliða því er gert ráð fyrir mislægum gatnamót við Þjóðbraut. Mikil slysaætta myndast þegar ökutæki þvera Reykjanesbrautina.

Alltof mörg dæmi eru um slys annars vegar við gatnamót Aðalgötu og Reykjanesbrautar og hins vegar við gatnamót Þjóðbrautar og Reykjanesbrautar. Það er því afar brýnt að ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautar að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en um hana fara nærri allir ferðamenn sem koma til landsins auk starfsfólks á flugstöðvarsvæðinu.

2. Fjölgun útskota
Fjölga þarf útskotum á flestum vegum á Suðurnesjum, t.d. Suðurstrandarvegi (427), Nesvegi (425), Hafnavegi (44), Garðskagavegi (45), Norðurljósavegi (426) og Vatnsleysustrandarvegi (420). Umferðarálag hefur aukist verulega á öllum vegum á Suðurnesjum undanfarin ár allt árið um kring. Málið er brýnt enda skapast mikil slysaætta þegar ferðamenn eða áhugafólk stöðvar ökutæki sín á þröngum vegunum þar sem engin aðstaða er til staðar. Fyrirliggjandi eru tillögur að útskotum t.d. á Suðurstrandarvegi.

3. Bætt vetrarþjónusta
Vegna aukinnar umferðar á öllum vegum á Suðurnesjum er þörf á að fjölga snjómokstursdögum þegar það á við og bæta hálkurnir. Sérstaklega á þetta við um Suðurstrandarveg (427), Nesveg (425), Hafnaveg (44) og Reykjanesvitaveg (443) en þessir vegir tengja vinsæla ferðamannastaði yst á Reykjanesi, Valahnjúk, Gunnhver, Brimketil og Brú milli heimsálfa, við þéttbýlisstaði á Reykjanesi og höfuðborgarsvæðið. Geoparkinn hefur sett þá staði í forgang hvað uppbyggingu varðar.

Þannig má benda á að Reykjanesið er sá landshluti sem er með minnstu árstíðarsveifluna hvað varðar fjölda ferðamanna fyrir utan höfuðborgarsvæðið.

Þrátt fyrir að þessi þrjú atriði hafi verið sett í forgang má sjá áherslur sveitarfélaganna á Suðurnesjum í samgöngumálum í umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um Samgönguáætlun 2015-2018. Þar segir m.a.:

- Mikill straumur ferðamanna um Reykjanesið kallar á að vegakerfið þar verði bætt. Sérstaklega er horft á veg að vita við Valahnúk. Reykjanesbær hefur þegar komið að uppbyggingu á hluta þessa vegar en klára þarf þennan spotta.

- Laga þarf veg inn að Höskuldarvöllum og Keili.

- Laga þarf veg inn að Húshólma.

- Laga þarf veg að Brú milli heimsálfa, sérstaklega fyrir rútur sem eiga í miklum erfiðleikum með beygjuna.

- Laga aðgengi að Gunnhver.

- Klára að leggja bundið slitlag við Kleifarvatn.

- Reykjanes Geopark fái sömu heimildir til að setja upp vegvísa og upplýsingar á útskotum líkt og Katla Geopark.

Í áherslum Grindavíkurbæjar um ferðamannavegi segir einnig:

- Að sett verði bundið slitlag á veginn frá Reykjanesvirkjun að Reykjanesvita (er að mestu lokið).

- Að áfram verði unnið að lagningu bundins slitlags á Krýsuvíkurveg (Reykjanes UNESCO Global Geopark, 2016).

Mat á árangri

- Tvöföldun Reykjanesbrautar.

- Fjöldi útskota.

- Vetrarþjónusta á Suðurstrandarveg, Nesveg, Hafnarveg og Reykjanesvitaveg.

- Lagfæring á vegum að áningarstöðum.

- Bundið slitlag lagt við Kleifarvatn.
- Fjöldi vegvísa og upplýsingar á útskotum.

- Bundið slitlag að Reykjanesvita.

- Bundið slitlag á Krýsuvíkurveg.

6.5.2
Áherslur í markaðsmálum

Framkvæmd, ábyrgð og eftirfylgni: Markaðsstofa Reykjaness **Samstarfsaðilar:** Islandsstofa, markaðsstofur landshlutanna, Reykjanes Geopark, sveitarfélög, ferðaþjónustufyrirtæki ofl.

Markaðsgreiningu og staðfærslu er lokið fyrir áfangastaðinn Reykjanes. Mikilvægt er að fylgja því eftir með því að móta stefnu í markaðsmálum og vinna út frá markaðsgreiningunni.

Leiðir til árangurs

- Vinna að stefnumótun í markaðssetningu fyrir áfangastaðinn Reykjanes.

- Að vinna að frekara samstarfi milli stoðstofnana og sveitarfélaga.

- Að vinna að bættu samstarfi við ferðaþjónustuaðila.

Mat á árangri

- Fullunnin stefnumótun í markaðssetningu fyrir áfangastaðinn Reykjanes.

HELSTU MÆLIKVARÐAR

7 MÆLIKVARÐAR

Helstu mælikvarðar sem geta gefið okkur vísbendingar um stöðu áætlana og aðgerða:

Gistinætur

Fjöldi gistinátta, nýting og þróun hefur verið einn mælikvarði á þróun ferðapjónustu á svæðinu. Skoða þarf tölurnar sérstaklega út frá aðstæðum áfangastaðarins og nálægðar við flugvöllinn.

Meðalfjöldi gistinátta

Meðalfjöldi gistinátta segir til um hversu lengi gestir dvelja á svæðinu, sem gerir þennan mælikvarða einn lykil mælikvarða fyrir áfangastaðinn.

Umferðartalningar

Nýttar til að meta umferð og hegðun á áningarstöðum. Hversu margir heimsækja staðinn, á hvaða tímum ársins og á hvaða tímum dagsins.

Fjöldi uppbyggðra áningarstaða

Fjöldi áningastaða og uppsettra fræðsluskilta er einn mælikvarði á mat á árangri við uppbyggingu innviða.

Fjöldi námskeiða í ferðapjónustu

Fjöldi námskeiða og þátttakenda í námskeiðum er einn mælikvarði á uppbyggingu innviða þegar kemur að mannauði í ferðapjónustu.

Fjöldi fyrirtækja í Vakanum og Geopark fyrirtæki

Fjöldi fyrirtækja sem gerast þátttakendur í vakanum og skrá sig sem Geoparkfyrirtæki geta gefið okkur vísbendingar um staðfærslu fyrirtækjanna í því að vera virkir þátttakendur í ábyrgri þróun ferðapjónustunnar á svæðinu og til að auka gæði þjónustunnar á svæðinu.

Ferðahegðun

Kannanir um hegðun gesta innan svæðis gefa mynd af því hvað gestir svæðisins gera, hvaða þjónustu þeir nýta, hversu lengi þeir dvelja og eyðslu þeirra.

Þolmarkarannsóknir

Meta þarf þolmörk áningarstaða, náttúrunnar og samfélagsins reglulega til að tryggja uppbyggingu og þróun ferðapjónustunnar á svæðinu. Unnið er út frá mælikvörðum Umhverfisstofnunar eða með sérstökum rannsóknum innan svæðisins.

Viðhorfskannanir

Með því að kanna viðhorf íbúa og gesta til ferðapjónustunnar með reglubundnum hætti er hægt að tryggja að ferðapjónustan sé byggð upp í sátt við samfélagið.

VERKEFNASTJÓRN STOFNANA OG SVEITARFÉLAGA

8 KOSTNAÐUR, MANNAFLÍ OG ÚRRÆÐI

Aðgerðir sem farið hefur verið yfir í köflunum hér á undan er erfitt að meta hvað snertir kostnað, mannafla og úrræði, þar sem hvert þessara mála er einstakt og leita þarf eftir tilboðum og sérfræðiaðstoð við flestar aðgerðir.

Verkefnastjórn er yfirleitt í höndum stofnana á svæðinu og hjá sveitarfélögum.

Uppbygging áningarstaða
Líkt og fram kemur í köflum 3.6.2 og 6.5.1 er uppbygging áningarstaða, þ.e. skipulag, hönnun, undirbúningur framkvæmda, framkvæmdir og fjármögnun á ábyrgð Reykjanes Geopark. Hvert verkefni er metið sérstaklega og unnið í samráði við haghafa.

Aðilar að Reykjanes Geopark leggja árlega til fjármagn í framkvæmdasjóð. Fjármagnið er nýtt sem mótframlag í tengslum við umsóknir í stærri sjóði, m.a. Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Þá eru tveir áningarstaðir skilgreindir í drögum að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum til næstu þriggja ára.

Ekki hefur farið fram kostnaðarmat í tengslum við forgangsörðun framkvæmda.

Framkvæmd, ábyrgð og eftirfylgni er í höndum Reykjanes Geopark en samstarfsaðilar eru m.a. Markaðsstofa

Reykjaness, sveitarfélög, landeigendur, Umhverfisstofnun, Minjastofnun, Vegagerðin o.fl.

Samgöngumál
Flest verkefnanna sem snúa að samgöngumálum snúa að aðgerðum og fjármögnun ríkis og Vegagerðar í samstarfi/samtali við hagaðila á svæðinu. Ekki verða þau verkefni sérstaklega metin hér.

Önnur verkefni fá sömu meðferð og uppbygging áningarstaða sem farið er yfir hér á undan og er unnið af Reykjanes Geopark í samstarfi við hagaðila.

Markaðsmál
Markaðsstofa Reykjaness er samstarfsvettvangur Reykjanesskagans í markaðssetningu á ferðaþjónustu svæðisins. Helsta hlutverk markaðsstofunnar er að samræma markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustunnar á Reykjanesi og markaðssetja Reykjanesið sem ákjósanlegan áfangastað fyrir ferðamenn.

Unnið hefur verið markaðsgreining fyrir svæðið og staðfærsla er í vinnslu. Ljóst er að töluverð vinna er framundan fyrir svæðið sem kallar á mikla heimavinnu innan svæðis og innanlands. Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir að svo komnu.

Útsýni yfir Brimketil



HEIMILDASKRÁ

